

# FRÉTTA BLAÐIÐ

FRÍTT

16. mars 2005 – 73. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000



MIÐVIKUDAGUR



**TEKJURNAR AUKAST** Tekjur Ríkisútvarpsins aukast um 400 milljónir á ári með nýjum nefskatti sem koma á í stað afnotagjalda, samkvæmt lagafrumvarpi menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið. Sjá síðu 4

MEIRIHLUTINN SPRUNGINN

Semja þarf um meirihlutasamstarf í bæjarstjórn Blönduóss í þriðja sinn frá kosningum 2002. Meirihluti Sjálfstæðisflokks og H-lista vinstrimanna og óháðra sprakk á mánudag. Sjá síðu 2

NÁNAST ÓFÆRT FYRIR HORN

Þéttur ís liggur upp að landi við Hornströnd og Bjargir en þar má þó sigla um ef menn gæta að sér, segir flugmaður Landhelgisgæslunnar. Mikill ís er við Grímsey og hefur verið lokað fyrir höfnina. Sjá síðu 2



**VÍÐA ÉLJAGANGUR** Síð þó við suður- og vesturströndina. Áfram frost um allt land á bilinu 1-8 stig, mildast syðst. Sjá síðu 4



DAGURINN Í DAG

**UMHVERFISVERND Í STJÓRNARSKRÁ** Ole Kristian Fauchald, sérfræðingur í umhverfisrétti, fjallar um reynslu Norðmanna af umhverfisréttarákvæði í norsku stjórnarskránni í Lögbergi í Háskóla Íslands klukkan 12.15.

Kvikmyndir	26	Myndlist	24
Tónlist	24	Íþróttir	20
Leikhús	24	Sjónvarp	28

**uppgrip**  
fyrir þig

**Morgunmatur**

Samloka & gos 380 kr.

**olis**

## Tvöfalt fleiri börn greind með átröskun

Fjöldi nýrra beiðna vegna barna með átraskanir tvöfaldaðist á síðasta ári hjá barna- og unglingageðdeild. Þá fóru þær upp í 30. Nýjar beiðnir á fullorðinsgeðdeildum hafa verið um 60 á ári síðastliðin ár.

**HEILBRIGÐISMÁL** Barna- og unglingageðdeild Landspítalans þurfti að fást við tvöfalt til þrefalt fleiri tilfelli átröskunar í fyrra en næstu ár á undan. Nýjar beiðnir vegna sjúkdómsins hafa verið tíu til fimmtán á ári að meðaltali þar til á síðasta ári, þegar þær voru þrjátíu talsins.

Meðferð vegna átröskunar tekur mörg ár og stundum reynist hún árangurslaus, þannig að sjúkdómurinn leiðir viðkomandi með einum eða öðrum hætti til bana.

Fjöldinn hefur verið nokkuð svipaður undanfarin ár á fullorðinsgeðdeildinni, segir Eydís Sveinbjarnardóttir, sviðstjóri geðsviðs Landspítala - háskólasjúkrahúss.

„Tölur á barna- og unglingageðdeild sýna einkum fjölgun

milli 2003 og 2004,“ segir Eydís en bætir við: „Það ber að varast að ofþúlka þær tölur þar sem þær sýna einungis breytingu milli tveggja ára en ekki á lengra tímabili.“

Eydís segir marga fá vægar átraskanir og þeir sækja ekki þjónustu á geðsviði. „Fólk fær þá þjónustu á heilsugæslustöðvum, á stofnunum sálfræðinga og annarra fagmanna úti í bæ. Jafnvel endurskoða sumir lífsstíl sinn sjálfir og sækja enga þjónustu. Hjá þeim sem sækja þjónustu á geðsviði er sjúkdómurinn kominn á alvarlegra stig.“

Spurð hversu mörgum slíkum sjúklingum geðsviðið gæti tekið á móti á hverjum tíma segir Eydís að fjármagn vanti til þess að hægt

sé að sinna þeim einstaklingum sem leita til geðsviðsins eins og þarf.

„Við sinnum öllum bráðakomum. Það sem þarf er að það starfsfólk sem hefur þjáfað sig og sérmenntað sig til að sinna þessum sjúklingahóp fái að gera það nær eingöngu,“ segir Eydís en bætir við að ef slíkt yrði gert nú myndi önnur þjónusta á geðsviði líða fyrir það.

Að undanförunu hefur verið unnið að því að koma upp göngu- og deildarþjónustu fyrir átröskunarsjúklinga á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Eydís sagði að það þyrfti 16-18 milljónir króna á ári til að koma upp viðunandi göngu- og dagdeildarþjónustu.

- jss



**HALDIÐ UPP Á ÁRAMÓTIN** Íranar fagna því um þessar mundir að persneska árinu mun senn ljúka. Hátiðahöld undir lok þess nefnast Chachar-Shanbe Suri og fara mjög fyrir bjóstið á mörgum islömskum klerkum, sem kalla hátiðahöldin heiðinn sið. Það kom ekki í veg fyrir að ungir piltar gerðu sér að leik að stökkva yfir eld, en þessi lenti þó í heldur meiri vanda en félagar hans.

Húsleitir lögreglu í fyrrakvöld:

## Fjórir handteknir með barnaklám

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir menn voru handteknir í fyrrakvöld eftir að lögregla í Reykjavík, Kópavogi og Akureyri fann talsvert magn barnakláms við húsleitir sem gerðar voru eftir ábendingu frá lögreglunni í Finnlandi. Voru ellefu tölvur gerðar upptækar og er verið að fara yfir það efni sem í þeim vélum er.

Mennirnir voru látnir lausir eftir yfirheyrslur en upplýsingarnar um þá bárust frá Finnlandi þar sem rannsóknarmenn höfðu fundið tengsl við Ísland eftir að mikið magn véla var gert upptækt við eftirlit í Finnlandi. Um var að ræða sex menn; þrjú í Reykjavík, tvo á Akureyri og einn í Kópavogi, og fannst nægilegt efni hjá fjórum

þeirra til handtöku. Einum tókst þó að eyða öllu ólöglegu efni út af vél sinni þegar lögregla kom á staðinn.

Tekur nú við frekari rannsókn á þeim tölvum sem gerðar voru upptækar en lögum samkvæmt er ólöglegt að geyma klámfengið efni af börnum undir 18 ára á einkatölvum og eru viðurlög sektir eða fangelsisdómur.

- aðe

## Evrópumenn: Eru orðnir sílspikaðir

**BRUSSEL, AP** Offita er vaxandi vandamál í Evrópu og nú er svo komið að í mörgum löndum álfunnar er hlutfall feitra karla hærra en í Bandaríkjunum.

Hópur sérfræðinga hefur komist að þeirri niðurstöðu að í löndum á borð við Finnland, Þýskaland, Grikkland og Möltu séu meira en 67 prósent karlmanna yfir kjörþyngd.

Offita leiðir af sér margvísleg heilsufarsvandamál og er talið að um átta prósent útgjalda til heilbrigðismála í Evrópu séu beinlínis vegna offittu. Búið er við að niðurstöðurnar leiði af sér strangari reglur um innihaldsmerkingar matvæla. ■



HLAUPINN Í SPIK

Í mörgum löndum Evrópu er hlutfall feitra karla hærra en í Bandaríkjunum.

Félag fréttamanna:

## Ekki hleypt í Kastljósið

**RÍKISÚTVARPIÐ** „Það varð samkomulag á milli Kastljóssins og fréttastofunnar að þeir birtu frétt um málið og þess vegna tókum við þetta ekki upp hjá okkur,“ segir Sigmar Guðmundsson, einn umsjónarmanna Kastljóssins í Ríkis-sjónvarpinu.

Fréttamenn á Ríkisútvarpinu óskuðu eftir að fá að svara fullyrðingum þeim er fram komu í máli Markúsar Arnar Antons-sonar útvarpsstjóra í Kastljósinu í fyrrakvöld en fengu það ekki. Sigmar segir ekkert óeðlilegt við það. Náði samstarf sé á milli fréttastofunnar og Kastljóssins um efnistöð og að þessu sinni hafi fréttastofan birt frétt um viðbrögð fréttamanna og því ekki þótt ástæða til að taka málið upp í Kastljósinu.

- aðe

## ÍÐNÞING 2005

föstudaginn 18. mars



## Hátækni- iðnaður á Íslandi

Sjá dagskrá á [www.si.is](http://www.si.is)





## SPURNING DAGSINS

*Pórður, þarftu ekki að fá þér áskrift að Fréttablaðinu?*

**„Það er heint ekki svo slæm hugmynd fyrst þið eruð alltaf fyrstir með fréttirnar.“**

Fréttablaðið skýrði frá því að Pórður Guðjónsson hefði ekki verið valinn í landsliðshóp Íslands fyrir komandi átök gegn Króötum og Itólum. Pórður sjálfur kom af fjöllum þegar eftir viðbrögðum hans var leitað og hafði ekkert heyrð frá landsliðsþjálfurinum. Pórður leikur með Stoke City á Englandi.

# Annar bæjarstjórnarmeirihlutinn sprunginn á kjörtímabilinu: Meirihlutaviðræður í kvöld

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Ég á fulla von á að mér verði veitt umboð á fundinum til að mynda meirihluta fyrir hönd fulltrúa sjálfstæðismanna,“ sagði Ágúst Þór Bragason, bæjarfulltrúi á Blönduósi. Í gærkvöldi fór fram fundur sjálfstæðismanna um myndun nýs meirihluta á Blönduósi en stefnt er að viðræðum í kvöld við H-lista vinstri manna og óháðra.

Ágúst átti ekki von á öðru en umboðið fengist og strax í kvöld yrði gengið til samninga við H-listamenn en þegar hafa óformlegar viðræður átt sér stað. Upp úr meirihlutasamstarfi H-lista og bæjarmálafélagsins Hnjúka slitn-

aði á mánudag vegna trúnaðarbrests í kjölfar þess að Valdimar Guðmannsson, formaður Hnjúka, heimilaði byggingu þjónustuhúss án þess að slíkt væri tekið fyrir í bæjarstjórn.

Valdimar segist ekki vita sjálfur hvað olli slitunum en segir ástæðuna eflaust aðra en gefin hafi verið upp. „Ég framfylgdi einungis því sem löngu var ákveðið og tel víst að eitthvað annað hafi valdið þessari kergju sem kom upp í kjölfarið.“

Er þetta í annað sinn sem meirihlutasamstarf flokka á Blönduósi springur.



BLÖNDUÓS

Ef að líkum lætur mynda sjálfstæðismenn og H-listi vinstri manna og óháðra næsta meirihluta í bæjarfélaginu.

- aðe

## DANMÖRK

**DÆMD FYRIR MANSAL** Tvitug litháísk kona var í gær dæmd í eins og hálfis árs fangelsi fyrir að skipuleggja mansal og vændi í Árósum. Hún er sögð fyrsta konan í danskri réttarsögu, ef ekki í heiminum, sem er dæmd fyrir slíkt brot.

## FORMANNSLAGUR HJÁ SÓSÍAL-DEMÓKRÖTUM

Fjórugur slagur virðist fram undan hjá sósíaldemókrötum eftir að Mogens Lykketoft sagði af sér formanns-embættinu. Frank Jenses þykir líklegur arftaki þrátt fyrir mótframboð Helle Thorning-Schmidt og segir Jyllandsposten að flokkurinn muni líklega færast örlítið til vinstri.

## Helfararsafn: Fyrimenni flyktust að

**JERÚSALEM, AP** Þjóðarleiðtogar og erindrekar fjörutíu ríkja voru staddir í Jerúsalem í gær þar sem safn helgað helförinni var opnað.



**SAFNIÐ SKOÐAÐ** Joschka Fischer var fulltrúi Þjóðverja á opnuninni.

Safnið er hið veglegasta enda kostaði bygging þess þrjú milljarða króna. Þar er rakin saga fjölmargra einstaklinga sem létust í helför nasista á sínum tíma.

Á meðal fyrimanna sem

heimsóttu Jerúsalem af þessu tilefni má nefna forsætisráðherra Dana, Svía og Frakka og Kofi Annan, aðalritara Sameinuðu þjóðanna.

Moshe Katsav, forseti Ísraels, lýsti í vigsuræðu sinni yfir áhyggjum vegna vaxandi gyðingahatturs. ■



ÞÉTTUR ÍS VIÐ HORN

Óráðlegt er að sigla fyrir Horn vegna íss sem þekur stóran hluta hafflatarins.

# Nánast ófært um Horn

Þéttur ís liggur upp að landi við Hornströnd og Bjargir en þar má þó sigla um ef menn gæta að sér segir flugmaður Landhelgisgæslunnar. Mikill ís er við Grímsey og hefur verið lokað fyrir höfnina.

**HAFÍÐ** Varað er við siglingaleiðinni um Horn. Þéttur ís liggur upp að ströndinni og er það álit skipstjóra, Landhelgisgæslu og Veðurstofu Íslands að leiðin sé ófær. Þór Jakobsson veðurfræðingur sagði þéttleika íssins við Horn vera um fimm áttundu hlutar, sem þýðir að meira en helmingur sjávarflatarins er þakinn ís. Ísinn væri þó gisnari eftir því sem austar drægi. Þá væri ís suður með ströndinni í vestanverðum Húnaflóa. Einnig hafi frést af ís í Skagafirði en ekki væri ís á norðanverðum Austfjörðum. Þór segir áfram ríkja norðaustanátt sem sé jákvætt þar sem ekki eru líkur á að meiri ís bætist við þann sem fyrir er.

Grímseyingar voru lausir við ísinn á mánudag. Í gær var aftur kominn svo mikill ís að ákveðið var að strengja fyrir höfnina, og var lítið veitt þann daginn.

Auðunn F. Kristinsson, yfirstýrimaður á flugvél Landhelgisgæslunnar FR-SYN, flaug yfir svæðið á mánudag. Þá var farið að grisjast úr ísnum fyrir Norðurlandi, en sums staðar fóru ísdreyfar og ísspangir inn í flóa og firði. Þetta voru þéttar spangir en vítt á milli þeirra þannig að vel var hægt að sigla þar með aðgát að sögn Auðuns. Ísinn var þegar farinn að þéttast við Hornströnd og Bjargir þegar Auðunn flaug þar á mánudag en þá var enn hægt að þvælast þar á skipi.

Síðan þá hefur ísinn þétt enn meir og siglingar varla mögulegar.

Engin skip voru að veiðum frá Reitnum við Straumnes og austur fyrir Húnaflóa í gær eftir upplýsingum frá Tilkygningaskyldunni.

Gunnar Steingrímsson hjá Sauðárkrókshöfn sagði allt vera í sómanum hjá sér, enda væri engan ís að sjá á Skagafirði. Hins vegar hefði hafrannsóknarskipið Bjarni Sæmundsson, sem var á togararalli, flúið inn í höfnina og lægi þar við bryggju. Þá seinkaði flutningaskipi sem koma átti með áburð um tvo daga vegna veðurs og íss.

solveig@frettabladid.is

## Abu Sayyaf: Blóðbað í fangelsi

**MANILA, AP** 22 fangar fórust í áhlaupi filippeysku lögreglunnar á fangelsi í Manila í gærmorgun en meðlimir í Abu Sayyaf, samtökum herskárna múslima, höfðu gert þar uppreisn og drepið þrjú fangaverði.

Umsátrið var sýnt í beinni sjónvarpsútsendingu og virtist drápið á föngunum vera fáum íbúum höfuðborgarinnar harmdaði. Á suðurhluta eyjanna voru aðfarir lögreglunnar hins vegar forðæmdar enda vilja þar margir íslamskt sjálfstjórnarhérað. Þótt samtökunum hafi þorrið máttur á síðustu árum bjó lögregla sig undir hermdaraðgerðir enda gengur leiðtogi Abu Sayyaf enn laus. ■



SAMNINGAVIÐRÆÐUR

Reynt var að semja við uppreisnarmennina en án árangurs.

## DANMÖRK

**LAUN FARA HÆKKANDI** Laun Norðmanna virðast fara hækkandi því rúmlega fimm prósent meira skattfé kom í ríkiskassann í janúar og febrúar en á sama tíma fyrir ári. Alls greiddu Norðmenn 600 milljarða í skatta þessa tvo mánuði.

## LÍTILL ÁHUGI Á SELAVEIÐUM

Aðeins 18 útlendingar hafa sótt um að fá að skjóta seli í Norður-Noregi og hefur þessi dræma aðsókn valdið vonbrigðum. Yfirvöld ákváðu að leyfa slíkar veiðar fyrr á þessu ári til að grisja stofna og styðja við ferðaþjónustu í dreifðum byggðum en ákvörðuninni var ákaft mót-mælt af dýraverndunarsinum.

Sprengjutilræði í Kosovo:

# Rugova slapp heill á húfi

**KOSOVO, AP** Ibrahim Rugova, forseti Kosovo, komst óskaddaður frá því sem virðist hafa verið banatilræði við hann í gærmorgun, er öflug sprengja sprakk við bílalest hans er hún ók í gegnum miðborg héraðshöfuðborgarinnar Pristina.

Rugova gat haldið áfram för sem heitið var á fund Javiers Solana, utanríkisráðgjafa Evrópusambandsins.

Enginn hafði síðdegis í gær lýst ábyrgð á hinu meinta tilræði á hendur sér.

„Guði sé lof að ég komst af, einu sinni enn,“ sagði Rugova. „Því miður eru hér enn öfl sem vilja skapa óstöðugleika í Kosovo.“

Í fyrra var handsprengju kastað að húsi Rugovas, án þess að skaða neinn. ■



HITTI SOLANA

Vel fór á með þeim Ibrahim Rugova, t.h., og Javier Solana í Pristina í gær, en þeir hittu rétt eftir tilræðið.

frá **kr. 24.000** með vsk  
fyrir 6 launþega

**TOK LAUN**

**ax** hugbúnaðarhús

Skeifan 8 · 108 Reykjavík · Sími 545 1000 · www.ax.is · ax@ax.is

Aukabúnaður á mynd: Álfegur.



# Beint úr kassanum á 2.180.000 kr.

\*Míðað við 20% innborgun og bílasamning til 84 mánaða.

Í nýrri kynslóð A Class mætast klassísk gildi Mercedes-Benz og verð sem þú hefur ekki áður séð. Nýr A Class kostar aðeins frá 2.180.000 kr. eða 26.790 kr. á mánuði\*. A Class er ekki einungis stærri og rúmbetri en fyrirrennari hans heldur mýkri og rennilegri. Auk þess er hann hlaðinn búnaði, s.s. upphituðum rúðusprautum, fjölrofa stýrishjóli, stefnuljósum í rafstýrðum og hituðum hliðarspeglum, ASR spólvörn, ESP stöðugleikastýringu o.fl. o.fl.

**Komdu og reynsluaktu nýjum A Class.**



Mercedes-Benz

GENGIÐ			
GENGI GJALDMÍÐLA 15.03.2005			
		KAUP	SALA
	Bandaríkjadalur USD	58,68	58,96
	Sterlingspund GBP	112,55	113,09
	Evra EUR	78,48	78,92
	Dönsk króna DKK	10,54	10,60
	Norsk króna NOK	9,60	9,65
	Sænsk króna SEK	8,63	8,68
	Japanskt jen JPY	0,56	0,56
SDR		XDR	90,10 90,64

Gengisvísitala krónunnar  
107,16 -0,16%

Heimild: Seðlabanki Íslands

180.000 hungurmorða í Darfur:

## Mun fleiri látnir en áður var talið

**HUNGURSNEYÐ** Allt að 180.000 manns eru talin hafa dáið úr hungri og sjúkdómum í Darfur-héraðinu í Súdan síðastliðna átján mánuði. Fram til þessa hafa Sameinuðu þjóðirnar talið að 70.000 manns hafi látist af þessum sökum en nú telur Jan Egeland, forvarsmáður Neyðarhjálpar Sameinuðu þjóðanna að mun fleiri hafi dáið, eða um tíu þúsund manns í hverjum einasta mánuði. Þetta kom fram á fréttamannafundi sem haldinn var í fyrrkvöld.

Átök hafa staðið yfir í Darfur í hartnær tvö ár. Hersveitir hlíðhollar súdönskum stjórnvöldum eru taldar hafa misþyrmt og drepit tugþúsundir þorpþúa í Darfur og hrakið allt að tvær milljónir manna frá heimilum sínum. Flestir þeirra dvelja í flóttamannabúðum í stærstu bæjum héraðsins en 200.000 manns hafa leitað skjóls í nágrennaríkinu Tsjad.

Öeining hefur verið innan öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um hvers konar aðgerða beri að



MATVÆLUM ÚTBÝTT

Hægt hefði verið að koma í veg fyrir stóran hluta dauðfallanna í Darfur ef alþjóðasamfélagið hefði gripið inn í átökin.

grípa til í Darfur. Niðurstaða nýlegrar skýrslu stofnunarinnar er að ekki hafi verið framið þjóðarmorð í Darfur en glæpir gegn mannkyni hefðu að líkindum verið drýgðir. ■

## Kjósarhreppur: Vilja ekki sameiningu

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Oddviti Kjósarhrepps hefur lagt til við nefnd um sameiningu sveitarfélaga, að hætt verði við áform um sameiningu Kjósarhrepps og Reykjavíkur.

Guðmundur H. Davíðsson, oddviti Kjósarhrepps, segir bréfið hafa verið sent í kjölfar skoðanakönnunar innan sveitarfélagsins sem sýndi að íbúar vildu halda sjálfstæði sínu. Könnunin náði til allra íbúa í Kjósarhreppi 18 ára og eldri.

74,4 prósent vildu enga sameiningu, en 16,7 prósent vildu sameinast Reykjavík. - ss



BUSH OG ABDULLAH II  
Þjóðarleiðtogarnir hittust í Hvíta húsinu.

George W. Bush:

## Skorar á Hizbollah

**LÍBANON** George W. Bush Bandaríkjaforseti hvatti í gær Hizbollah-samtökin til að leggja niður vopn og heyja baráttu sína á vettvangi stjórnmálanna. Þetta sagði hann á fundi með Abdullah II, konungi Jórdaníu í Hvíta húsinu.

Bandarísk stjórnvöld hafa lengi grunað samtökin um græsku og í gær skoraði fulltrúadeild þingsins á ríki Evrópusambandsins að setja Hizbollah á lista sinn yfir hryðjuverkasamtök.

Þá tók sýrlenska leyniþjónustan að rýma skrifstofur sínar í Beirut í gær. ■

Fischer:

## Öruggur á Íslandi

**FRAMSAÐ** Framsalskrafa á hendur Bobby Fischer gæti komið fljótlega eftir 5. apríl ef Bandaríkjamenn ákveða að kæra hann fyrir vangöldna skatta frá árinu 1976, segir Guðmundur G. Þórarinnsson sem fór til Japan með það fyrir augum að frelsa Bobby.

Ef Fischer væri hins vegar búsettur á Íslandi með íslenskan ríkisborgararétt þegar framsalskraftan væri gerð eru litlar líkur á því að hann yrði framseldur, segir Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður. Hann gerir ráð fyrir að málið teldist fyrnt hér á landi. ■

Tekjur Ríkisútvarpsins aukast um 400 milljónir á ári með nýjum nefskatti sem koma á í stað afnotagjalda samkvæmt nýju frumvarpi menntamálaráðherra. Það er 1.360 krónur á einstakling sextán ára og eldri á mánuði og rúmar fimm þúsund krónur á hverja fjögurra manna fjölskyldu.

**RÍKISÚTVARPIÐ** Í nýju frumvarpi menntamálaráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, um Ríkisútvarpið er gert ráð fyrir því að afnotagjöld verði afnumin en þess í stað innheimtur nefskattur á hvern einstakling á aldrinum 16-70 ára sem hefur 800 þúsund krónur eða meira í árslaun.

Nefskatturinn verður 1.120 krónur á mann á mánuði, eða 13.440 krónur á ári, og mun skila Ríkisútvarpinu 400 milljónum meiri tekjum á ári en afnotagjöldin gera nú. Þá er talinn 80 milljóna króna sparnaður vegna kostnaðar við innheimtu afnotagjaldanna og um 118 milljónir sem Ríkisútvarpið greiðir nú til reksturs

Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Breytingarnar munu taka gildi að þremur árum liðnum.

„Við erum að fjölga einstaklingunum en þetta er sanngjarnari leið og í raun lækkun fyrir einstaklinginn og fyrir hina venjulegu fjölskyldu,“ segir Þorgerður Katrín.

Alls munu 160 þúsund einstaklingar og 22 þúsund fyrirtæki greiða þennan skatt sem Þorgerður Katrín segir að komi til með að auka svigrúm Ríkisútvarpsins.

Auk þess að breyta tekjufyrirkomulagi stofnunarinnar er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að útvarpsráð verði lagt niður og stofnuð ný stjórn Ríkisútvarpsins. Enn fremur verður Ríkisútvarpið gert að sameignarfélagi í eigu íslenska ríkisins.

„Við sjáum þarna tækifæri til þess að Ríkisútvarpið fái aukið svigrúm til þess að mæta öðrum kröfum samtímans, sem eru allt aðrir en þær voru, til þess að það geti athafnað sig betur án þess að missa sjónar á því hverjar skyldur Ríkisútvarpsins eru. Skyldur Ríkisútvarpsins eru fyrst og fremst í almannabágu, að leggja rækt við íslenska tungu, efla innlent dagskrárefni, standa að öflugri fréttabjónustu og uppfylla öryggishlutverk þess,“ segir Þorgerður Katrín.

Útvarpsráð verður lagt niður en þess í stað kys Alþingi fimm fulltrúa flokkanna. Eins og fyrirkomulagið er nú myndu ríkisstjórnarflokkarnir tilnefna þrjá



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR MENNTAMÁLARÁÐHERRA

Nefskatturinn samkvæmt nýja frumvarpinu verður 13.440 krónur á ári og mun skila Ríkisútvarpinu 400 milljónum meiri tekjum á ári en afnotagjöldin gera nú.

menn í stjórn og stjórnarandstaðan tvo.

„Ég er ekki svo viss um að menn hefðu orðið ánægðir með það að menntamálaráðherra hefði einn skipunarvaldið í þessa stjórn, eins og er reyndar með ýmsar aðrar stjórnir innan ríkisstofnana,“ segir Þorgerður Katrín.

Í frumvarpinu er Ríkisútvarpinu gert heimilt að standa að

stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum. „Þetta er krafa frá EFTA, Eftirlitstofnun EFTA, en háð mjög ströngum skilyrðum og varðar í raun rekstrarlegan aðskilnað. RÚV má ekki nota fjármunina sem koma í gegnum nefskattinn í þá starfsemi,“ segir Þorgerður Katrín.

sda@frettabladid.is

### TEKJUR RÚV

Áskriftartekjur RÚV 2003: 2,1 milljarður

Afnotagjöld hækkuðu um 7% í fyrra.

Áætlaðar áskriftartekjur 2005: 2,25 milljarðar

Kostnaður vegna innheimtu: 80 milljónir

Gjöld RÚV til Sinfóníuhljómsveitar: 118 milljónir

Samtals tekjur 2005: 2,052 milljarðar

### Tekjur vegna nefskatts:

- 160 þúsund einstaklingar og 22 þúsund fyrirtæki greiða 1.120 krónur á mánuði, 13.440 krónur á ári.
- Samtals: 2.440 milljónir
- Kostnaður vegna innheimtu og Sinfóníuhljómsveitar dettur út.

Aukning á tekjum: 394 milljónir á ári.

## Veðrið

### HLÝNAR Á FÖSTUDAGINN MEÐ VÆTUTÍÐ


Hvasst og kalt ein-kennir veður dagsins og víða él. Morgundagurinn svipaður. En á föstudaginn kemur lægð upp að landinu með hlýndum og hvössu veðri. Tímasetningar eru þó ekki alveg skýrar ennþá.

**HELGARVEÐRIÐ** Laugardagur: Fremur hæg suðlæg átt með vætu í flestum landslutum, síst norðaustan til. Hiti 6-12 stig. Sunnudagur: Suðlæg átt. Rigning eða skúrir sunnan og vestan til. Milt í veðri.



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

### Í dag um hádegis



### Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	7°C skúrir	Paris	18°C skýjað	Torreveja	18°C léttskýjað
Oslo	-1°C alskýjað	Prag	7°C alskýjað	Róm	17°C heidskirt
Stokkhólmur	1°C alskýjað	Amsterdam	15°C léttskýjað	New York	8°C léttskýjað
London	17°C alskýjað	Varsjá	7°C alskýjað	Miami	29°C léttskýjað


Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

### Á morgun



Hvassvíðri eða stormur sunnan og vestan til.

### Föstudagur



Víða hvassvíðri.



Á DVD OG VHS 17. MARS

# PÁSKAVEISLA

## SUZUKI GR. VIT. VJ-140

Nýskráður 03.11.1999 ek. 108 þús.  
Verð kr. 1.290.000  
Afborgun á mánuði  
**kr. 28.299**



## DAEWO NUBIRA ER-058

Nýskráður 11.09.1998 ek. 98 þús.  
Verð kr. 530.000  
Afborgun á mánuði  
**kr. 11.806**



## SUZUKI VIT. PI-469

Nýskráður 16.06.2000 ek. 81 þús.  
Verð kr. 1.020.000  
Afborgun á mánuði  
**kr. 22.440**



## FORD KA SU-728

Nýskráður 30.11.1999 ek. 60 þús.  
Verð kr. 530.000  
Afborgun á mánuði  
**kr. 11.806**



## SUZUKI IGNIS SA-414

Nýskráður 22.05.2003 ek. 47 þús.  
Verð kr. 1.220.000  
Afborgun á mánuði  
**kr. 26.780**



## HONDA CIVIC NG-534

Nýskráður 29.05.1998 ek. 122 þús.  
Verð kr. 590.000  
Afborgun á mánuði  
**kr. 13.108**



**ENGIN  
útborgun!!  
Ekkert út og 100%  
VAXTALAUST LÁN.  
Gildir aðeins í 2 daga.**

**Opið í dag og á  
morgun frá  
9-21**

## SUBARU IMPREZA OP-684

Nýskráður 03.06.1998 ek. 181 þús.  
Verð kr. 490.000  
Afborgun á mánuði  
**kr. 10.938**



## SUZUKI JIMNY DA-361

Nýskráður 04.03.1999 ek. 149 þús.  
Verð 570.000  
Afborgun á mánuði  
**kr. 12.674**



## SUZUKI BALENO BY-515

Nýskráður 26.03.1998 ek. 118 þús.  
Verð kr. 550.000  
Afborgun á mánuði  
**kr. 12.240**



## Musso ZM-800

Nýskráður 30.01.1998 ek. 162 þús.  
Verð kr. 1.090.000  
Afborgun á mánuði  
**kr. 23.959**



**Kynntu þér  
úrvalið á  
[www.suzukibilar.is](http://www.suzukibilar.is)**

**Aðeins  
í 2 daga**

Lán miðast við jafnar greiðslur í 48. mánuði,  
lántökukostnaður innifalinn.

**Suzuki notaðir bílar Skeifunni 17**



## KJÖRKASSINN

Hefði átt að semja við Íslendinga um viðgerð á varðskipunum?

Niðurstöður gærdagsins á [visir.is](http://visir.is)

Já	87,7%
Nei	12,3%

### SPURNING DAGSINS Í DAG:

Átti að velja Þórð Guðjónsson í landsliðshópinn í fótbolta?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](http://visir.is) og segðu þína skoðun



## Færsla Hringbrautar: Reisa þrjár hundrað metra göngubrýr

**SAMGÖNGUR** Þrjár nýjar göngubrýr verða reistar yfir nýja Hringbraut, sunnan Landspítalalóðar. Lengd þeirra verður samtals 325 metrar. Smíði þeirrar fyrstu er vel á veg komin.

Göngubrúnni er ætlað að tengja þá byggð sem fyrirhuguð er í Vatnsmýrinni við Landspítalalóðina en megintilgangur færslu Hringbrautar er að sameina lóð Landspítala – háskólaskjúkrahúss sem er nú beggja vegna götunnar.

Framkvæmdir við brúna hófust rétt eftir áramót og miðar nokkuð vel áfram að sögn Höskuldar Reynis Höskuldssonar, verkstjóra hjá Eykt. Áætlað er að þessum áfangamálum verði lokið 15. maí næstkomandi.



**SAMGÖNGUBÆTUR** Göngubrúin mun tengja byggð í Vatnsmýrinni við Landspítalalóðina

Aðspurður um hvað verði um innanhverfisgata. Hún verði þó heldur styttri en hún er í núverandi mynd.

- áeb

## Kaffi Nauthóll: Sýknaður af bótakröfu

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði Kínversku kjötbollugerðina, sem rak Kaffi Nauthól, af ákæru vegna slyss sem varð fyrir utan veitingastaðinn í desember 2002.

Konunni skrifaði fótur á tré-palli fyrir utan Kaffi Nauthól og meiddist á öxl. Taldi konan að rekja mætti slysið til hálfu og að eigandi staðarins hafi ekki gert nóg til að koma í veg fyrir óhöpp.

Eigandi Kaffi Nauthóls sagði fyrir dómi að hálkueyðandi efni hafi verið borið á pallinn daginn sem slysið varð og að konan hafi verið „áberandi ölvuð“.

- vób

## Skrefi nær lýðræðinu

Á meðan sjjar og Kúrdar reka smiðshöggjöð á myndun stjórnarmeirihluta tekur stjórnlagabing Íraks til starfa í dag. Þegar hefur verið skipað í helstu valdastöður.

**ÍRAK** Stjórnlagabing Íraka kemur saman í fyrsta sinn í dag þótt enn vanti herslumuninn upp á að leiðtogar Kúrda og bandalags sjá nái að mynda stjórnarmeirihluta. Að minnsta kosti fimm manns fórust í sjálfsmorðsprengjuárás-um í landinu í gær.

Síðan Írakar gengu til kosninga í janúarlök hafa sigurvegarar þeirra setið við samningaborðið og reynt að mynda meirihluta sem mun leggja línurnar á stjórnlagabinginu sem kemur saman í dag. Sjábandalagið svonefnda og sameinað framboð Kúrda fengu tvo þriðju hluta þingsætanna 275, sem nægir til að koma málum í gegnum þingið.

Fyrsta verkefni stjórnlagabingsins verður að kjósa forsætisnefnd en sú nefnd mun aftur skipa forsætisráðherra sem mun velja með sér ríkisstjórn. Þegar hefur náðst samstaða um hverjir skipa helstu embætti. Jalal Talabani, annar valdamestu stjórnmalamanna Kúrda, verður oddviti forsætisnefndarinnar og þar með forseti en Ibrahim al-Jaafari, leiðtogi Dawa-flokks hófsamra sjá, sest í stól forsætisráðherra. Allar líkur eru á að súnniár fái embætti þingforseta enda er það lykilatriði eigi einhver von að vera til friðar.



**EKKI ER SOPIÐ KÁLÍÐ** Hryðjuverkamenn voru iðnir við kolann í gær og fórust í það minnsta fimm manns í árásum í Bagdad. Þótt stjórnmalapróun landsins gangi sæmilega er friður ekki innan seilingar.

Hefur nafn Ghazi al-Yawer, núverandi forseta bráðabirgðastjórnarinnar, verið nefnt í því sambandi.

Að öðru leyti mun stjórnlagabingio setja lög og útbúa stjórnarskrá sem síðan verður borin undir þjóðaratkvæði í haust. Verði hún samþykkt verður gengið til þingkosninga í desember.

Athygli vekur að Kúrdar og sjjar hafa lýst yfir vilja til að Írak verði skipt upp í sambandsríki súnnía, sjja og Kúrda með valdalitilli alríkisstjórn í Bagdad. Víst er að sú tillaga á eftir að mæta

andstöðu súnnía enda lenda flestar olíulindir innan svæða sjja og Kúrda.

Róstusamt var í Írak í gær venju samkvæmt. Fjórir borgarar létust í bílsprengjuárás í Bagdad og skömmu síðar dó barn í annarri sprengjuárás í borginni.

Yfirvöld í Najaf handtóku í gær mann sem grunaður er um að hafa staðið fyrir mannskæðu sprengjutrúðri í ágúst 2003. 85 manns biðu þar bana, þar á meðal Mohammad Baqir al-Hakim, erkiklerkur og einn leiðtoga sjja.

[sveinng@frettabladid.is](mailto:sveinng@frettabladid.is)

Lögreglan í Reykjavík:

## Rannsakar fjársvik á Ebay

**LÖGREGLUMÁL** „Þarna er aðeins um eitt mál að ræða sem komið hefur til okkar kasta en við viljum benda almenningi á að fara varlega í öll slík kaup,“ segir Ómar Smári Ármannsson, aðstoðaryfir-lögregluþjónn hjá lögreglunni í Reykjavík. Yfir stendur rannsókn hjá embættinu á fjársvikamáli sem á rætur að rekja til uppboðsvefsins Ebay.

Fara fjársvikin fram með þeim hætti að eftir að sýndaruppboði lýkur er haft samband við þann sem næsthæsta tilboð átti og honum tjáð að sá er átti hæsta boð hafi fallið frá boði sínu og viðkomandi boðið að kaupa gripinn sem boðið var í. Sá böggull fylgir þó skammrifi að viðskiptin fara fram fyrir utan samskiptanet Ebay. Kaupandinn sendir greiðslu beint til viðtakanda en varan skilar sér aldrei.

Ómar segir rannsókn nýlega



### UPPBODSVEFURINN EBAY

Fólki er bent á að nota skynsemina þegar boðið er í hluti á vefnum og fara í einu og öllu að ráðleggingum og reglum sem þar gilda.

hafna á umræddu máli en ekki sé útilokað að hægt verði að ná hinum seka. Ekki sé erfiðara að upplýsa mál af þessu tagi en önnur sakamál.

- aðe



**REKTORSEFNIN EIGAST VIÐ** Kristín Ingólfssdóttir og Ágúst Einarsson mættust á kappreðum rektorsefna í Háskólabíói í gær.

Rektorskjör HÍ:

## Kosið á morgun

**HÁSKÓLAMÁL** Á morgun munu starfsfólk og nemendur Háskóla Íslands kjósa sér rektor í seinni umferð rektorskosninga. Fyrri umferð kosninganna var fyrir viku síðan og fengu Ágúst Einarsson og Kristín Ingólfssdóttir mest fylgi.

Kristín varð efst í fyrri umferðinni og fékk 28,7 prósentu fylgi. Ágúst varð næstefstur og fékk 27,6 prósentu fylgi. Er því búist við spennandi kosningu í seinni umferð kosningarinnar.

- ss



Smá en kná

### Impressa E85

Hentar vel fyrir vinnustaði og heimili • Einföld í notkun • Sjálfvirk mólun • Stafrænt stjórnborð • Glæsileg hönnun • Áreiðanleg og endingargóð

Impressa E85 tryggir kröfuhörðum kaffiunnendum ljúffengt og ferskt kaffi í hvert sinn.

**IMPRESSA**  
if you love coffee

Smásoiuaðilar: Verslunin Yndisauki, IDU w/Lækjargötu • Eirvík, Suðurlandsbraut 20 • A. Karlsson, Brautarholti 28  
Dreifingaraðili: Karl K. Karlsson hf. Skútuvoigi 5, sími 540 9000. Nánari upplýsingar á [www.karlsson.is](http://www.karlsson.is)

## Austurland: Leggja fé í menningu

**SAMNINGUR** Stjórnvöld leggja 111 milljónir króna til menningarmála á Austurlandi næstu þrjú árin samkvæmt samningi sem undirritaður var í gær.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra undirritaði samninginn fyrir hönd ríkisins og Soffía Lárusdóttir, formaður Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, fyrir hönd þrettán sveitarfélaga. Þetta er annar samningurinn sem gerður er um samstarf ríkis og sveitarfélaga um menningarmál.

-þþg

Fækkar í herliðinu í Írak:

## Úkraínskir hermenn heim

**ÚKRAÍNA, AP** Fyrsti hermanna-hópurinn, sem úkraínsk stjórnvöld hafa kallað heim frá Írak, lentu þar í gær. Til stendur að síðasti úkraínski hermaðurinn verði farinn frá Írak fyrir áramót.

Tvær herflutningavélar fluttu 137 hermenn, sem þjónað hafa í setuliði bandamanna í Mið-Írak, til herflugvallar í Mykolaiv, um 520 km suður af Kiev. 1.650 Úkraínunum hafa fyllt raðir hernámliðsins undanfarin misseri. Átján þeirra hafa fallið við skyldustörf sín og á annan tug særst.



# Kína

15.-22. maí

Aðeins 250 sæti í boði

## Í tilefni af opinberri heimsókn forseta Íslands til Kína

### Einstakt tækifæri til að kynnst töfrum þessa framandi lands

Peking er höfuðborg Kínveldis og borg mikillar sögu og ýmissa hamfara. Í langri sögu borgarinnar hafa orðið til fjölmargar fagrar og menningarsögulegar minjar. Kínamúrinn, sem hafist var handa við að reisa fyrir röskum 2000 árum, liðast um fjöll og dali hundruðum kílómetra saman í nágrenni borgarinnar. Borgin forboðna er stærsta núverandi hverfi fornra bygginga og sýnir í hnotskurn framúrskarandi húsagerðarlist Kínverja í aldanna rás.



Beint leiguflug með Boeing-747 breiðpotu Air Atlanta



### Peking - 6 nætur

Flogið til Peking og gist í 6 nætur. Í ferðinni sjáum við Torg hins himneska friðar, Forboðnu borgina, Himnahofið, Sumarhöllina, Kínamúrinn og grafhýsi Mings. Eitt kvöld er farið í Pekingóperuna og á veitingastað, þar sem Pekingönd er á boðstólum.

Verð frá **119.400** kr.\*

### Peking - 4 nætur • Shanghai 2 nætur

Flogið til Shanghai 19. maí og gist 2 nætur. Í ferðinni verður miðborgin skoðuð, þ.e. Bund-hverfið, Nanjing göngugatan, Jújúan garðurinn, og Jaði Búdda-musterið.

Verð frá **141.700** kr.\*

### Peking - 5 nætur • Xian 1 nótt

Flogið til Xian 19. maí og gist 1 nótt. Í ferðinni er farið að borgarmúrum Xian og í grafhýsi Qin Shi Huang þar sem eru hinir frægu leirhermenn.

Verð frá **139.900** kr.\*



Verð á flugsæti **89.930** kr.

\*Innifalið: Beint flug til Peking, flugvallarskattar, akstur til og frá flugvelli erlendis, gisting með morgunverði í 6 nætur og íslensk fararstjórn. Í ferðum til Shanghai og Xian eru allar skoðunarferðir innifaldar í verði. Ekki innifalið: Skoðunarferðir í Peking, vegabréfsáritun og þjófverð.



**VISA** Ferðir fyrir sérkorthafa VISA

Ferðirnar eru aðeins fyrir sérkorthafa VISA. Sérkort VISA eru: Gullkort, Farkort, Vildarkort VISA og Icelandair, Svarta kortið, Business-, Infinite- og Platínukort.



Nánari upplýsingar um verð, gististaði og ferðatilhögun á [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)

Lágmuía 4: 585 4000 • Akureyri: 460 0600 • Vestmannaeyjum: 481 1450

[www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)



## VEISTU SVARIÐ?

1 Hvað heitir laggjaldaflugfélagið sem eigendur Iceland Express keyptu?

2 Hvaða miðvallarleikmenn fellu út úr landsliðshópnum í fótbolta fyrir leikina gegn Króatíu?

3 Hvaða norður-írski stjórnmálamaðni var á dögnum bannað að afla fjár í Bandaríkjunum?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Umsókn um byggingarleyfi tekin fyrir á fundi skipulagsráðs í dag:

## Fimleikahús rífið fyrir íbúðabyggð

**BYGGINGARMÁL** Fimleikahús Ármanns við gamla Ármannsvöllinn verður rífið til að rýma fyrir íbúðabyggð sem fyrirhugað er að reisa á svæðinu. Starfsemi Glímu-félagsins Ármanns flyst í Laugardalinn en Snorri Þorvaldsson, fomaður félagsins, segir það hafa verið ákveðið í samráði við Knattspyrnufélagið Þrótt og Reykjavíkurborg.

Aðalfundur Knattspyrnufélagsins Þróttar verður haldinn annað kvöld og verður tillaga lögð fyrir fundinn þess efnis að Reykjavíkurborg fari með eignarhald á félagshúsi Þróttar. Tillagan felur einnig í sér að Glímu-

félagið Ármann reisi sitt félagshús austan við félagshús Þróttar auk sameiginlegrar tengibyggingar félaganna. „Þetta hefur verið í umræðunni í rúm ár núna og það hefur myndast gott samstarf milli félaganna en við erum í raun bara að biða eftir borginni svo þetta geti orðið að veruleika,“ segir Snorri.

Helga Bragadóttir hjá Skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar segir að umsókn um byggingarleyfi til að byggja fjölþýlishús fyrir 65 íbúðir í Ármannsreitnum verði lögð fyrir skipulagsráð í dag.

- smg



FIMLEIKAHÚS ÁRMANNSS FÆR AÐ FJÚKA

Til stendur að rífa fimleikahús Ármanns og byggja þar fjölþýlishús. Glímu-félagið Ármann mun flytja starfsemi sína í Laugardalinn.

## Breski herinn: Einelti er vandamál

**LONDON, AP** Breski herinn er gagnrýndur harkalega í skýrslu ó-háðrar þingmannanefndar fyrir að uppræta ekki eineltismenningu sem þar er sögð ríkja. Nefndin leggur til að lágmarksaldur hermanna verði hækkadur í 18 ár og að stofnuð verði nefnd sem taki á eineltismálum.

Einelti hefur lengi verið talið landlægt í breska hernum en vandamálið komst ekki í sviðsljósið fyrr en fjögur ungumenni frömuð sjálfsmorð í herbúðum í Surrey á árunum 1995-2002. Þau höfðu sætt stöðugu áreiti yfirmanna sinna sem töldu þau of veikluðu til að geta gegnt hermennsku.

## Norskur flugmaður: Vildi ekki í vopnaleyti

**OSLÓ, AP** Norsk flugvél var kyrrsett á Gardemoen-flugvelli í gær eftir að flugmaður hennar neitaði að undirgangast vopnaleyti.

Flugvél Norwegian Air Shuttle átti að leggja af stað í býtið til Þrándheims með sextíu farþega en þegar flugmaður vélarinnar gekk rակleit út í vél með öryggisverði á hælunum var ljóst að tafir yrðu á brottförinni. Drykkjunga stund tók að fá hann aftur út til að hægt væri að leita á honum.

Flugáhafnir voru nýlegar látnar sæta svipuðu eftirliti og aðrir flugfarþegar og er það talið hafa farið í taugarnar á mannum.

Norðmenn hafa hert reglur að undanförmu. Í fyrra réðist farþegi með öxi á flugmenn vélar sem hann var farþegi í og mátti litlu muna að hún hrapaði. ■

## Málaferli vegna uppsagna hjá auglýsingastofu: Dómari hafnaði kröfu um að vísa máli frá dómi

**DÓMSMÁL** Frávísunarkröfu þriggja manna sem stefnt hafði verið til lýsingagerð fyrir Símann en skömmu áður en þremmening-greiðslu skaðabóta af hálfu auglýsingastofunnar Gott fólk var hafnað í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Verður málinu því fram haldið enda taldi dómurinn það nægilega reifað af hálfu stefnanda en Gott fólk fer fram á greiðslu 200 milljóna króna af mönnum þremur.

Upphæðin sem hér um ræðir er ætlaður helmingur þeirra viðskipta sem auglýsingastofan Gott fólk gerði ráð fyrir að fá fyrir störf við markaðssetningu og aug-

lýsingagerð fyrir Símann en skömmu áður en þremmeningarnir sögðu upp stóð til að rífta samningi Símans við Gott fólk og auglýsingastofuna Nonna og manna og bjóða verkið út. Er það mat stefnanda að þeir þrír sem hættu störfum og voru lykilmenn hjá fyrirtækinu ætluðu sér að stofna nýja stofu og bjóða sjálfir í verkið. Hafi þeir tímasett uppsagnir sínar til að hámarka það rask sem slíkt ylli með það að markmiði að ná til sín viðskiptum frá Góðu fólk.

- aðe



GOTT FÓLK MCCANN  
Málaferli hefjast brátt yfir þremur fyrrum starfsmönnum.



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON  
FORSÆTISRÁÐHERRA.

Halldór skýrði frá því á Alþingi í gær að Evrópustefnunefnd Alþingis muni á næstunni ræða hugmyndir Ragnars Árnasonar hagfræðiprófessors um uppsögn EES-samningsins.

## Skoða uppsögn EES-samnings

Kostnaðurinn við þátttöku í Evrópska efnahags-svæðinu nemur allt að tveimur milljörðum á ári. Evrópustefnunefnd ræðir uppsögn samningsins.

**EVROPUMÁL** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra skýrði frá því á Alþingi í gær að Evrópustefnunefnd Alþingis muni á næstunni ræða hugmyndir um uppsögn EES-samningsins. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra er formaður í nefndinni. Hann sagði í viðtali við Fréttablaðið að rætt yrði um hugmyndir sem Ragnar Árnason, hagfræðiprófessor við Háskóla Íslands, hefði varpað fram.

„Nefndin er ekkert að ræða þær til þess að taka afstöðu til þessa, heldur til þess að afla sér upplýsinga á þessu stigi málsins. Við munum ræða sjónarhorn Ragnars varðandi EES-samninginn,“ sagði Björn.

Háskóli Íslands og háskólar á Norðurlöndunum gerðu úttekt þar sem vakin var athygli á þremur kostum sem Íslendingar hefðu varðandi Evrópumál að sögn Ragnars. „Í fyrsta lagi getum við gengið í Evrópusambandið. Í öðru lagi getum við reynt að hanga í Evrópska efnahags-svæðinu meðan það lafir, en það veikist ef Norð-

menn ganga í ESB, sem er líklegt í framtíðinni. Í þriðja lagi getum við kannað kosti þess að ganga úr EES, sem er mjög kostnaðarsamt, nú eða í framtíðinni. Það er mjög ánægjulegt að Alþingi Íslendinga hyggst nú skoða þennan þriðja kost af alvöru,“ segir Ragnar.

Hann segir að helstu kostirnir við að segja upp samningnum séu þeir að þá losnuðu Íslendingar við ýmsar byrðar sem honum fylgi. „Við myndum losna við bein fjárútgjöld sem nema allt að tveimur milljörðum á ári. Það eru líka byrðar í formi reglugerða og tilskipana sem við verðum að taka upp á Íslandi hvort sem okkur líkar betur eða ver,“ segir Ragnar og bætir við að EES-samningurinn hafi einnig í för með sér tæknilegar hindranir við innflutning frá öðrum löndum.

Hann segir ókost við að ganga úr EES að þá þurfi að endursema viðskiptasamning við ESB því þá taki fyrri samningar gildi en bendir á að Svisslendingar hafi gert samning sem þeir eru sáttir við.

sda@frettabladid.is

Sæmundur kominn heim:

## Svektur á heimleið

**FISCHER** Sæmundur Pálsson var svektur yfir því að Bobby Fischer væri enn í fangelsi í Japan þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær þar sem hann var á Kastrup flugvelli í Kaupmannahöfn á leiðinni heim frá Japan. Hann sagðist þó alls ekki hafa gefist upp heldur ætli hann að hafa samband við Davíð Oddsson utanríkisráðherra og Bjarna Benediktsson, formann allsherjarnefndar til að yta á að Bobby Fischer fái ríkisborgarétt.

„Ég er ekki viss um að sjá hann meir ef hann fer í fangelsi í Bandaríkjunum, þar verður vont að koma honum út,“ sagði Sæmundur sem sagðist þó hlakka til að koma heim. Honum þótti miður að þurfa að yfirgefa



SÆMUNDUR PÁLSSON

Sæmundur er kominn heim frá Japan. Hann segir baráttunni fyrir frelsun Bobbys Fischer ekki lokið.

Fischer án þess að geta kvatt hann, vitandi það að hann yrði í einangrun næstu sólarhringa. „Ég vildi ekki að hann héldi að ég hefði stungið hann af, því hann var alltaf að biðja mig um að vera lengur,“ sagði Sæmundur sem átti að lenda á Íslandi seint í gær. - sgi

Enn lægra verð með Safnkortinu!\*

## Lægra verð í sjálfsafgreiðslu! á næstu ESSO stöð\*

Hjá ESSO getur þú nú	Láttu okkur um að dæla	Pegar þú dælir sjálfur á
sparað tíma og borgað	á bílinn og nýttu þér um	ESSO stöðvunum getur þú
við dæluna þegar þú	leið þá þjónustu sem við	treyst því að fá eldsneyti á
velur sjálfsafgreiðslu.	erum þekkt fyrir.	hagstæðu verði.



FISCHER/SEA FIDUCIOSA

\*Á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Keflavík, Hveragerði og Selfossi. Safnkortsafsláttur er í formi punkta.



# HiveLite

Práðlaust internet  
2GB niðurhal  
4Mb tenging

AF HVERJU ERUM VIÐ AÐ  
BJÓÐA UPP Á ÞRÁÐLAUST  
INTERNET MEÐ HRAÐARI  
TENGINGU OG MEIRA  
NIÐURHALI EN HINIR  
Á AÐEINS

# 3.990

## Á MÁNUÐI?\*

\*M.v. 12 mánaða samning.

AF ÞVÍ AÐ VIÐ ERUM HIVE.

KOMDU Í HEIMSÓKN Í GLÆSILEGA VERSLUN OKKAR AÐ GRENSÁSVEGI 16

Hive Lite er ný og hagkvæm áskriftarleið sem færir þér práðlaust internet, 2GB niðurhal, 4Mb tengingu og fullkominn tækjabúnað ásamt allri uppsetningu án aukagjalds.

Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík og Hlíðarsmára 12, Kópavogi.  
Þjónustusími 414 1616 [hive@hive.is](mailto:hive@hive.is)





FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**ÞÉLT YFIR ÞÍPUNNI**

Fahad Al Sabah, forseti OPEC, hugleiðir olíuverðið á hóteli sínu í Isfahan í Íran en þessa dagana fer þar fram fundur olíumálaráðherra aðildarríkjanna. Þeir ræddu hvort hækka ætti framleiðsluþak OPEC til samræmis við raunverulega framleiðslu en slíkt hefði í raun lítil áhrif á olíuverð.

## Rás 2 og svæðisstöðvar RÚV: Dagskrárstjórn í höndum starfsmanna

**RÍKISÚTVARPIÐ** „Það verður enginn einn sem sinnir þessu starfi til að byrja með, heldur starfsmenn á viðkomandi stöðvum,“ sagði Dóra Ingvadóttir framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins, spurð um hver gegndi nú starfi dagskrárstjóra Rásar 2 og svæðisstöðva Ríkisútvarpsins.

Jóhann Hauksson dagskrárstjóri sagði starfi sínu lausu í síðustu viku, eftir að Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri ákvað að ráða Auðun Georg Ólafsson fréttastjóra útvarps. Jóhann lét af

störfum þá þegar. Á bilinu 30 – 40 manns starfa á þessum stöðvum, að sögn Dóru.

Dóra sagði að ekki tíðkaðist í útvarpsgeira RÚV að þar væru „varamenn á einhverjum póstum.“

„Við erum að ganga frá þessum málum, þannig að þetta muni ganga snurðulaust,“ sagði hún, en kvaðst ekki vilja tjá sig um hverjir myndu taka dagskrárstjórn að sér, þar til staðan yrði auglýst.

„Þetta er ekkert einfalt mál að leysa á einum degi. Það er ekki

**JÓHANN HAUKSSON**

Sagði upp starfi sínum sem dagskrárstjóri og hætti samdægurs.

komið svo langt að ákvörðun liggi fyrir um hvenær þetta verður auglýst,“ sagði Dóra. Hún sagði tímann myndu leiða í ljós hvort auglýst

yrði eftir einum einstaklingi eða fleirum til að annast dagskrárstjórn á Rás 2 og svæðisstöðvum.

- jss

### TÖLVUNÁM FYRIR BYRJENDUR

*Þetta námskeið hentar vel þeim sem hafa enga eða mjög litla tölvuþekkingu.*

60 stunda hagnýtt og skemmtilegt tölvunámskeið sem er sniðið að þörfum byrjenda. Farið af mikilli þolinmæði yfir námsefnið, sem er allt á íslensku. Kennt er á þau forrit sem mest eru notuð þ.e. Windows, Word, Excel, Internetið og Tölvupóst.

- Flest stéttarfélag styrkja félagsmenn til náms hjá NTV. Ertu búinn að kanna þinn rétt?
- Morgunnámskeið  
Mán - mið - fös 8:30-12:30  
Byrjar 30. mar. - 20. apr.

**ntv.is**

**UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS**



**MARKÚS ÖRN ANTONSSON ÚTVARPSSTJÓRI SAGÐI AÐ AUÐUN GEORG HEFÐI MESTU REKSTRARREYNSLUNA.** Auðun Georg Ólafsson hafði umsjón með sölustarfi umboðsfyrirtækja Marel í Suðaustur-Asíu og var staðsettur hér á Íslandi. Hann fór ekki með nein bein mannaforráð heldur hafði samskipti við umboðsmenn og sjálfstæð fyrirtæki. Að minnsta kosti einn annar umsækjandi um starf fréttastjóra Ríkisútvarpsins hafði því meiri reynslu af stjórnun og rekstri.

## Hafði engin mannaforráð

Auðun Georg Ólafsson, fréttastjóri RÚV, var ráðinn vegna reynslu af rekstri og stjórnun, að sögn útvarpsstjóra. Auðun hafði engin mannaforráð í fyrra starfi sínu. Hann samræmdi sölustarf umboðsmanna Marel í Suðaustur-Asíu.

**RÍKISÚTVARPIÐ** „Auðun Georg hefur meiri reynslu almennt séð í rekstrarmálum heldur en nokkur

annar af umsækjendum,“ sagði Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri í Kastljóssviðtali í fyrrkvöld.

Heimildir Fréttablaðsins innan Marel segja að starf Auðuns Georgs fyrir Marel í Asíu hafi falist í því að samræma starfsemi umboðsfyrirtækja Marel í Suðaustur-Asíu. Eina söluskrifstofa Marel í Suðaustur-Asíu er í Tailandi en annars hefur fyrirtækið umboðsfyrirtæki á sínum vegum á svæðinu. Auðun Georg hafði umsjón með sölustarfi umboðsfyrirtækjanna og var staðsettur hér á Íslandi. Hann fór ekki með nein bein mannaforráð heldur hafði samskipti við umboðsmenn og sjálfstæð fyrirtæki. Auðun Georg fór ekki með rekstur fyrirtækisins í Suðaustur-Asíu, þótt hann hafi haft milliöngu um samningagerð.

Meirihluti útvarpsráðs lagði mikið upp úr því að fréttastjóri Ríkisútvarpsins hefði reynslu af rekstri, samkvæmt því sem fram kom í máli Markúsar Arnar. „Auðun Georg hefur verið forstöðumaður eins framsæknasta fyrirtækis á Íslandi sem hefur verið að sækja fram á erlendum mörkuðum og alþjóðasviðinu.

Hann hefur verið starfandi sem markaðsstjóri fyrir Marel í fjarlægari Austurlöndum og ég tel það nú að það sé viðbót í þekkingarbrunninn hérna inni í Ríkisútvarpinu [...]. Útvarpsráðið hefur lagt höfuðáherslu á það, vegna fjárhagslegrar útkomu fréttastofu Útvarpsins að undanförunu, þar sem ársvisst hefur verið farið fram úr áætlunum, að það verði að fá þarna til forystu mann sem að getur tekið á þessu rekstrarlega dæmi,“ sagði Markús Örn.

„Auðun Georg hefur verið að stýra þessari starfsemi fyrir þetta stóra fyrirtæki sem er orðið alþjóðlegt fyrirtæki og hefur verið að sækja út á erlendum mörkuðum, fyrir náttúrlega hönd forystu þess,“ sagði Markús Örn jafnframt.

Þegar Markús Örn var spurður hvort hann teldi Auðun Georg vera með meiri rekstrarreynslu heldur en til dæmis Jóhann Hauksson, sem hefur stýrt Rás 2 með um 180 milljónum í veltu og 40-50 manns undir sinni stjórn, sagðist hann ekki efast um það.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir náðist ekki í Auðun Georg í gær. **sda@frettabladid.is**

**Tilboð mars 2005**  
20% afsláttur af NexxStyle og LinStyle servíettum, TexStyle og LinStyle dúkum á rúllum.

**Nýr opnunartími í verslun RV:**  
Mánudaga til föstudaga frá kl. 8:00 til 18:00  
Laugardaga frá kl. 10:00 til 14:00

**Lotus Professional borðpappírsvörur**  
– setja lit á borðhaldið

### Fyrir afmælisveislur, fermingar og brúðkaup

**Bolsíus kerti**

24,5 cm, 30 stk.

478.-

**Lotus TexStyle dúkarúlla**

1,2 x 50 m

4.557.-

**Lotus NexxStyle servíettur**

39 x 39 cm, 80 stk.

Verð frá 222.-

**Lotus Professional borðpappírsvörur**  
– setja lit á borðhaldið

**Rekstrarvörur**

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



### Skipaður fréttastjóri RÚV:

**AUÐUN GEORG ÓLAFSSON**

**Menntun:** BA í stjórnmálafræði frá HÍ 1994, MA-rannsóknir í stjórnsýslufræðum við lagadeild Tohoku-háskóla í Japan 1997-99, MA í stjórnmálafræði frá Kaupmannahafnarháskóla 2001, auk námskeiðs við Bláðamannaháskóla Norðurlandaráðs.

**Starfsreynsla:** Fréttamaður Stöð2 og Bylgjunni 1993-99, þar af fréttaritari í Kaupmannahöfn 1995-97 og í Japan 1997-99. Starf samhliða námi, fastráðinn hluta af tímabilinu. Almanna-tengsl hjá KOM 2000, markaðs- og svæðissölustjóri Marel í Asíu frá árinu 2000 með ábyrgð á áætlanagerð, árangursgreiningu, þróun rekstrar- og sölufarla.

## Austurvöllur: Mótmæla handtöku

**MÓTMÆLI** „Við viljum einfaldlega sýna lögreglunni að það er gjör-samlega ólíðandi hvernig farið er með fólk,“ segir Þuríður Helga Kristjánsdóttir. Hún tilheyrir hópi fólks sem ætlar að mæta fyrir framan Alþingishúsið í dag til þess að mótmæla háttsemi lögreglunnar við handtöku ítalska ferðamannsins Luigi Sposito.

Sposito var handtekinn þar sem hann var að taka myndir af Alþingishúsinu með trefil vafinn um andlit sitt. Honum var sleppt eftir að hafa setið í vörslu lögreglunnar í tæpa tólf klukkutíma.

Mótmælin verða fyrir framan Alþingishúsið í dag kl. 17.30. - smg

Formaður Félags fréttamanna:

## Ekki glóra í orðum Markúsar

**RÍKISÚTVARPIÐ** Formaður Félags fréttamanna á RÚV segist ekki geta séð hvernig Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri og fréttamenn Útvarps eigi að geta unnið saman eftir það sem á undan sé gengið.

„Það þarf að endurheimta einhvern trúnað þarna á milli,“ sagði Jón Gunnar Grjetarsson. Hann sagði að fyrri samþykkt fréttamanna um vantraust á útvarpsstjóra hefði snúið að ákvörðun hans um að ráða Auðun Georg Ólafsson í stöðuna og vísaði þar

með til ummæla Markúsar Arnar í Kastljósspætti Ríkissjónvarpsins í fyrrakvöld. „Hann gerði lítið úr sínu starfsfólki og talaði um að menn væru orðnir aldraðir án þess að skilgreina það nokkuð frekar. Það er ekki glóra í því sem hann sagði, svo einfalt er það. Auðvitað sárnaði mönnum þessi ummæli.“

Jón Gunnar sagðist myndu hvetja þá sem taldir voru hæfir en fengu ekki starfið að krefjast rökstuðnings, samkvæmt stjórnsýslu-lögum, fyrir ráðningunni frá útvarpsstjóra.



**JÓN GUNNAR GRJETARSSON**  
Það þarf að endurheimta trúnað.

Maskhadov:

## Greiddu fyrir höfuð hans

**MOSKVA, AP** Rússnesk yfirvöld upplýstu í gær að þau hefðu greitt 60 milljónir króna fyrir upplýsingar sem leiddu til þess að þau fundu og drápu Aslan Maskjadovs, leiðtoga Tsjetsjena, í síðustu viku. Þau hafa sett sömu upphæð til höfuðs Shamil Basajev. Málið þykir til marks um harðari afstöðu Kremilverja til Tsjetsjena.

Þá hafa stjórnvöld látið sprengja upp húsið sem Maskhadov fannst í. Ekki er vitað hvort það var gert til að refsa þeim sem veittu honum skjól eða til að eyðileggja sönnunargögn. ■

## Þeir sem Bogi Ágústsson mælti með:

### ARNAR PÁLL HAUSSON



**Menntun:** Cand.mag. í landafræði og félagsfræði frá Háskólanum í Ósló 1981, eins árs þverfaglegt nám í umhverfisfræðum við sama skóla og kennararéttindi í fé-

lagsfræði- og landafræðifögum í Noregi. **Starfsreynsla:** Blaðamaður DV 1983-86, fréttamaður á Íslenska útvarpsfélaginu/Bylgjunni 1986-88, fréttamaður og þingfréttamaður útvarps 1988-92, forstöðumaður Ríkissjónvarpsins á Akureyri 1992-2000, fréttaritari RÚV í Kaupmannahöfn 2000-2002 og fréttamaður hjá útvarpinu frá hausti 2002.

### FRÍÐRIK PÁLL JÓNSSON



**Menntun:** Licence í heimspeki frá Háskólanum í París 1970, Maitrise í rökfræði frá René Descartes-háskólanum 1972, Licence próf í þjóðhagfræði frá Háskólanum í París 1976, Maitrise-próf í hagfræði frá sama skóla 1977.

**Starfsreynsla:** Fréttamaður á útvarpinu frá 1977, varafréttastjóri frá 1987, fréttamaður RÚV í Kaupmannahöfn 1988-91, umsjónarmaður Spegilsins frá 1999, ýmsar þáttaraðir á Rás 1, fór fyrir nefnd sem lagði til færslu fréttatíma og tilurð Spegilsins, starfandi fréttastjóri frá ágúst síðastliðnum.

### HJÖRDÍS FINNBOGADÓTTIR



**Menntun:** BA í félagsfræði frá HÍ 1985, þriggja mánaða námskeið við Norræna blaðamannaskólann í Árósum 1993, hefur að undanförunu stundað MPA-nám í opinberri stjórnsýslu við HÍ og lokið 42 einingum af 60.

**Starfsreynsla:** Tryggingasalí og gjaldkeri hjá Norðlenskri tryggingu 1977-78, gjaldkeri ASÍ 1978-81, fréttamaður hjá útvarpinu frá 1985 og varafréttastjóri frá desember 2001, upplýsingafulltrúi Norrænu friðargæslunnar á Sri Lanka sumarið 2004.

### JÓHANN HAUSSON



**Menntun:** BA í félagsfræði frá HÍ 1980, framhaldsnám í sama við Háskólanum í Lundi 1985-86.

**Starfsreynsla:** Kennsla og deildarstjórn MH 1980-85, ritstjóri hjá KOM 1990-92, dagskrárgerð á Rás 2 1992, fréttamaður hjá útvarpinu 1992-99, forstöðumaður RÚV Austurlandi 1999-2002 og dagskrárstjóri Rásar 2, forstöðumaður RÚV Akureyri og yfirmaður landshlutastöðva frá júní 2002. Unnið við endurskipulagningu landshlutastöðva RÚV frá 1999 og sama vegna Rásar 2.

### ÓÐINN JÓNSSON



**Menntun:** BA í sagnfræði og íslensku frá HÍ 1983, framhaldsnám í sama 1986 og í stjórn-málafræði 2001-02, diploma í opinberri stjórnsýslu frá HÍ 2004.

**Starfsreynsla:** Ritstjóri Stúdentablaðsins 1982-83, almannatengsl og framkvæmdastjórn á Auglýsingastofu Ólafs Stephensen 1983-86 og á Auglýsingastofu P&Ó 1986, dagskrárgerðarmaður RÚV 1982-86, fréttamaður hjá útvarpinu frá 1987, þar af í Kaupmannahöfn 1994-96, ritstjóri Morgunvaktarinnar frá 2003 og varafréttastjóri frá desember 2001. Ýmis skipulags- og nefndarstjórnir á vegum RÚV.

Úr upplýsingum um umsækjendur sem Útvarpsráð byggði ákvörðun sína á.

# IÐNÞING 2005

Dagskrá

**Stjórn Samtaka iðnaðarins boðar til Iðnþings 2005 föstudaginn 18. mars. Þingið verður haldið í Versölum, samkomusal í Húsi iðnaðarins að Hallveigarstíg 1.**

**10:00**  
**Afhending fundargagna**

**10:10**  
**Hefðbundin aðalfundarstörf**

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
2. Ársreikningar Samtaka iðnaðarins
3. Tillaga stjórnar að fjárhagsáætlun næsta árs
4. Lýst kjöri formanns og meðstjórnenda
5. Kjör í fulltrúaráð Samtaka atvinnulífsins
6. Kosning löggilts endurskoðanda
7. Kosning kjörstjóra og aðstoðarmanna hans
8. Önnur mál:
  - Kynntar helstu niðurstöður kannana um ástand og horfur í iðnaði og fleira
  - Almennar umræður

**Ályktun Iðnþings**

**Minum félagsmenn á árshóf Samtaka iðnaðarins**

sem verður í Versölum að kvöldi Iðnþings. Miðapantanir hjá Þóru Ólafsdóttur í síma 591 0100, netfang thora@si.is

**12:00** **Opin dagskrá**

Hádegisverður í boði Samtaka iðnaðarins

**Afhending verðlauna úr Verðlaunasjóði iðnaðarins**



**Ræða formanns SI,**  
Vilmundar Jósefssonar



**Ræða iðnaðarráðherra,**  
Valgerðar Sverrisdóttur



**„Þriðja stoðin“ - Tilboð til stjórnvalda**

Ingvar Kristinsson, form. Samtaka upplýsingatækniyrirtækja

**14:10** **Hátækni iðnaður á Íslandi**

Samtök iðnaðarins ásamt iðnaðar- og viðskipta-ráðuneytinu hafa látið vinna skýrslu um þróun, stöðu, framtíð og tækifæri hátækni iðnaðar á Íslandi og stöðu og stefnu hans á Norðurlöndum og Írlandi.

**Frétt frá Iðnþingi 2011**

Staða hátækni iðnaðar á Íslandi eftir sex ár



**Úttekt á skýrslu um hátækni iðnað á Íslandi**

Þórólfur Árnason, fyrrverandi borgarstjóri

**14:45** **Skilaboð frá**

**hátækniyrirtækjum**

Hvað þarf til þess að hátækni iðnaður skili verulegu framlagi til aukins hagvaxtar og bættra lífskjara?



Stefán Jökull Sveinsson, framkv.stj. þróunarsviðs Actavis Group hf.

Jón Ágúst Þorsteinsson, formaður Samtaka sprotafyrirtækja

Hörður Arnarson, forstjóri Marels hf.

Einar Mäntylä, i stjórn Samtaka íslenskra líftækniyrirtækja

Hilmar B. Janusson, framkv.stj. þróunarsviðs Össurar hf.

**16:15** **Iðnþingi slitið**

**SI**  
Samtök iðnaðarins

**Sterkur bakhjarl íslensks iðnaðar í 10 ár**

HVAD ER AÐ FRÉTTA? JÚLIUS JÚLIUSSON Á DALVÍK

## Undirbúningur fyrir fiskidaginn mikla hafinn

„Ja, það er helst að fréttu að við vorum að ákveða að halda fiskidaginn mikla í sumar. Hann verður sjötta ágúst og er þá haldinn í fimmta sinn,“ segir Júlíus Júlíusson, einn þekktasti Dalvíkingur síðari ára og driffjöður í félags- og menningarlífi staðarins. Júlíus flutti sig inn til Akureyrar í haust og hóf störf hjá Leikfélaginu þar í bæ en hefur látið af þeim og einbeitt sér nú að fiskideginum. Þátttakan í þessari bæjarhátíð Dalvíkinga hefur vaxið ár frá ári og má segja að fiskideginum mikla hafi vaxið fiskur um hrygg. „Það verður ýmislegt gert að



þessu sinni og uppákomur fleiri en áður,“ segir Júlíus. Miklar sögur hafa borist af gestafjölda og hermdu fréttir að um 27 þúsund hefðu mætt á kajann í fyrra. Júlíus þvertur fyrir að Dalvíkingar ljúgi til um fjöldann. „Nei, alls ekki. Ég stend við þessar tölur,“ segir hann og hlær en bætir við að hann sé orðinn hálfþreyttur á að tala um þessar háu tölur. Auk þess að vasast í fiskideginum mikla sinnir Júlíus veraldarvefnum; heldur úti afþreyingarsíðunni jullis.is þar sem finna má fróðleik og skemmtan af ýmsu tagi.

HVAD KOSTAR ÞAÐ?



RÚTUFERÐ MILLI AKUREYRAR OG REYKJAVÍKUR KOSTAR 5.900 Skólafólk, börn og lífevnisþegar fá afslátt. Ferðin fram og til baka kostar 9.700 krónur.

# 24

stundir

### SJÓNARHÓLL

ÁSTANDIÐ Í RÚV



NINA MAGNÚSDÓTTIR

## Fáranlega staðið að ráðningunni

„Mér finnst fáranlegt hvernig staðið var að þessari ráðningu,“ segir Nina Magnúsdóttir, myndlistarmaður og hússtýra í Klink og bank, um ástandið í Ríkisútvarpinu og ráðningu Auðuns Georgs Ólafssonar í starf fréttastjóra Útvarps, en tekur fram um leið að hún hafi ekki fylgst náið með hverju skrefi málsins. Hún sér eina leið færa til að friður komist á í Efstaleitinu á nýjan leik. „Mér finnst eðlilegt að Auðun skoði hvort fýsilegt sé að koma að nýju starfi með þessum hætti og mæli hreinlega með því að hann hætti við,“ segir hún og bætir við að sjálf hefði hún staðið með öðrum hætti að ráðningu fréttastjóra; hún hefði ráðið einhvern annan en Auðun.



**SELADRÁPUM MÓTMÆLT** Franskir dýravinir söfnuðust saman í gær fyrir fram- an kanadiska sendiráðið í París og mótmæltu seladrápum Kanadanna með þeim orðum að þau væru grimmileg og ástæðulaus. Engum fréttum fer af viðbrögðum yfirvalda í Ottawa, höfuðborg Kanada.

# Íslenskir Herbalife-salar á heimsráðstefnu í BNA

**Aldarfjórðungsafræmli Herbalife verður fagnað á alheimsráðstefnu í Atlantíu í Bandaríkjunum um miðjan apríl. Fjöldi íslenskra Herbalife-sala ætlað utan. Elton John spilar fyrir ráðstefnugesti.**

Íslenskir Herbalife-salar eru margir orðnir spennir fyrir ráðstefnunni miklu í Atlantíu í Bandaríkjunum í næsta mánuði og á heimasíðu þeirra eru dagarnir taldir niður. Heimsráðstefnur eru haldnar árlega en stemningin er óvenju mikil nú því 25 ár eru liðin frá stofnun Herbalife og afmælið haldið hátíðlegt um leið. Verður því meira um dýrðir en vanalega. Og ekki spillir hagstætt gengi dals.

Óljóst er hve margir Íslendingar ætla utan; sumir segja nokkrir tugir, aðrir segja töluna hundrað og enn aðrir segja hópinn fylla heila þotu. Hvað sem því líður er ljóst að hugur er í fólk. „Jú, jú, maður lætur þetta ekki framhjá sér fara, þetta gerist bara einu sinni á lífsleiðinni,“ segir Ásta María Eggertsdóttir, Herbalife-sali í Hólahverfinu í Reykjavík.

Hún mun sitja ráðstefnuna, sem stendur 14.-17. apríl, en ætlar út nokkrum dögum fyrr til að slappa af og njóta lífsins. Ásta María hefur setið alheimsráðstefnur Herbalife undanfarin ár, til dæmis í Barcelona, Köln og París, og segir það engu líkt. „Það skapast ólýsanleg samstaða og þetta er mjög góð tilfinning. Það er sérstaklega gaman að vera á þessum stóru ráðstefnum og á gangi niðri í bæ og hitta fólk úr hópnum. Það er bara eins og að hitta ættingja. Slík er samstaðan og væntumþykjan,“ segir Ásta María. Að auki er hún stolt af að taka þátt í að bæta heilsu fólks. „Fólk þarf að taka sig á ef það ætlar ekki að drukna í eigin spiki. Það færir mér mikla gleði að geta hjálpað til.“

Sjálfr byrjaði Ásta María að nota Herbalife fyrir sjö árum og hefur aldrei liðið betur. Segir lífsgæði sín hafa aukist til muna frá því sem áður var.



ÁSTA MARÍA EGGERTSDÓTTIR Er á leið á Herbalife-ráðstefnu í Bandaríkjunum ásamt tugum annarra Íslendinga. Elton John heldur tónleika fyrir ráðstefnugesti, sem gætu orðið á bilinu 50 til 70 þúsund.

Áður vann hún hjá hinu opinbera en hefur nú viðurværi sitt af Herbalife-sölu.

Ásta María er ánægð með sig og sitt og þarfnast einskis. Hún ætlar því ekki að þræða búðirnar í Bandaríkjunum þó að verðið sé hagstætt nú um stundir. „Ég er svo heppin að ég á allt af öllu og þarf ekki meira. Ég ætla bara að njóta lífsins og skemmta mér,“ segir hún en útilokar samt ekki að hún líti inn í eina eða tvær verslanir með vinkonum sínum.

Eins og á öðrum pylsum er

endi á þeirri pylsu sem heimsráðstefna Herbalife-fólks í Atlantíu er. Og vitaskuld leynt þar rúsin. Sjálfur Elton John mun spila fyrir ráðstefnugesti á föstudagskvöldinu. Og þeir þurfa ekki að borga krónu fyrir. „Já, Herbalife býður okkur upp á tónleika með Elton,“ segir Ásta María og hlakkar mjög til að hlýða á það ágæta söngvaskáld. „Einu sinni var okkur boðið upp á Annie Lennox og það var stórkostleg upplifun.“

bjorn@frettabladid.is

Mjóifjörður:

## Jafnræði kynjanna

Karlar og konur eru jafn mörg í Mjóafjarðarhreppi fyrir austan. Í hreppnum búa 38 manns, nítján karlar og nítján konur. Er með ólíkindum að kynjaskiptingin í heilu sveitarfélagi sé hnífjöfn, jafnvel þó sveitarfélagið sé fámennt.

Í nýutkomnu hefti ritraðarinnar Hagtíðinda, sem Hagstofan gefur út, má sjá að fjölgð hefur um mann og mann þar eystra síðustu ár.

Mjóifjörður er langur og mjór og er þorpið í firðinum kallað Brekkuborp.

Á bænum Brekku fæddist Vilhjálmur Hjálmarsson, sem sat á þingi fyrir Framsóknarflokkinn í tuttugu ár og var menntamálaráðgjafi eitt kjörtímabil. Eftir að þingmennskunni sleppti var hann meðal annars formaður útvarpsráðs.

Innar í firðinum er bærinn Hesteyri og þar er bóndi Anna M. Guðmundsdóttir. Er hún í þeim hópi fólks sem hefur sett sterkan svip á mannlífið í landinu og kunn er umhyggja hennar fyrir dýrum og því fólk sem minna má sín.

Lax er alinn í kvíum í firðinum og hafa nokkrir af því atvinnu.

- bps



ANNA Á HESTEYRI Hún er Mjóifjörðingur og í hópi þess fólks sem sett hefur sterkan svip á mannlífið í landinu.



# DYNAPAC

## Traustur tækjabúnaður



Vibratorar og dælur



Valtarar



Malbikunarvélar



Fræsarar

**KRAFTVÉLAR**

Dalvegi 6-8 · 201 Kópavogur  
Sími 535 3500 · Fax 535 3509  
www.kraftvelar.is

Frestur til að senda inn lög fyrir Bíldudals grænar runninn út:

# Bíldudalslögin hrönnuðust inn

„Þetta lofar mjög góðu, lögin hafa hrannast inn,“ segir Pétur Bjarnason, Bílddælingur og framkvæmdastjóri SÍBS, en hann er formaður dómnefndar lagasamkeppni sem Arnfirðingar efna til í tengslum við sumarhátíðina Bíldudals grænar. Skilafrestur rann út í gær og kemur dómnefndin saman til fyrsta fundar í dag til að fara yfir lögin.

Góð þátttaka kemur Pétri ekki á óvart enda sveitungar hans músíkalskir með eindæmum, líkt og hann sjálfur. „Þetta er mjög tónelskt samfélag og annar hver maður, og jafnvel meira, spilar eða syngur.“

Þegar Bíldudals grænar voru haldnar fyrir tveimur árum var tónlistin í hávegum höfð og margir dustuðu rykið af hljóðfærunum. „Þá voru uppvaktar sex eða sjö hljómsveitir sem höfðu starfað fyrir vestan og á vísnakvöldi komu fram á milli 30 og 40 manns.“

Sjálfur var Pétur í bransanum, lék á bassa með þeirri landskunnu stuðsveit Facon frá Bíldudal þar sem söngvarinn Jón Kr. fór fremstur í flokki. „Ég var settur á bassann tveimur dögum fyrir ball á sínum tíma og hafði ekki séð svoleiðis hljóðfæri nema úr tíu metra fjarlægð en kunnir aðeins á gítar,“ rifjar Pétur upp. „Það

gerði sig samt, menn voru ekki kröfuharðari en þetta.“

Fyrir tveimur árum kom Facon saman á nýjan leik og Pétur útlókar ekki að slíkt gerist aftur í sumar. „Það er hugsanlegt að við reynum að rifja eitthvað upp.“

Mikinn tónlistaráhuga Bílddælinga rekur Pétur til yfirskilvitlegra afla. „Það eru galdrar þarna og svo eru menn innblásnir af náttúruferðinni; fjöllum og fjörðum.“

Það kemur í ljós í byrjun má hvaða lag verður einkennislag Bíldudals grænna þetta árið og víst að margir biða spenntir.



- bps PÉTUR BJARNASON Stendur í ströngu við að fara yfir innsend lög í Bíldudals grænar.



BENEDIKT KRISTJÁNSSON Ætlað er að um 50 þúsund manns hafi farið á bókamarkaðinn í Perlunni.

Bókamarkaðnum lokið:

## 100 þúsund bækur seldust

Slegið er á að um eitt hundrað þúsund eintök af bókum og blöðum hafi selst á nýafstöðnum bókamarkaði Félags íslenskra bókaútgefenda í Perlunni.

Líkt og vanalega var verðbil lesefnisins mikið og hægt að fá gömul blöð og tímarit á 50-100 krónur stykkið og nýlegar bækur á nokkur þúsund.

Benedikt Kristjánsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bókaútgefenda, segir að fleiri eintök hafi selst nú en áður en andvirðið sé aðeins minna en í fyrra. Ástæðan liggur í verðlækkun. „Það var greinilegt að menn vildu hreinsa til á sínum lagerum og voru tilbúnir að fara með verðið niður úr öllu valdi eins og maður segir.“

Benedikt giskar á að um 50 þúsund manns hafi komið á markaðinn þá tíu daga sem hann stóð og veit fyrir víst að sumir komu oftár en einu sinni.

Eins og gengur gengu sumir tómhentir út en aðrir klyfjaðir lesefni sem ýmist verður lesið upp til agna næstu vikur eða safnar ryki í bókahillum.

Fyrsti bókamarkaður Félags íslenskra bókaútgefenda var haldinn fyrir um hálfri öld og sáu bóksalarnir Jónas Eggertsson og Lárus Blöndal um hann.

Næsti stóri bókaútgáfaferðir verður upp úr miðjum apríl þegar sjálf vika bókarinnar er haldin en hún nær hámarki á alþjóðlegum degi bókarinnar, 23. apríl.

- bps



AD LEIK Kötturinn Wiesiek sem býr í Var-sjá í Póllandi leikur sér að snjókornum sem fallið hafa á framrúðu bifreiðar. Er ekki annað að sjá en að Wiesiek sé hinn hressasti.

# Gefðu rétta tóninn!



Nokia 3100

iPod shuffle

Samsung E 700

eða

+ 300 SMS\*, 50 Myndskilaboð og 5 Java-leikir, hringitónar og veggfóður.

# = 19.900 kr.



Heyrumst!

Komdu í Og Vodafone verslun, smelltu þér á [www.ogvodafone.is](http://www.ogvodafone.is) eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar. \*Þú færð 500 kr. inneign á símanúmerið þitt mánaðarlega í 6 mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍJA.IS ÖCV 27344 03/2005

FBL GREINING: RÍKISÚTVARPIÐ

## Almenningsútvarp

Í umræðunni um breytingar á lögum um Ríkisútvarpið að undanfögnu hefur oft sinni verið minnst á skyldur Ríkisútvarpsins sem almenningsútvarps.

Hvað er almenningsútvarp?

Útvarpsstöðvar sem reknar eru af ríkjum eru hugsaðar sem opinberar þjónustustofnanir, sem nefnast á ensku „public service broadcasting“. Þeim er ætlað að flytja vandað efni, sérstaklega af innlendum og menningarlegum toga, sem ekki er víst að útvarpsstöðvar sem eingöngu eru reknar með viðskiptasjónarmið í huga telji arðvænlegt að láta gera eða flytja.

Einnig er sú krafa gerð til ríkisútvarpsstöðvanna að þær tryggji vissa fjölbreytni í efnisvali og efnismeðferð og tryggji að skoðanir og sjónarmið í þýð-

ingarmiklum þjóðfélagsmálum er almenningsútvarp komist á framfæri. Auk þess eiga þær að tryggja að um mál sé fjallað málefnalega og af hlutlægni.

Hvers vegna er það talið nauðsynlegt? Almenningsútvarp er talið hafa afgerandi þátt í fjölhyggju í fjölmiðlum sem sé aðgengileg fyrir alla með því að séd sé fyrir viðtækri dagskráþjónustu er nái til upplýsingar, menntunar, menningar og afþreyingar. Pólitísk öfl innan Evrópusambandsins, þar á meðal ráðherraráð sambandsins, leggja einnig mjög ríka áherslu á rétt ríkjanna til þess að reka útvarp í almannabágu og rétt einstakra ríkja til þess að skilgreina hlutverk þess. Menningarmálaráðherrar Norðurlanda hafa á síðustu árum lýst



yfir stuðningi við útvarp í almannabágu. Í greinargerð nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi frá því í apríl í fyrra er bent á að eitt af meginatriðum tilmæla Evrópuráðsins um fjölbreytni í fjölmiðlum sé

að aðildarríkin viðhaldi almenningsútvarpi og skapi slíkum fyrirtækjum tækifæri og svigrúm til að þróast og til að nýta sér þær nýjungar og möguleika sem felast í bættri fjarskipta- og útvarpstækni.



60 síður  
islensk eldhús

**HÚS  
OG HÍBYLI**

NR. 192 - MARS 2005 3. TBL. - VERÐ 899 KR

ALLT UM ELDHÚS

ÖSSUR

**HJÁ UPPSELT  
UTGEFANDA**

ELDHÚSIN  
HEIMA HJÁ  
Mögnu Rósu í  
IDNO  
Leifi hjá  
LA PRIMAVERA  
Ágústi í  
SJÁVAR-  
KJALLARANUM

Hús og híbýli Úppinn lífstill



ÍBÚÐIR Í GRAFARHOLTI Verð íbúðarhúsnæðis hefur hækkað meira en nokkru sinni eða um 25 prósent í fyrra. Þessi mynd er af húsum í Grafarholti. Húsin tengjast ekki efni greinarinnar beint.

# Verktakar missa af hagnaðinum

Drátt fyrir hækkun íbúðaverðs sýna fyrirtæki í byggingariðnaði mun minni hagnað en fyrirtæki í öðrum greinum, að mati Samtaka Iðnaðarins. Sveitarfélög, fjármálastofnanir, ríki, fasteignasalar og fasteignaeildsalar hirða bróðurpartinn af þeirri hækkun sem hefur orðið á verði íbúða.

**HÚSNÆÐISMARKAÐURINN** Fyrirtæki í byggingariðnaði sýna mun minni hagnað en fyrirtæki í flestum öðrum greinum. Í byggingariðnaði er hagnaðurinn að meðaltali tvö til fimm prósent en í öðrum greinum er hagnaður upp á 25-30 prósent talinn ásættanlegur.

Sveitarfélög, fjármálastofnanir, ríki, fasteignasalar og fasteignaeildsalar hirða bróðurpartinn af þeirri hækkun sem hefur átt sér stað á verði íbúða en ekki væri óeðlilegt að hluti af hækkun íbúðaverðs á síðustu mánuðum færi til byggingaverktaka.

Þetta er mat Samtaka iðnaðarins. Verð íbúðarhúsnæðis hefur hækkað meira en nokkru sinni, eða um 25 prósent á síðasta ári. Ástæðurnar eru margar. Aukinn aðgangur er að lánsfé, vaxtakostnaður er lægri og hagur almennings hefur batnað samfara hagsveiflu.

„Þetta skýrir samt ekki hækkun fasteignaverðs um tugi prósent á einu ári og enn gera bankar og fasteignasalar ráð fyrir að verð hækki um 20 prósent á þessu ári,“ segir í minnisblaði sem Samtök iðnaðarins hafa látið taka saman um fjármögnun og byggingu íbúðarhúsnæðis.

**Hver er að græða?**

Vangaveltur eru um það hverjir njóti af frakstursins af hækkuninni. „Bankar og fjármálastofnanir taka þessa fjármuni til sín. Þetta fé verður eftir hjá bygging-

araðilum, fasteignasölum og ríkisstofnunum eða rennur til sveitarfélaga. Þau stunda útboð á lóðum sem færa þeim 10-17 milljónir í gatnagerðargjöld af hverri íbúð. Þarna erum við að tala um tölur sem eru svimandi háar,“ segir Eyjólfur Bjarnason, byggingatæknifræðingur hjá Samtökum iðnaðarins.

Eyjólfur segir eðlilegast að hækkunin fari að mestu til þeirra sem framleiða húsnæðið í formi hagnaðar en hann segir það ekki hafa verið reynslu byggingaverktaka. „Í dag er lóðaverðið alltof hátt. Þessu er velt út í verðlagið en við vonum auðvitað að verktakararnir fái eitthvað af þessari köku. Hagnaðurinn í þessum geira hefur verið allt frá því að vera neikvæður sum árin og upp í 5-6 prósent sem þykir alls ekki ásættanlegur hagnaður í mörgum öðrum geirum,“ segir hann.

**Hækkun á lóðaverði skiptir mestu máli**

Hækkun fasteignaverðs má að miklu leyti rekja til hækkunar á lóðaverði, til dæmis í Garðabæ eða Norðlingaholti í Reykjavík þar sem 17 milljónir hafa verið boðnar í lóð. Eyjólfur segir að lóðaverðið sé grunnurinn og húsnæðið sé verðlagið í samræmi við þetta. Þegar lítið framboð sé á lóðum og lóðir séu boðnar út þá komi fram mikil verðhækkun. Þessi hækkun hafi ekki eingöngu áhrif á verð húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu heldur valdi það al-

mennti hækkun á húsnæðisverði um land allt.

Vaxtastig framkvæmdalána, sem byggingaverktakar taka, skiptir einnig miklu máli. Verktakar taka yfirleitt framkvæmdalán í viðskiptabóknum sínum og eru fjárhæðirnar hærri nú en fyrir rúmum tveimur árum, meðal annars vegna herra lóðaverðs. Þetta leiðir til aukinnar lántöku með hærri vaxtagjöldum. Verktakar búa við mishátt vaxtastig sem miðast að öllum líkindum við lánsþæfi þeirra og trúverðuleika.

**Hlutverk fasteignaeildsala**

Fasteignaeildsalar hafa verið að ryðja sér til rúms á markaðnum. Þeir kaupa lóðir eða byggingarétt á lóðum, ráða síðan verktaka til framkvæmda og reyna síðan að hámarka söliverðið til að fá „ásættanlega“ ávöxtun af fjárfestingunni. „Heyrst hafa sögur af slíkum fjárfestum sem selja eignirnar milli fyrirtækja í sinni eigu til að skrufa upp verðið áður en þær eru seldar endanlegum íbúum,“ segir í minnisblaðinu.

Þá er bent á að fasteignasalar fái tiltekinn hundradshluta af söluandvirði eigna án tillits til þess hvert vinnuframlag þeirra er. Því herra sem fasteignaverðið sé þeim mun hærri sé söluþóknunin sem komi í þeirra hlut. Til viðbótar séu opinber gjöld sem tengjast kaupum og sölu húsnæðis. Ríkið hafi því auknar tekjur af hækkandi íbúðaverði.

ghs@frettabladid.is

HJÓNIN ATLI EÐVALDSSON OG STEINUNN  
GUBNADÓTTIR BÆJARFULLTRÚI FYRIR DÓMSTÓLA

Tengdamamma  
stefndi Atla  
Eðvaldssyni  
eftir að hann  
flutti út

VILL HLUT Í HÚSI HJÓNANNA

**DV** - hefur þú séð DV í dag?

SÉRFRÆÐINGAR SEGJA:

# Réttur til lífs og tjáningarfrelsi

Í dag fjallar Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna um fjórðu skýrslu Íslands um framkvæmd alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórn málaaleg réttindi. Guðrún D. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands, segir að þetta sé í 83. sinn sem Mannréttindanefndin kemur saman. Áður hefur hún fjallað um þrjár skýrslur Íslands en nú verður sú fjórða tekin fyrir. Hún segir alþjóðasamninginn um borgara- og stjórn málaaleg réttindi hafa tekið gildi í mars árið 1976 en Ísland fullgilti hann árið 1979. Samningurinn inniheldur reglur um réttindi einstaklinga, meðal annars bann við mismunun, réttinn til lífs, bann við pyndingum, friðhelgi einkalífs og fjölskyldu auk skoðana, tjáningar- og trúfrelsis, en

einnig er kveðið á um skyldur aðildarríkja og eftirlit Mannréttindanefndarinnar með framkvæmd samningsins. Guðrún segir Mannréttindaskrifstofu hafa sent „skuggaskýrslu“ til Mannréttindanefndarinnar en nefndin hefur beðið stjórnvöld um viðbótarupplýsingar, meðal annars um launamun kynjanna, stuðning til handa fórnarlömbum heimilisofbeldis, virkni og framkvæmd nálgunarbands, tíðni nauðgana, mansal og aðgerðir stjórnvalda til að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi. Enn fremur óskaði nefndin eftir upplýsingum um gagnagrunn á heilbrigðissviði, Falung-Gong málið, fangelsismál, trúfrelsi í skólum, skipan dómara í hæstarétt, erlent vinnuafli og kynþáttafordóma á Íslandi.



Guðrún sagði Mannréttindaskrifstofu standa höllum fæti fjárhagslega, enn væri beðið svars frá ráðuneytum vegna umsókna sem sendar voru inn fyrir jól. „Annars vonumst við eftir stuðningi einkaaðila ef stjórnvöld sjá ekki hag sinn í því að hér, eins og hjá öðrum siðmenntuðum þjóðum, starfi sterk, óháð stofnun á sviði mannréttinda.“

**GUÐRÚN D. GUÐMUNDSDÓTTIR** Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna óskaði eftir upplýsingum um gagnagrunn á heilbrigðissviði, Falung-Gong málið, fangelsismál, trúfrelsi í skólum, skipan dómara í hæstarétt, erlent vinnuafli og kynþáttafordóma á Íslandi.



**HEITT Í HAMSÍ** Indu Devi, 77 ára, er ekki þar hrifin af vélvæðingu sandnáma í Allahabad á Indlandi. 25.000 félagar Indu munu missa vinnuna vegna hagræðingarinnar.



## Þróunin á byggingamarkaði

- Fasteignaverð hækkaði um 25 prósent á síðasta ári.
- Gert er ráð fyrir frekari hækkun upp á 20 prósent á þessu ári.
- Sveitarfélög bjóða út lóðir og fá 10-17 milljónir í gatnagerðargjöld af hverri einbýlishúsaloð.
- Fyrirtæki í byggingariðnaði skila tveggja til fimm prósent hagnaði að meðaltali.
- Fyrirtæki í öðrum greinum telja ásætlanlegt að fá 25-30 prósent hagnað.
- Verktakafyrirtæki fá framkvæmdalán í bönkum.
- Vaxtastigið er mishátt eftir láns hæfi og trúverðugleika.
- Lánsfjárhæðirnar eru hærri nú en fyrir tveimur árum.
- Ný stétt hefur komið fram, fasteignaheildsalar.
- Fasteignaheildsalamir fá verktaka til framkvæmda og reyna að hámarka sinn hagnað af húsnæðinu við sölu.
- Heyrst hefur um sölu eigna milli fyrirtækja til að skrúfa upp verðið áður en eignir eru seldar endanlega.
- Því herra fasteignaverð þeim mun hærri sölupóknun til fasteignasala.
- Sveitarfélög, fjármálastofnanir, ríki, fasteignasalar og fasteignaheildsalar hirða bróðurpartinn af hækkuninni.
- Byggingaverktakar fá eitthvað líka.

Byggt á minnisblaði frá Samtökum iðnaðarins.

# SFR FÉLAGAR!

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAPJÓNUSTU

## Kynntu þér nýjan kjarasamning

Nýgerður kjarasamningur SFR – stéttarfélags í almannapjónustu og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verður kynntur á opnum fundi á Grettisgötu 89, 4. hæð (BSRB húsinu), **miðvikudaginn 16. mars kl. 16.30.**

**Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna.**

**Einnig eru skipulagðir fundir á eftirtöldum vinnustöðum:**

LSH Fossvogi – skáli á 5. hæð	miðvikudaginn 16. mars kl. 12
LSH Hringbraut	miðvikudaginn 16. mars kl. 12
Tollstjórinn/Skattstofan í Reykjavík	miðvikudaginn 16. mars kl. 13.30 og 14.30
ÁTVR – Stuðlahálsi	miðvikudaginn 16. mars kl. 14
Landgræðslan – Gunnarsholti	fimmtudaginn 17. mars kl. 8.30
Akranes – stjórnsýsluhúsinu	fimmtudaginn 17. mars kl. 8.30
Skattstofan Hellu	fimmtudaginn 17. mars kl. 10
Hvanneyri	fimmtudaginn 17. mars kl. 11
Vinnueftirlit – Reykjavík	fimmtudaginn 17. mars kl. 15
Selfoss – Hótel Selfossi	fimmtudaginn 17. mars kl. 16.15
Sauðárkrókur – Kaffi Króki	fimmtudaginn 17. mars kl. 16.15
Akureyri – Hótel Kea	föstudaginn 18. mars kl. 8
Lögreglustjórinn í Reykjavík	föstudaginn 18. mars kl. 8
Egilsstaðir – Hótel Héraði	föstudaginn 18. mars kl. 12
LSH Fossvogi – Blásalir deild E7 á 7. hæð	mánudaginn 21. mars kl. 14
Tryggingastofnun (4. hæð BSRB-húsinu)	mánudaginn 21. mars kl. 16.15
Þjóðleikhúsið	þriðjudaginn 22. mars kl. 16

# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Menningarstraumarnir liggja til og frá landinu.

## Í alfaraleið

Sú tíð er liðin að Reykvíkingar þyrpist niður að höfn þegar skip birtast til að spyrja „Lever Kongen?“ eða eitthvað í þá veru eins og alsíða var á nítjándu öld og fyrr þegar vorskipp og haustskip erlendra kaupmanna voru helsti tengiliður landsmanna við umheiminn. Þá voru nýjustu fréttir á Íslandi almælt tíðindi í nágrannalöndunum mörgum mánuðum fyrr. Samtíma viðburðir fara ekki lengur framhjá þjóðinni, þökk sé fjölmiðlum og fjarskiptum, þótt vissulega komi þeir dagar að einhverjir hljóta að spyrja sig hvers virði allar þessar fréttir, sem því miður eru æði margar af hörmungum og böli, séu fyrir sálarheill og daglegt líf okkar. Kannski biðu menn takmarkað tjón af fásinni og fréttaleyfi fyrri alda?

Menningarstraumarnir liggja ekki aðeins til Íslands heldur einnig frá landinu og um heim allan. Við eigum marga frambærilega listamenn, nokkra í alþjóðlegum sérflokk, sem heimsbyggðin hefur áhuga á.

En ekki dugar annað en að taka í útrétta hönd nútímans og reyna þá fremur að nýta sér til gagns og gamans möguleikana til aukins þroska, menntunar og vísýni, sem bjóðast þegar heimurinn skreppur saman, heldur en að dvelja við hitt sem er dapurlegt og niurdrepandi. Það hafa Íslendingar ekki síst gert á sviði listanna, þar sem hvern viðburðinn öðrum áhugaverðari hefur rekið á fjörur okkar á undanförunum vikum og mánuðum. Hingað koma í röðum fremstu listamenn veraldar, söngvarar, hljóðfæraleikarar, dansarar, skáld og rithöfundar, myndlistarmenn og skemmtikraftar af ýmsu tagi. Þótt fleiri listamenn komi við sögu í stórborgum eins og New York, Lundúnum, París og Róm er fjölbreytnin í menningarlífinu í höfuðborginni okkar á heimsælíkvarða. Það hefur svo aftur gefið íslenskri ferðabjónustu tækifæri sem forðum hefðu ekki hvarflað að nokkrum manni hér á landi.

Hin alþjóðlega gróska í menningunni er ekki bara til orðin vegna byltingar í fjölmiðlum og fjarskiptum. Ekki má gleyma þeim sem ruddu brautina og tengdu Ísland við umheiminn á öldinni sem leið. Með ferðum íslenskra flugfélaga milli Bandaríkjanna og Evrópu sköpuðust möguleikar sem menningarlífið hefur getað notfært sér áratugum saman og í síauknum mæli á undanförunum árum eftir því sem ferðum hefur fjölgað. Kannski voru Ragnar í Smára og Tónlistarfélagið einna fyrst til að kveikja á þeim möguleikum sem millilendingin í Keflavík skapaði til að fá erlenda listamenn til landsins. Aðrir hafa síðan fetað í fótspor þeirra. Drýgstur hefur verið þáttur Listahátíðar í Reykjavík, sem segja má að hafi umskapað listalíf okkar og menningarlegan sjóndeildarhring á örfáum áratugum. Það brautryðjandastarf verður seint fullþakkað.

Menningarstraumarnir liggja ekki aðeins til Íslands heldur einnig frá landinu og um heim allan. Við eigum marga frambærilega listamenn, nokkra í alþjóðlegum sérflokk, sem heimsbyggðin hefur áhuga á. Ekki leikur vafi á því að nýjar kynslóðir íslenskra listamanna hafa örvast af kynnum af erlendum listamönnum og listastefnum og heimsóknir og kynning því haft tvöfalt gildi fyrir land og þjóð. Ísland er nú orðið í alfaraleið og það eigum við að notfæra okkur til að bæta menningu og mannlíf í landinu. ■

**ÖLL FLOTTUSTU FERMINGARÚRIN**

DKNY  
DIESEL  
CASIO  
DOLCE GABBANA

*Jon & Óskar*

ÚR • SKARTGRÍPIR • GJAFAVARA

Laugavegi 61 • Sími 552 4910 [www.jonogoskar.is](http://www.jonogoskar.is)

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Framhaldslíf?

Eru pistlar sem dagblöðin birta um mál-efni liðandi stundar þess virði að þeim sé haldið til haga og jafnvel gefnir út á bók? Líklega er ekkert einhlítt svar til við því. Blaðgreinar eru misjafnar, sumar eldast illa, aðrar betur. Grein sem mönnum þykir snjöll og frumleg þegar hún birtist kann að þykja bæði illa stíluð og vanhugsuð þegar hún er rifjuð upp nokkrum mánuðum eða árum síðar. En hitt er líka til að efni sem menn birta í blöðunum batni við nánari kynni og sé þess verðugt að komast á bók til lengri varðveislu en blöðin bjóða upp á.

#### Bládagreinar á bók

Þetta er nefnt hér í tilefni af því að Jakob F. Ásgeirsson rithöfundur hefur safnað

bládagreinum sínum, sem birtust í Morgunblaðinu og Viðskiptablaðinu á árunum 1998 til 2004, saman í lítið kver og gefið þær út undir nafninu Frá mínum bæjar- dyrum séð. Jakob er prýðilega pennafær, meðal annars höfundur bókana Alfreðs sögu og Loftleiða (1984), samtalsbókar við Kristján Albertsson (1986) og ævi- sagna Péturs Benediktssonar (1998) og Valtýs Stefánssonar (2003). Hvað sem mönnum kann að finnast um skoðanir Jakobs á mönnum og málefnum, en hann má kalla einhvers konar sambland af íhaldsmanni og frjálshyggjumanni, reynist þetta prýðilegt verk sem gaman er að lesa.

#### Davíð oftast nefndur

Það er nokkuð til í því sem höfundur-

inn segir í formála bókarnar að pistlarnir gefa „dágóða mynd af tíðaranda og þjóðmálabarattu þessara ára“ eins og Jakob hefur upplifað hvort tveggja. Er lærdómsríkt að máta skrifin við eigin minningar. Það gefur bókinni aukið gildi að henni fylgir skrá yfir mannanöfn og atriðisorð. Og þeir sem kannast við Jakob og skrif hans verða vist ekki hissa þegar þeir heyra að þeir menn sem oftast eru nefndir á nafn í bókinni eru samherjar hans Davíð Oddsson og Björn Bjarnason, Davíð 41 sinni og Björn 20 sinn- um, og svo andstæð- ingurinn Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sem nefnd er átján- sinnum.

gm@frettabladid.is



## Hinn risinn rís á fætur

Ég reiknaði það einu sinni út í flugvél á leið frá Indlandi að Indverjum hafði fjölgað um meira en eina milljón þessar þrjár vikur sem ég stoppaði í landinu. Mér varð líka hugsað til þess að á sléttunum meðfram Gangesfljóti bjó fleira fólk en samanlagt í risaveldum þess tíma, Sovétríkjunum og Bandaríkjunum. Á litlu svæði við ósa Ganges og Bramaputra, á land- skika sem er heldur stærri en Ísland, býr nú fleira fólk en í öllu Rússlandi. Menn vita flestir af því að fimm tungur jarðarbúa býr á Indlandsskaga, flestir þeirra á Indlandi sjálfu, en þessi staðreynd er þó yfirleitt ekki stór dráttur í mynd manna af heiminum. Þetta er vegna þess að Indland hefur skipt svo litlu máli í viðskiptum og pólitík heimsins á síðustu áratugum. En það er að breytast.

Slík er stærð Indlands að stórar breytingar á höfum manna þar geta haft veruleg áhrif á stjórnmál, viðskipti og menningu heimsins, rétt eins og uppangurinn í Kína er að breyta atvinnulífi um allan heim og aðstæðum í stjórnmálum í stórum hluta hans. Það segir nokkra sögu um mögulega fyrir- ferð þessara tveggja þjóða að þær eru jafn stór hluti af mann- kyninu og Reykvíkingar eru af íslensku þjóðinni.

Þótt Indland standi Kína enn langt að baki hvað varðar efnahagsþróun ríkir þar engin kyrr- staða lengur. Hagvöxtur hefur tekið verulega við sér og gæti numið 6-7% á ári næstu árin ef ekki kemur til stórfelldra pólit- ískra eða efnahagslegra áfalla. Indverskar borgir eru teknar að breytast með miklum hraða. Ný millistétt með nýjar neysluvenj- ur er orðin áberandi en til hennar telst álíka margt fólk og býr í Bandaríkjunum. Breytingarnar virðast hins vegar stundum ná

#### Í DAG INDLAND

JÓN ORMUR  
HALLDÓRSSON



Það segir nokkra sögu um mögulega fyrirferð þessara tveggja þjóða að þær eru jafn stór hluti af mannkyninu og Reykvíkingar eru af íslensku þjóðinni.

til fárra. Ökuferð í gegnum ind- verska stórborg er enn eitt af margbrotnustu ferðalögum sem menn geta farið á einni dagstund því þar ægir saman nýjum tíma og gömlum, hátækni og steinöld, vaxandi velsæld og skelfileg- ustu örbirgð í heimi. Ég heim- sótti ríkan kaupslumann fyrir nokkru á Indlandi til að ræða um hátækniyrirtæki en á meðan þjónn hans fylgdi mér út í bíl sóttu að okkur holdsveikir betl- arar og limlest börn.

Menn finna heldur ekki enn sem komið er mikið fyrir Ind- landi í heimsviðskiptum nema fáeinum greinum eins og í hug- búnaðarframleiðslu, þar sem Indland hefur náð gífurlegum árangri, og í einstaka greinum iðnaðar, eins og lyfjaiðnaði og framleiðslu íhluta í bíla. Eitt það athyglisverðasta í atvinnulífinu er tilflutningur á alls kyns þjón- ustustarfsemi og hönnunarvinnu frá fyrirtækjum á Vesturlöndum til fyrirtækja á Indlandi sem taka að sér allt frá símaþjónustu

og bókhaldi yfir í tölvu- og verk- fræðibjónustu fyrir vestræn fyrirtæki. Indland er enn tiltölu- lega lokað hagkerfi, þótt það sé óðum að opnast, á meðan Kína er orðið þriðja stærsta viðskipta- land heimsins. Erlend fjárfest- ing í Kína er líka tuttugu sinnum meiri en á Indlandi. Þótt ind- verskir háskólar útskrifi meira en hundrað þúsund verkfræð- inga á hverju ári er grunnskóla- kerfi landsins í molum. Þeir sem vilja fá einhvern skilning á möguleikum og hættum næstu áratuga í atvinnulífi og pólitík heimsins verða engu að síður að taka Indland með í reikninginn sem eitt af stórveldum framtíð- ar.

Mönnum hættir til að gleyma því hve stutt er síðan Vesturlönd náðu sínum yfirburðum í heim- inum. Fyrir innan varð tvö hund- uð árum síðan var Kína stærsta hagkerfi heimsins og hafði þá verið það samfleytt í tvö þúsund ár. Indland var næststærst. Um það leyti sem Jónas Hallgrím- son var að yrkja sín kvæði mynduðu Indland og Kína í sam- einingu nálega helminginn af hagkerfi heimsins. Rúmlega hundrað árum seinna, við lok ný- lendutímans, mældust þau í sameiningu með um 7% af fram- leiðslu heimsins. Kínverjar líta á síðustu tvær aldir sem stutt hlé á eðlilegum yfirburðum Kína í heiminum. Þegar ég kom fyrst til Indlands vildu allir ræða við mig um skelfingar nýlendutím- ans og þau óleysanlegu efnahagslegu vandræði sem landið hafði ratað í. Nú vilja menn ræða framtíðina. Indland og Kína eiga langt í land með að hafa sömu fyrirferð í heiminum og Reykjavík hefur á Íslandi en þarna býr fólk, þarna er marg- slungnustu menningu í mann- heimi að finna, og þarna munu stórir kaflar í sögu okkar man- nanna gerast á næstum árum. ■

Ruslið í borginni:  
**Erum við sóðar?**  
Meðfram stígum og strætum  
höfuðborgarinnar er ógrynni af  
rusli og drasli. Hvenær á að taka til?

**LESTU GREININA Á VISIR.IS  
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA**

**visir**

#### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík AÐAL- SÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLSLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



# Kjör rektors Háskóla Íslands

UMRÆÐAN  
REKTORSKJÖR



PÁLL VALDIMARSSON  
PRÓFESSOR

„**Ágúst Einarsson hefur sýnt það sem farsæll deildarforseti til margra ára að hann getu til að takast á við stjórnun innan hins akademíska umhverfis.**

Það eru tveir góðir frambjóðendur til rektorskjörs í Háskóla Ísland núna á fimmtudag. Þæði Kristín Ingólfssdóttir og Ágúst Einarsson yrðu verðugir og góðir leiðtogar Háskólans.

Háskóli Íslands hefur vaxið mikið á síðustu árum, og er núna einn af stærstu vinnustöðum landsins. Slíkri stækkun fylgja óhjákvæmilega vaxtarverkir. Ytri aðstæður skólans eru líka breyttar, og má þar nefna að þjónustusamningar hafa tekið við af beinum fjárveitingum til skólans. Samkeppnin hefur harðnað, það er komin samkeppni frá öðrum menntastofnunum innanlands til viðbótar við samkeppni við erlenda háskóla. Af þessu má draga

þá ályktun, að Háskólinn mun þurfa að aðlaga sig þessum breyttu aðstæðum til þess að viðhalda stöðu sinni sem leiðandi rannsóknar- og menntastofnun í íslensku þjóðfélagi.

Hlutverk rektors er að vera leiðtogi og stjórnandi, að bregðast við þessum breytingum á ytri aðstæðum, og tryggja að innra starf skólans gangi lipurlega og eins og vel smurð vél. Þetta er með öðrum orðum stjórnenda-starf í einu stærsta fyrirtæki landsins.

Þar þarf að gefa starfsfólki færi á að rannsaka, vera í fararbroddi á sínu fagsviði, hvort sem þar er um að ræða fræðilegar skoðanir á gammablossum frá

fjarlægum stjórnuþokum eða hagnýtar rannsóknir á þéttingu ammoníaksgufu í eimsvala orkuversins á Húsavík. Þekkingunni þarf síðan að miðla, tryggja að kennsla við skólann sé í hæsta gæðaflokki og nemendurnir geti litið til baka að námi loknu og sagt við sjálfa sig: „Erfitt, óskipulagt á köflum, en gaman og námið við HÍ hefur verið lykilatriði í velgengni minni“.

Næsti rektor mun þurfa að takast á við þessi viðfangsefni. Hinn nýi rektor mun þurfa að setja hinum ýmsu þáttum starfsins innan skólans markmið, sem taka tillit til breyttra ytri aðstæðna. Hinn nýi rektor mun þurfa að afla fjármagns frá hinu

opinbera og frá einkaaðilum og fyrirtækjum, og sú barátta mun fara fram á forsendum atvinnulífs og stjórnsýslu, en ekki akademískum og vísindalegum forsendum.

Til þessara viðfangsefna vil ég styðja Ágúst Einarsson. Hann hefur sýnt það sem farsæll deildarforseti til margra ára að hann hefur getu til að takast á við stjórnun innan hins akademíska umhverfis. Hann hefur mikla reynslu sem stjórnandi í atvinnulífinu, auk þess að hafa setið á Alþingi og tekið virkan þátt í opinberri stjórnsýslu. Því er lokaniðurstaða mín einföld: Gerum Ágúst Einarsson að næsta rektor Háskóla Íslands. ■

## Kjósum Kristínu rektor

Þann 17. mars næstkomandi fer fram önnur umferð rektorskosninga í Háskóla Íslands. Annar frambjóðenda þar er Kristín Ingólfssdóttir, prófessor. Kristín Ingólfssdóttir leggur mikla áherslu á að s t y r k j a bæði grunn- og rannsóknatengt framhaldsnám við HÍ. Námsgráður okkar munu fylgja okkur alla starfsævina og því skiptir það okkur



TINNA RÁN  
ÁGISDÓTTIR

nemendur miklu máli að Háskóli Íslands verði áfram í fremstu röð og að einstaklingar með prófgráðu frá Háskóla Íslands verði eftirsóknarverðir starfskraftar á vinnumarkaðnum sem og í alþjóðlegum samanburði. Kristín hefur lagst alfarið gegn hugmyndum um skólagjöld við HÍ, hvort sem er í grunnnámi eða í framhaldsnámi. Háskólanám á að vera arðbær fjárfesting fyrir þjóðfélagið og því þarf að tryggja að góðum námsmönnum sé ekki hafnað með tilliti til efnahags. Háskóli Íslands fær nú þegar minni fjárframlög frá ríkinu en sambærilegir háskólar í nágrannalöndunum fá, auk þess sem tilhneigingin hefur verið að framlög ríkis til háskóla lækki, frekar en hitt, í þeim löndum þar sem nemendur greiða skólagjöld og aukinni fjárförf mætt með hækkuðum skólagjalda. Það er mín reynsla sem nemandi Kristínar og fulltrúi nemenda í deildarráði lyfjafræðideildar að Kristín er kona sem hlustar á raddir nemenda og bregst við þeim. Ég hvet alla sem hafa atkvæðisrétt í rektorskosningunni að láta málefni Háskóla Íslands sig varða og mæta á kjörstað á fimmtudag. Merkjum X við nafn Kristínar Ingólfssdóttur og tryggjum þannig sem bjartasta framtíð Háskóla Íslands.

Höfundur er formaður Tinktúru, félags lyfjafræðinema HÍ.



BRÉF TIL BLAÐSINS

## Er Ísland ekki lengur hestaparadís?

Helga Jóhannsdóttir, Langholti 25, skrifar:

Mig hryllir við tilhugsuninni um að fólk skuli leggja sér hrossakjöt til munns. Fyrir mig er það eins og að borða hundinn minn. Ég ólst upp við hesta og ég elska þessi dýr ennþá meira en hunda. Og ég hélt alltaf að Íslendingar gerðu það líka. Svo virðist ekki vera.

Mér varð óglatt þegar sjónvarpsfrétt um folaldakjöt var sýnd. Ég gat bara ekki horft á þetta. Mér er með öllu óskiljanlegt hvers vegna fólk, sem hefur úr nógu að velja, vill endilega fá folaldakjöt! Er Ísland ekki lengur hestaparadís? Mig langar að vita hvað hestamenn hafa um þetta að segja?

# FRÁBÆR FERMINGARTILBOÐ

## VERSLUN NÝHERJA

### Stafrænar myndavélar, prentarar og tölvur

**Tilboð A**

**Canon Ixus 430**  
4 milljón punktar, fyrir ljósmyndaprentun í allt að A3 stærð. Glæsileg hönnun og frábær myndgæði.

**Canon iP 3000**  
Falleg hönnun, fjölhæfni og frábær frammistaða. Notar Single Ink kerfið sem dregur úr rekstrarkostnaði. Duplex prentun og prentar beint á CD.

Almennt verð: 64.800 kr.  
**Fermingartilboð: 42.900 kr.**

**Tilboð B**

**Canon Ixus i 5,0**  
Falleg hönnun, 5 milljón punktar og háþrúð tækni gerir IXUS i5 að yfirburðavél.

**Canon iP 4000**  
Frábær alhliða prentari sem gefur framköllunarþjónustum ekkert eftir þegar kemur að ljósmyndaprentun. Duplex prentun og prentar beint á CD.

Almennt verð: 62.800 kr.  
**Fermingartilboð: 44.900 kr.**

**Tilboð C**

**Canon PowerShot A400**  
A400 hefur alla kosti sem búist er við af Canon myndavél á verði sem ætti að fá þig til að brosa. 3,2 milljón punktar. Val um fjóra skemmtilega liti.

Almennt verð: 22.900 kr.  
**Fermingartilboð: 19.900 kr.**

**Tilboð D**

**IBM ThinkPad R50e**  
ThinkPad R50e er flott fartölva fyrir fermingarbarnið. Er með Intel Celeron M 330 örgjörva, 256MB minni, 30GB hörðum disk, Intel Extreme Graphics II skjákorti, CD-RW/DVD combo drifi, þráðlausu 802.11b/g netkorti og Windows XP Home stýrikerfi.

**Verð frá 99.900 kr.**

**Tilboð E**

**IBM ThinkCentre A51p**  
ThinkCentre A51p er traust og öflug margmiðunartölva. Afkastamikill Pentium 4 530 Hyper-Threading örgjörvi og 512MB dual-channel minni. DVD+RW brennari, 256MB Radeon X600 XT PCI-E skjákort. 250GB + 80GB SATA harðir diskar, Microsoft þráðlaust lykilorð og mús, Logitech hátalarar, 17" IBM TFT skjár o.fl.

**Fermingartilboð 169.900 kr.**

**NÝHERJI**

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

# Upp með fánann á baráttudeginum 1. maí

**UMRÆÐAN**  
FYRSTI MAÍ



**EINAR ÓLAFSSON**  
BÓKAVÖRÐUR

Miðstjórn Rafiðnaðarsambands Íslands telur tímabært að verkalýðshreyfingin endurskoði hvernig staðið sé að hátíðarhöldum 1. maí, þau séu barn síns tíma og lítil þátt-taka ásamt athöfnum margskonar öfgahópa hafi eyðilagt þá áferð sem var á þessum degi. Ekki átta ég mig alveg á hvaða öfgahópa miðstjórnin á við. Vissulega voru

ýmsir hópar vinstri róttæklinga áberandi 1. maí með verkalýðs-sinnaðar kröfur fyrir um 20 árum og oft kallaðir öfgahópar. Í 1. maí-göngum undanfarinna ára í Reykjavík man ég varla eftir öör-um hópum utan verkalýðsfélag-anna en Femínistafélaginu með kröfur um jafnrétti kynjanna og Samtök herstöðvaandstæðinga með kröfur um herlaust land og gegn stríði. Þetta eru nú öfgahóp-arnir sem hafa eyðilagt áferð 1. maí, baráttudags verkalýðsins.

Nú veit ég að sum verkalýðsfé- lög leggja mikið upp úr jafnrétti kynjanna og víða um heim hafa verkalýðsfélög tekið virkan þátt í baráttunni gegn stríði á undanförm- um árum enda bitna styrjaldir fyrst og fremst á alþýðufólki. Ég

var á heimsþingi Alþjóðasambands frjálsra verkalýðsfélaga í byrjun desember. Það einkenndist af áhyggjum vegna nýfrjálsbyggj- unnar og hnattvæðingarinnar sem m.a. grefur undan réttindum verkafólks eins og Rafiðnaðarsam- bandið hefur kynnst rækilega við Kárahnjúka. Rómum mánuði fyrr var ég á Evrópska samfélagsþing- inu (European Social Forum) í London, 20 þúsund manna sam- komu fjölmargra baráttusamtaka og mundu kannski sumir kalla sum þeirra öfgahópa. En þarna voru líka fjölmörg verkalýðssamtök í Bretlandi og víðar í Evrópu og sá ég ekki betur en þau kynnu bara vel um sig í þessum selskap. Og satt að segja var líkur andi í fund- arsölum hinnar alþjóðlegu verka-

lyðshreyfingar þótt allt væri með nokkuð formlegra sniði. Ein af ályktunum heimsþings verkalýðs- félaganna fjallaði um baráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrir friði. Þar segir meðal annars: „Þingið fordæmir ákvörðunina um að hefja þetta stríð [þ.e. stríðið í Írak] sem var ónaðsynleg og ó- sættanleg án samþykkis Samein- uðu þjóðanna.“ Jafnframt voru verkalýðsfélög hvött til samvinnu við baráttu- og friðarsamtök. Mörg íslensk verkalýðsfélög studdu mótmælaaðgerðir í aðdraganda þessa stríðs veturinn 2002 til 2003 en þau hefðu líka mátt hvetja félagsmenn sína til að bera spjöld gegn þessu stríði 1. maí sem og spjöld með kjörorðum gegn einkavæðingu og niðurskurði velferðarkerfisins og

fyrir réttindum verkalýðs- hreyfingarinnar.

Það er góðra gjalda vert að verkalýðsfélagin efni til fjöl- skylduskemmtana 1. maí, t.d. eftir kröfugönguna. En það væri hlálegt einmitt nú að breyta 1. maí úr baráttudegi yfir í einhvers konar skemmtidag eða eyðileggja hann með því að gera hann að hluta af langri helgi. Þvert á móti þyrftu verkalýðsfélagin að gera átak til að fá félagsmenn sína til að fylkja sér undir róttæk kjörorð 1. maí og taka höndum saman við alla baráttu- menn fyrir friði og betra þjóð- félagi. Og þau gætu byrjað strax með því að hvetja félagsmenn sína til að taka þátt í mótmælafundum 19. mars nk. undir kjörorðinu: Höfnum stríði! ■



**BRÉF TIL BLÁDINS**

## Menntun og reynsla skiptir ekki máli

**Stefán Helgi Valsson, nemi í meistara- námi í blaða- og fréttamennsku, skrifar:**

Útvarpstjóri, Markús Örn Antonsson, hefur sent þau skýru skilaboð til fréttamanna og verðandi fréttamanna að menntun og reynsla skipti ekki máli þegar kemur til þess að sækja um stöður hjá stofnuninni. Þetta sannaði hann þegar hann réði Auð- un Georg Ólafsson í stöðu fréttastjóra út- varpsins í stað hæfari umsækjenda. Að mínu mati er óverjandi fyrir opinbera stofnun eins og Ríkisútvarpið að hunda bæði sérhæfða menntun og reynslu um- sækjenda, enda hefur almenningur óskor- aðan rétt á því að stofnanir í eigu þeirra sjálfra séu mannaðar hæfustu einstakling- um sem gefa kost á sér til starfa. Ákvörð- un útvarpstjóra letur nemendur sem hyggjast leggja fyrir sig fjölmíðlun sem ævistarf að afla sér grunn- og framhalds- menntunar í háskóla, enda einsýnt að umsækjendur eru ekki ráðnir vegna menntunar og reynslu. Ef hlutverk nýráð- ins fréttastjóra útvarps er að stunda sölu-

og markaðsstörf fyrir fréttastofuna er hætt við að siðferði og hlutleysi hennar í fréttá- flutningi sé stefnt í hættu.

## Má stofnun eiga trú?

**Halldór Carlsson skrifar:**

Jón Gnarr er mesti mannþekkjari minnar kynslóðar á Íslandi. Honum er ekkert heil- agt. Nema .. þegar hann umbreytist í séra Jón Gnarr í Krossinum og ruglar saman í dálkum sínum trúarfrelsi og hvort kristið siðferði sé gott. Eins og fleiri gera. „Þjóð“-kirkjan er engin þjóðkirkja. Kristin „fræði“ eru ekki fræði, þau eru speki. „Kristið siðferði“ er ekkert hærra en trúin á Þór. „Þjóð“-kirkjan hefur aldrei verið umburðarlynd. Kristin kirkja hefur aldrei skilið Jesú. Allir æsingamenn eru hættu- legir, kristnir eða ó -. Kræst ... Börm ættu að fá aðgang að víðari hring en úr dæmi- sögum, lögbókum og fantasíum. Trúum við því á 21. öld að ekkert siðferði sé til án trúar? Lesum Darwin. Þjóðkirkjan kemur ekki fram við neinn af umburðarlyndi sem ekki vill þjóðast hana. Þjóðkirkjan er hrokafull valdastofnun sem ber að jarða. Hverju svo sem menn trú. Má stofnun EIGA trú? Það er siðlaust að lögbinda undirgefni við, og trú á, ósýnileg öfl sem kannski eru ekki til.

# Álög höfuðborgar

**UMRÆÐAN**  
REYKJAVÍK



**JÓNAS BJARNASON**  
EFNAVERKFRÆÐINGUR

„Borgarbúar eiga að hætta að láta for- pokaða þingmenn og „há- skóla-dropouts“ segja sér fyrir verkum og hvernig miðborgin eigi að líta út.“

Það virðist lenska að ganga á skítugum skóm yfir hagsmuni borgarinnar. Ingibjörg Sólrún virðist hafa lag á að koma sér í klandur; hún ræðir um samræðu- stjórnmál, en setur íbúum svo afarkosti án kosninga. Hún skaut sér úr stól borgarstjóra með því að bjóða sig fram til þings á meðan hún sat í honum; auðvitað gekk það ekki; svo skildi hún ábyrgðina eftir. Hún lét Helga Hjörvar og Alfreð Þorsteinsson fleka sig út í ævintýri OR í fjar- skiptamálum; niðurstaðan er 5 milljarða sóun enda vitleysa; skóari á að halda sig við leistan sinn. Og enn leggur OR ljós- leiðara, nú í nágrannabyggðum, og milljarðar munu fjúka í viðbót og orkureikningar eru að hækka. Nýlega mátti heyra spjall við Ólaf Örn Arnarson lækni á Tal- stöðinni, en fjallað var um Land- spítala og vandræði hans. Árið 2000 bað forstjóri spítalans um álit danska fyrirtækisins Ementor á áformum hans, en þá var hafinn gróftur fyrir barnspítala við Hringbraut. Ementor lagði til að

framkvæmdir yrðu stöðvaðar á meðan fram færi úttekt á málum Borgarspítala og Landspítala saman, þeir höfðu verið samein- aðir en heilbrigðisráðherra hafnaði, illu heilli. Ementor lagði til að skoða ætti flutning allrar vefrænnar bráðastarfsemi í Fossvog; Bretar hafa öðlast þá reynslu, að enginn sparnaður ná- ist nema með því að flytja alla há- tæknistarfsemi á einn stað. Öll önnur starfsemi, þ.e. geðdeild, endurhæfing, öldurnardeildir og dagdeildir, yrðu áfram á lóðinni við Hringbraut. Skv. reynslu Breta má búast við 5-10% sparn- aði í rekstri með þessu, en það eru allt að 1,5 milljarðar á ári. Rök- semdir um nálægð við Háskóla Ís-

dóttur og svo Jón Kristjánsson. Svo kom færsla Hringbrautar, eingöngu vegna þessa klúðurs.

Svo er það flugvöllurinn í Vatnsmýri og þingmenn af lands- byggðinni kvarta yfir áformum um að leggja niður N-S braut. Halldór Blöndal segir á þingi, að ekki sé unnt að reka flugvöllinn með einni braut; hann sjálfur telur sig vita hlutina. A-V brautin var bara ein í mánuði á meðan S-N brautin var endurnýjuð og þá heyrðist ekkert í þingmanni, sem telur sig hafa völdin frá guði. Það má byggja eina flugbraut fyrir hann sunnan Hafnarfjarðar, vara- braut, til að mæta brælu úr norð- austri ef þingmaður þarf að fljúga; eða byggja þar heilan flug- völl fyrir brot af þeirri sólundun, sem er vegna ótímabærra jarð- ganga eða spillingar á borgar- landi. Borgarbúar eiga að hætta að láta forpokaða þingmenn og „háskóla-dropouts“ segja sér fyrir verkum og hvernig miðborg- in eigi að líta út. Samgönguráð- herra talar um nauðsyn samráðs milli sín og borgaryfirvalda; hann meinar borgarstjóra, sem hefur enga heimild til að semja af sér varðandi íbúa borgarinnar; eina kosningin sem hefur verið sýndi meirihluta fyrir vellinum burt. Svo tala menn um að velja verði á milli þessa og innanlandsflugs til Keflavíkur. Menn sitja yfir hausa- mótum íbúa borgarinnar eins og handhafar máttarvalda og ausa stórfé í göng hár og þar, en standa svo á rétti borgarinnar til að ráða sínum málum og á áformum henn- ar til að skipuleggja til lengri tíma. Með því að leysa Vatnsmýr- ina undan álögum þingþrasa er unnt að leysa úr læðingi stórkost- lega hagsmuni borgarinnar. Tugir milljarða eru undir í þessu máli og þingmaður kvartar um brælu úr einni átt. ■



lands eru haldlítill, enda samskipti um vegi borgarinnar léttvæg; svo er þyriluvöllur í Fossvogi en ekki við Hringbraut. Með því að sam- eina hátækni í Fossvogi verður kostnaður vegna nauðsynlegrar uppbyggingar tugum milljarða minni. Borgaryfirvöld virðast dæmd til að fremja hvert axar- skaftið á fætur öðru; þau mega sig vart hræra og afleiðingar eru milljarða sóun. Því verður ekki trúað, að borgarstjóri hefði ekki getað komið vitinu fyrir góðlát- lega en skammsýna framsóknar- menn, fyrst Ingibjörgu Pálma-

**FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS**  
Icelandic Civil Aviation Administration

**Flugmálastjórn Íslands 60 ára**  
1945 – 2005

Afmælisýning í ráðhúsi Reykjavíkur  
frá kl. 12 til 19  
dagana 16. til 23. mars

www.flugmalastjorn.is

## Hundrað íslenskir læknanemar í Danmörku

**INGÓLFUR INGÓLFSSON**  
SKRIFAR UM LÆKNANÁM Í DANMÖRKU.

Íslenskir læknanemar í Danmörku eru nú orðnir rúmlega hundrað talsins og hefur fjölgað mikið á síð- ustu árum. Meginhluti hópsins er á fyrstu árum námsins, en námið tekur sex ár. Læknisfræðin er kennd á þremur stöðum í Dan- mörku; við læknadeildir háskól- anna í Árósum, Kaupmannahöfn og Óðinsvéum. Námið er að uppbyg- gingu mjög áþekkt læknánáminu við læknadeild Háskóla Íslands og í læknadeildum á hinum Norður- löndunum. Þannig er læknánám í hverju Norðurlandanna víður- kennt að fullu á hinum Norðurlönd- unum. Engin skólagjöld eru við danska háskóla og búa íslenskir nemar við sömu kjör hvað námslán varðar og þeir sem nema á Íslandi.

Haustið 2003 var stofnað Félag íslenskra læknanema í Danmörku (FÍLD). Eins og nafnið gefur til kynna er FÍLD félag íslenskra læknanema við alla þrjá háskól- ana. Félagið hefur sex manna stjórn, skipaða tveim fulltrúum frá hverjum skóla.

„Með tilkomu þessa stóra hóps lækna- nema [í Danmörku] er kannski komin sú heilbrigða samkeppni við Læknadeild Háskóla Íslands sem sumir telja að hafi vantað.“

Á hverjum stað er haldið uppi sjálfstæðri starfsemi undirfélagi FÍLD. Hlutverk félagsins er að gæta hagsmuna félagsmanna, efla félagsleg tengsl, miðla upp- lýsingum nemenda á milli, taka á móti nýnemum og kynna félagið.

Ætla má að læknanemar við Læknadeild Háskóla Íslands séu um 300 talsins. Hundrað manna viðbót við þann fjölda er töluverð aukning. Að auki fjölga íslensk- um læknumum í Ungverjalandi jafnt og þétt. Telur undirritaður að þeir séu á þriðja tug. Þeirri spurningu er vandsvarað hversu margir þeirra sem nema erlendis muni snúa aftur heim til Íslands að námi loknu. Það er engu að síð- ur tilfinning stjórnar FÍLD að

flestir þeirra sem læra í Dan- mörku ætli sér fyrr eða síðar að snúa heim. Gangi það eftir má þá- ast við að sá læknaskortur sem verið hefur af og til í umræðunni til margra ára minnki í komandi framtíð.

Með tilkomu þessa stóra hóps læknanema er kannski komin sú heilbrigða samkeppni við Lækna- deild Háskóla Íslands sem sumir telja að hafi vantað.

Það hlýtur að teljast jákvætt fyrir heilbrigðismál á Íslandi að svo margir kjósi að mennta sig erlendis og komi þannig með vinnukraft, þekkingu og nýjar hugmyndir til landsins.

Okkur sem dveljum í Dan- mörku hefur yfirleitt líkað námið vel. Hér er þó ekki verið að mæla með læknánámi í Danmörku fremur en námi á Íslandi heldur einungis verið að kynna stöðu mála. Þeim sem vilja kynna sér læknisfræðinámið í Danmörku er bent á heimasíðu félagsins, www.fild.dk.

Höfundur stundar nám við Syddansk Universitet og er for- maður FÍLD.

Sólarupprás Hádegi Sólarlag		
REYKJAVÍK	7.42	13.36
AKUREYRI	7.27	13.21
		19.32
		19.16

Heimild: Almanak Háskólans

**FRÉTTABLAÐIÐ**

**Góðan dag!**  
Í dag er miðvikudagur 16. mars, 75. dagur ársins 2005.

**KRÍLIN**

Þetta er nú kannski ekki mikið en það er fullt af ást!



**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar byrja í dag á bls. 4**

**Flokkar**

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

**Þú getur pantað smáauglýsingar á [www.visir.is](http://www.visir.is)**



# allt

**brúðkaup o.fl.**  
Veislusalurinn skiptir máli  
BLS. 6



**SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



# brúðkaup o.fl.

Ýmir stefnir á að taka lokapróf í píanóleik seinna á þessu ári. Síðan tekur doktorsnám í Bandaríkjunum við.

## Fljúgandi tölvunarfræðingur í tónlist

Ýmir Vigfússon er námshestur. Hann er 21 árs og útskrifast í vor með BS-gráðu í stærðfræði frá HÍ og stefnir að því að taka lokapróf í píanóleik og einkaflugmannspróf seinna á árinu.

Ýmir var að koma frá Bandaríkjunum þar sem hann heimsótti Cornell-háskólann í New York-ríki, sem býður honum rífandi laun fyrir að koma í doktorsnám.

„Ég sótti um í níu háskóla í Bandaríkjunum og er kominn með tilboð frá tveimur. Annar þeirra er Cornell, sem býður mér í doktorsnám í tölvunarfræði á góðum launum. Í staðinn kenni ég dæmatíma og aðstoða prófessora,“ segir Ýmir, sem hefur kennt í dæmatímum í HÍ svo hann ætti að vera klár í þann slag. Hann segir námið felast í rannsóknnum með tilheyrandi greinaskrifum þannig að þetta sé spennandi. „Sumir tala um fjögurra til sex ára þrælkun en ég held þetta verði nú bara gaman,“ segir hann bjartsýnn.

Ýmir hefur tekið stærðfræði sem aðalgrein í Háskólanum hér og tölvunarfræðina sem aukagrein. En hvar á sinni skólagöngu spretti hann fram úr sínum jafnöldrum?

„Ég hljóp yfir 4. bekk í grunnskóla og tók 9. og 10. bekk saman í Danmörku. Þetta var dálítið skrautlegt og þegar ég kom heim fór ég beint í MH, 14 ára gamall.“

Hann tekur því vel þegar minnst er á að tónlistar- og stærðfræðigenin fylgist oft að. „Já, stærðfræðikennararnir mínir eru hver öðrum músikalskari. Þess má geta að á nýafstaðinni stærðfræðiráðstefnu sungu nokkrir nemendur stærðfræðisönnun við undirleik eins kennara,“ segir hann hlæjandi. Svo er hann líka að læra flug og langar að klára einkaflugmannsprófið fyrir haustið. Þegar hann er beðinn um lokaorð í þetta stutta viðtal segir hann ákveðinn. „Þetta er ekkert einsdæmi sem ég er að gera. Á hverju ári fljúga íslenskir nemendur inn í toppháskóla í Bandaríkjunum og víðar á fullum styrkjum. Það eina sem vantar hér heima er áhersla á uppbyggingu framhaldsnáms og rannsóknaraðstöðu. Það er synd að missa fólk út til frambúðar því grunnnámið hér er satt að segja á heims-mælikvarða. Umræðan hér virðist þó frekar snúast um að taka upp skólagjöld, sérstaklega í framhaldsnámi. Mér þykir það röng áhersla.“

[gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)

## LIGGUR Í LOFTINU

*í námi*

**Söngleikurinn Jesus Christ Superstar** er á fjölonum í Hagaskóla og síðasta sýning er í kvöld. Það eru 70 manns sem koma að verkinu, þar af um 30 sem leika og syngja og 20 í hljómsveitinni. Leikstjórnin er Sigriður Birna Valsdóttir og tónlistarstjóri Hrólfur Sæmundsson.



helgina 1.-3. apríl í húsakynnum SÁÁ að Síðumúla 3-5. Áður en að því kemur verður haldið

yfir óvirka alkóhólísta um bata og ófullkominn bata. Það fer fram helgina 19.-20. mars og þar fer fram upprifjun á ýmsu sem tekið hefur verið fyrir í áfengismeðferð. Einnig er rætt um sjálfsskoðun og ýmsar hindranir sem mæta óvirkum alkóhólísum. Skilyrði fyrir þátttöku er að fólk hafi verið edru í þrjá mánuði eða meira.

**Orkudans** er ein af fjölmörgum námsgreinum hjá ævintýrahúsinu Púlsinum í Sandgerði. Orkudansinn er frábær hreyfing við skemmtilega tónlist og nýtt námskeið hefst þann 1. apríl. Kennslan fer fram á föstudögum frá kl. 19 til 20. Púlsinn er líkamsræktarstöð með andlegu ívafi, listum og mannrækt af bestu gerð. Meira um hana má finna á síðunni [www.pulsinn.is](http://www.pulsinn.is) og þar er hægt að skrá sig, auk þess sem hægt er að hringja í síma 848 5366.

**Námskeið um spilafíkn** og bata við honum verður haldið

**Nemendur** á höfuðborgarsvæðinu sem vilja taka sig til og læra vel í páskafríinu geta leitað eftir námsaðstoð hjá séráðalmenntafræðingum á öllum skólastigum. Kennir er í litlum hópum eða einkatímum og innritun er í síma 557 9233 frá kl. 17 til 19 virka daga. Vefsíða Nemendapjónustunnar er [www.namsadstod.is](http://www.namsadstod.is)

[tilbod@frettabladid.is](mailto:tilbod@frettabladid.is)

**FJARNÁM MEÐ NÝJU SNIÐI**



**BYRJADU NÚNA!**



**ÞÚ LÆRIR Á ÞÍNUM HRAÐA OG KEMUR Í PRÓF ÞEGAR ÞÉR HENTAR**

[WWW.MENNTAVEFURINN.IS](http://WWW.MENNTAVEFURINN.IS)

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

## Skilningur

Útskýrðu námsefni þitt fyrir einhverjum sem hefur enga þekkingu á því. Það eykur skilning og efnið festist betur í minni. Þar að auki áttar þú þig frekar á kjarna málsins.



ato.

BÓKHALDSPJÓNUSTA · ENDURSKOÐUN · RÁÐGJÖF

ATO · Bókhaldsþjónusta hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum sínum stórum og smáum áreiðanlega, trausta og örugga þjónustu og koma til móts við þarfir þeirra og óskir. Á vegum ATO · Bókhaldsþjónustu starfar vel menntað og kraftmikið fagfólk með mikla þekkingu og reynslu.

## Tökum að okkur verkefni varðandi:

- Bókhalds- og/eða launavinnslu fyrir fyrirtæki/sveitarfélög/ félagsamtök af öllum stærðum og gerðum.
- Fjármál
- Uppgjör
- Skattframtöl
- Endurskoðun o.fl.

www.ato.is · netfang: ato@ato.is · sími: 565 9404



Undanfarin ár hefur líf háskólans eflst til muna og eru nú um 1.500 nemendur í sex deildum og um 160 fastráðnir kennarar.

## Skólinn laðar að góða kennara og nemendur

Háskólinn á Akureyri hefur vaxið hratt á síðustu misserum og er nú boðið upp á háskólanám í sex deildum. Nemendur skólans eru um 1.500 og þar af stundar nærri helmingur fjarnám.

Námsframboð í Háskólanum á Akureyri hefur verið að aukast síðustu misseri. Skólinn var stofnaður árið 1987 og voru tvær deildir starfræktar í upphafi, hjúkrunarfræði og iðnrekstrarfræði. Á þeim tíma voru aðeins 30 nemendur í skólanum og fjórir fastráðnir kennarar. Undanfarin ár hefur líf háskólans eflst til muna og eru nú um 1.500 nemendur í sex deildum og um 160 fastráðnir kennarar. Um 40% nemenda skólans stunda fjarnám.

Markmið Háskólans á Akureyri er að búa nemendur undir nám, störf og rannsóknir í innlendu og alþjóðlegu umhverfi.

### YFIRLIT DEILDA Í HÁSKÓLANUM Á AKUREYRI (FJÖLDI NEMENDA)

Kennaradeild: 554  
Viðskiptadeild: 296  
Heilbrigðisdeild: 293  
Félagsvísinda- og lagadeild: 181  
Auðlindadeild: 111  
Upplýsingatæknideild: 39



Jóna Jónsdóttir, forstöðumaður samskiptamiðstöðvar Háskólans á Akureyri.

Upplýsingatækni við skólann er með besta móti og er ætlast til að nemendur tileinki sér hana við námið og noti netið til samskipta og upplýsingaöflunar.

Jóna Jónsdóttir, forstöðumaður samskiptamiðstöðvar Háskólans á Akureyri, segir mikla áherslu lagða á hópinnu. „Nemendur í öllum deildum eru þjálfaðir í því að vinna í hópum, skrifa skýrslur og skila þeim. Síðan er þeim skylt að standa upp og rökstyðja sitt mál fyrir kennurum og nemendum. Þetta er sú umgjörð sem við höfum verið með til

þess að nemendur læri að vinna saman,“ segir Jóna.

Fjölgun nemenda hefur gert það að verkum að stækkun skólans varð að veruleika. Fyrir örfáum árum fór kennslan fram á nokkrum stöðum í bænum en með tilkomu nýja rannsóknarhússins á Sólborg hefur kennslan færst svo til á einn stað. Kennaradeildin er þó enn í húsnæði skólans við Þingvallastræti. Nýja rannsóknarhúsið sem tekið var í notkun í vetur hefur staðið undir væntingum en þar fer fram kennsla í auðlindadeild og upplýsingatæknideild. „Húsið á eftir að sanna sig enn meira á komandi árum. Við stefnum að því að efla deildirnar sem fyrir eru og þá helst framboð á framhaldsnámi,“ sagði Jóna.

Háskólinn á Akureyri hefur sótt í sig veðrið sem öflug menntastofnun á landsbyggðinni. „Með öflugum rannsóknarstarfi erum við að laða að okkur mjög vel menntaða kennara úr öllum greinum hvaðanæva úr heiminum. Þá er ekki hvað síst ánægjulegt hversu áhugi Akureyringa hefur vaxið á starfi skólans og við höfum fengið góða og vel menntaða einstaklinga héðan úr bænum til að vinna með okkur.“

Sævar Már Guðmundsson, nemandi í MA-námi í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands.



## Aukin ökuréttindi

Nú er rétti tíminn til að afla sér nýrra atvinnumöguleika!

Kennt er á leigu-, vöru- og hópferðabifreið, einnig vörubifreið með eftirvagni.

Skólinn býður uppá nútíma kennsluástöðu og reynda kennara. Innritun alla miðvikudaga, áfangakerfi.

Einnig eru í boði námskeið í vistakerfi fyrir einstaklinga og hópa.

Sími 567-0300

Parabakka 3 109 Reykjavík  
Netfang mjodd@bilprof.is  
www.bilprof.is



## Fjarfestu í framtíðinni

Stúdentuferðir eru í samstarfi við háskóla, listaháskóla, hótél og ferðamálastólur víða um heim. Hafðu samband og við aðstoðum þig við að finna rétta skólann.



Færð þú MasterCard Ferðavísun?

STÚDENTAFERÐIR  
exit.is

Bankastræti 10 + Sími 562 23 62 + info@exit.is + www.exit.is

## 12 klst. námskeið í stafrænni ljósmyndun og myndvinnslu

**MYNDAVÉLIN:** Farið er inn á allar helstu stillingar á myndavélinni, þ.a.m. hraði, ljósop, dýptarskerpa, ljósmæling, lýsing, linsur, súmm, ISO, White balance, pixlar, RAW/JPEG

**MYNDATAKAN:** Myndbyggingarreglur. Myndataka – almenn, landslagsmyndatök, næturmyndatök, norðurljósamyndatök, nærmyndir, portrett. Ýmis góð ráð við myndatöku veitt sem koma að góðum notum.

**LJÓSMYNDASTÚDÍÓ:** Myndataka - Portrett í Stúdíó. Notkun ljósa í stúdíó, mismunandi lýsing, notkun flassmælis, hvernig á að búa til einfalt og ódýrt heima stúdíó.

**TÖLVAN:** Færa myndir yfir á tölvuna, setja myndir í möppur, koma skipulagi á myndasafnið og skráningu mynda, setja leitarorð á myndir, afrita myndir á milli mappa, skipta um nafn á myndum, snúa myndum við, skoða allar upplýsingar um myndir, setja myndir yfir á geisladisk eða DVD, senda myndir með tölvupósti, prenta út myndir.

**PHOTOSHOP:** Lagfæra myndir, taka burt atriði úr myndum, kroppa myndir, skipta um bakgrunn, gera myndir svart/hvítar, gera myndir brúntóna, setja lit á hluta af myndum, breyta myndum með effectum, setja ramma utan um myndir, minnka myndir, dekkja og lýsa myndir, auka og minnka kontrast í myndum, vista myndir.

Hópur A 4. 6. og 7. apríl 18 - 22.

Hópur B 11. 13. og 14. apríl kl. 18 - 22.

Verð kr. 14.900.

Skráning og nánari uppl. á ljósmyndari.is eða 898-3911. Leiðb. Pálmi Guðmundsson

# Adam, Eva og eplið

Kristinn Ólason guðfræðingur er með nýtt námskeið hjá Endurmenntun HÍ um sköpunartexta Gamla testamentisins.



Kristinn Ólason veltir upp ýmsum spurningum á námskeiðinu, eins og hvort nútímafólk geti yfir höfuð notað sköpunarsögur Gamla testamentisins.

Nú er nýlokið við Endurmenntunardeild Háskóla Íslands námskeiði í guðfræði fyrir almenning. Þeir sem misstu af því þurfa þó ekki að örvænta því nýtt námskeið hefst næstkomandi mánuðag. Í þetta skipti verður fjallað um sköpunarsögurnar í Gamla testamentinu. Kristinn Ólason, guðfræðingur og kennari á námskeiðinu, segir það ætlað öllum sem vilja kynna sér heim guðfræðinnar. „Þetta námskeið hentar öllu hugsandi fólki sem er tilbúið að velta málum fyrir sér á fordómalausán hátt,“ segir Kristinn. „Við förum yfir valda texta úr sköpunartexta Gamla testamentisins, veltum fyrir okkur bakgrunni þeirra, forsögu og hvaðan þessar hugmyndir koma, og ekki síst hvernig er verið að vinna með þær í Biblíutextanum.“

Kristinn segir alveg ljóst að þeir sem skrifa sköpunartexta Gamla testamentisins þekki eldri texta og séu að vinna með gamlar hefðir sem þeir setja í nýjan búning. „Það er aldrei fjallað um sköpun í Gamla testamentinu sem einhverja staðreyndafræði. Við

lesum hana þó gjarnan sem slíka og þannig er hún reyndar matreidd ofan í fólk. Þetta er eitt af þeim vandamálum sem ég vil ræða á námskeiðinu, hvernig og hvort við í nútímanum, sem horfum allt öðruvísi á tilurð heimsins, getum yfir höfuð notað þennan texta.“

Kristinn ætlar að kynna nemendum efnið á lifandi og skemtilegan hátt og að sjálfsögðu býður námsefnið upp á fjörugar umræður. Námskeiðið hefst mánuðaginn 21. mars, en allar nánari upplýsingar má fá hjá Endurmenntun HÍ.

## Halló pabbi! Halló mamma!



### Ég er á leiðinni...

40 erlendir skiptinemar koma til Íslands í ágúst n.k. Þeir bíða spenntir eftir að heyra frá íslensku fósturfjölskyldunum sínum.

### Er fjölskylda þín ein af þeim?

Viljið þið kynnast  
... nýjum viðhorfum?  
... framandi menningu?  
... nýrri sýn á land og þjóð?

Ef svo er gefst ykkur færi á að taka á móti erlendum skiptinema næstu 5-10 mánuði.



AFS á Íslandi

Alþjóðleg fræðsla og samskipti

Ingólfsstræti 3, 2. hæð  
Sími 552 5450  
www.afs.is

## Námskeið í páskaskrauti

Landbúnaðarháskóli Íslands kennir fólki að skreyta.

Nú er kominn tími til að huga að páskunum og öllu sem þeim fylgir. Það er því tilvalið að skella sér á námskeið í páskaskreytingum sem Landbúnaðarháskóli Íslands heldur 17.-21.mars. Leiðbeinandi er Júlíana Rannveig Einarsdóttir, námsbrautarstjóri á blómaskreytingabraut skólans. Útbúnar verða fallegar páskaskreytingar til að prýða heimilin yfir hátíðarnar. Námskeiðin eru þrjú og verða haldin á Reykjum í Ölfusi, á Keldnaholti og á Hvanneyri. Nánari upplýsingar á [www.lbhi.is](http://www.lbhi.is).



Keramik fyrir alla

### Barnaafmæli Bekkjarferðir



Frábær skemmtun fyrir allan hópinn.

### Tilboðspakkar

Keramik og pizza frá kr. 990 á mann.

Keramik fyrir alla, sími 552 2882, Laugavegi 48b. Sjá lýsingu: [www.keramik.is](http://www.keramik.is)



Líkamsrækt

## Þinn tími er kominn!

Dansrækt JSB er staður fyrir konur á öllum aldri. Fjölbreyttir tímar eru í boði.



**Páskatilboð**  
**16. mars - 8. apríl!**  
**40% afsláttur af árskortum**  
**og 6 mánaða kortum.**

Sjá nánari upplýsingar á [www.jsb.is](http://www.jsb.is)

Vertu velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB  
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám hjá TölvuskólaTV

## Almennt tölvunám

Þetta er frábært námskeið fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

### Helstu kennslugreinar

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og Windows XP
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist þátttakandanum í vinnu eða heima við.

Lengd: 84 stundir/57 klukkust. Verð: 69.900 staðgr.

Tímar: Námskeið í boði á ýmsum tímum dagsins

Tölvumennt TV til betri verka  
- hringdu núna í síma 520 9000  
- eða líttu við á [www.tv.is](http://www.tv.is)



TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

Grensásvegi 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • tv@tv.is • www.tv.is

allt  
brúðkaup o.fl.

Sápukúlur

Það tíðkast við brúðkaup að kasta hrísgrjónum yfir nýgiftu hjónin þegar þau ganga út úr kirkjunni. Hrísgjón fara hins vegar illa í meltingarfæri fugla og því hafa dýra-  
vínir grípið til þess ráðs að blása í staðinn sápukúlur.



4 glös kr. 2.500  
Mikið úrval af glösum  
fyrir öll tækifæri  
**DUKA**  
Kringlunni - sími : 533 1322  
Vandaðar heimilis- og gjafavörur

**birta**  
» BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ

Brúðhjón athugið!  
Glæsileg nærfatasett í miklu úrvali

**AXIOM CARO Vajoret**  
Ásnum - Hraunbæ 119 - Sími 567 7776  
Opíð virka daga kl. 11:00-18:00 • Opíð á laugardögum



Þórdís Örlýgsdóttir og Nanna Kristín Skúladóttir á Hársnyrtistofu Dóra hafa gaman af brúðargreiðslum. Hér hafa þær greitt módelinu Dagmar Írisi Gylfadóttur og skreytt með blómum úr brúðarvendi.

## Mikilvægt að greiðslan eldist vel

Brúðargreiðslan fylgir tíðar-  
andanum en verður þó að  
vera sígild til að brúðkaups-  
myndin eldist vel. Það er álit  
Þórdísar Örlýgsdóttur, sveins  
á Hársnyrtistofu Dóra við  
Langholtsveg, sem leggur sig  
fram um að gera brúðirnar  
sem glæsilegastar.

Þórdís segir flestar brúðir safna  
hári fyrir giftinguna og bendir á  
að það sé nauðsynlegt til að hægt  
sé að leika sér aðeins með hárið.  
„Greiðsla í síðu eða hálf síðu hári  
eldist miklu betur og er brúðar-  
legri en þegar verið er að lyfta

stuttu hári upp,“ segir hún. Ekki  
telur hún hægt að tala um tísku í  
brúðargreiðslum enda eigi  
greiðslan að vera klassísk. „Hár-  
greiðslufólkið verður að vinna úr  
því sem er vinsælast á hverjum  
tíma en í þannig form að greiðslan  
sé sígild. Fólk verður að geta  
horft á brúðkaupsmyndina alla tíð  
án þess að andvarpa yfir hallæris-  
legu hári,“ bendir hún á. Hún er  
beðin að lýsa stuttlega því sem  
vinsælast sé á þessu vori. „Þetta  
fer auðvitað eftir andlitsfalli og  
hári brúðarinnar en stórir liðir og  
hálfuppsett hárfestur fer flestum vel,“  
segir hún og heldur áfram: „Svo  
eru sumar brúðir með slör og  
aðrar ekki við giftinguna og oft

verður að gera ráð fyrir að þær  
taki af sér slörið í veislunni án  
þess að greiðslan fari í vaskinn.“

Þórdís segir verð fyrir brúðar-  
greiðslu vera um 7 til 8 þúsund og  
inni í því sé prufugreiðsla. „Það er  
mikilvægt að búið sé að ákveða  
fyrir fram hvernig hárið eigi að  
vera svo ekki þurfi að finna  
greiðsluna á stóra daginn,“ bendir  
hún á og að lokum er hún spurð  
hvernig skraut fari best í brúðar-  
hári. „Mér finnst alltaf fallett að  
nota einhver pínulítil blóm úr  
brúðarvendum og búa til pínulitlar  
skreytingar úr rósablöðum  
með. En nett kóróna eða lítið  
perluskraut er líka vel við hæfi.“

gun@frettabladid.is

Blóm við öll tækifæri

**DÖGG**  
BLÉJARHVALINI 26 • HAFNARFIRÐI

Tímabantanir  
í síma 555 4020  
**Tvö Hjörtu**  
Bæjarlind 3, Kópavogi  
www.tvohjortu.is

art Gallery  
Icelandic  
Stofn Har.  
Íslensk  
myndlist  
Góð gjöf  
Vaxtalaus lán  
Opíð: Mán. - fös. 12-18  
Lau. 12-16  
Skólavörðustígur 25 a

HEITUSTU  
SAMSKIPTIN!  
einkamal.is



Leikurinn með **Barbie** og **Ken** virðist aldrei ætla að deyja út. Þar eru brúðhjón prófuð í þekkingu á maka sínum. Þau sitja bak í bak þar sem allir gestir sjá og eru hvort með sína Barbie- og Ken-dúkkuna. Síðan eru þau spurð spurninga um hvort sé til dæmis duglegra í uppvaskinu. Ef konan telur manninn vera duglegri heldur hún Ken-dúkkunni á loft en ef hún telur sig sjálfa vera duglegri heldur hún Barbie-dúkkunni á loft. Svona heldur þetta áfram í nokkrar spurningar og vekur yfirleitt mikla lukku meðal viðstaddra.

Það er líka sniðugt að láta hvern veislugest fá lítinn blaðsneppil og penna. Hver og einn skrifar síðan **falleg orð** til brúðhjónanna á blaðið og daginn eftir brúðkaupið geta brúðhjónin skemmt sér við lesturinn.

**Lyklaleikurinn** er líka vinsæll leikur og fyndinn. Nokkrir lykjar eru smíðaðir og í veislunni eru nokkrir gestir látnir fá lykjana þegar lítið ber á. Síðan heldur einhver gestur ræðu og þar er stiklað á stóru í íbúðamálum brúðhjónanna. Því næst eru allir þeir sem enn hafa lykil að íbúð brúðgumans eða brúðarinnar beðnir um að skila þeim. Þá standa allir upp sem eru með lykil og skila til veislustjóra.



## Brugðið á leik í veislunni

ÞAÐ ER ALLTAF JAFN VINSÆLT AÐ BREGÐA Á LEIK OG SKIPULEGGJA SKEMMTILEGA LEIKI Í BRÚÐKAUP SEM BRÚÐHJÓNIN OG VEISLUGESTIR GETA NOTIÐ.



Að ná í hlut er skemmtilegur og lífandi brúðkaupsleikur. Einn fulltrúi af hverju borði kemur upp á svið þar sem stólum er ráðað eins og í **stóla-leik**. Það er sem sagt alltaf einum stól færri en keppendur eru. Keppendur fá síðan fyriræli um að sækja ákveðinn hlut á sitt borð eins og til dæmis framsóknarmann, sokkabuxur eða úr. Sá sem kemur síðastur upp á svið með hlutinn dettur úr leik. Svona gengur þetta þangað til einn stendur uppi sem sigurvegari. Auðvitað verða þrautirnar erfiðari og erfiðari eftir því sem líður á leikinn og hasarinn magnast.

Dans og söngur klikkar ekki. Tilvalið er að veislustjóri útbúi **söngbók** og stofni til fjöldasöngs. Inni á milli matarrétta er síðan hægt að slá öllu upp í grín og dansa saman.



Haraldur Bilson



Sossa



Stefán Boulter

LISTMUNASALA  
**fold**  
ART GALLERY

## ÍSLENSK LIST ER GÓÐ GJÖF

RAUÐARÁRSTÍG 14-16, SÍMI 551 0400 • KRINGLUNNI, SÍMI 568 0400 • www.myndlist.is

# DeLonghi

ÍTÖLSK HÁGÆÐA HÖNNUN

DeLongi býr að langri hefð í framleiðslu vandaðra kaffivéla.

*DeLongi – sígild ítölsk hönnun!*

Veldu hágæða sjálfvirka espressó kaffivél sem er traust og einföld í notkun.

*Veldu DeLonghi Magnifica!*



TILBOÐSVERÐ Í MARS  
**AÐEINS KR. 49.995**  
FULLT VERÐ KR. 59.995



**Heimilistæki**

SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

Kynntu þér málin í verslun okkar eða á vefsvæðinu www.ht.is

*Ástin á heima í Hjartadeildinni.*

**BLÓMÁLFURINN**  
Íslandsmeistari í blómaskreytingum  
Vesturgötu 4 sími 562 2707

Ég hef verið með LCN naglastyrkingu frá Heilsu og fegurð í nokkur ár og er alltaf jafn ánægð.

Ég mæli 100% með LCN naglastyrkingu.

Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir.

**LCN** HEILSA OG FEGURÐ

**EFNALAUGIN**

**BJÖRG**

EFNALAUG PVOTTAHÚS  
Háaleitisbraut 58-60 • Sími 553 1380

**Brúðhjón**

Við verðum á Brúðkaupssýningunni Já í Smáralind um helgina

BORÐ FYRIR TVÖ  
KRINGLAN

Íslenska **BLOGG** samfélagið er á fólk.is...  
**Ert þú með?**

folk.is

**vísir**  
...UM ALLT!

**Afsláttur á næsta útsölustað 17-19 mars**

**N°7 Flott förðun Virk krem**



Pegar boðið er til veislu þarf að huga að mörgu svo stemningin verði jafn góð og þegar þessi mynd var tekin á góðri stund.

## Hvar á veislan að vera?

**Pegar halda á veislu þarf að huga að mörgu en eitt af því mikilvægasta er samt að velja salinn vel.**

Sumir salir eru ekki upphaflega hannaðir til veisluhaldna en geta engu að síður nýst ljómandi vel til slíks. Það borgar sig að kynna sér salarkynnin vel svo hægt sé að útvega það í tæka tíð sem á vantar og lenda ekki í streitukasti daginn fyrir veislu. Eftirfarandi þarf að hafa í huga þegar salur er valinn:

Hversu margir koma í veisluna og hvað á að veita gestunum? Ef veislan er móttaka milli fimm og sjö er hægt að notast við minni sal en ef gert er ráð fyrir sitjandi borðhaldi í heila kvöldstund. Ekki er ráðlegt að taka of stóran sal fyrir minni veislu því þá vill skapast tómarúm og fólk getur orðið feimið. Í standandi móttökum er ráðlegt að hafa nokkra stóla á stangli því einhverjir gestanna kunna örugglega að meta að geta sest niður öðru hvoru. Það á að vera frekar þröngt í veislunni en samt þannig að fólk geti hreyft sig og gengilbeinur komist ferða sinna.

Athugið hvernig er með **bílastæði** og aðgengi að salnum. eru næg ókeypis bílastæði í kringum staðinn þar sem veislan er haldin eða þurfa gestirnir að ganga einhvern spöl í spariskónum sínum? Hvernig er aðgengi fyrir fatlaða?

Athugið hvernig er með **fatahengi**. Það skiptir kannski minna máli að sumri til en um vetur er nánast gefið að flestir g e s t a n n a koma í þykkum og bosmamiklum yfirhöfnum.

Gott er að vita hvar salerni eru og ef þau eru ekki auðfundin að hengja upp leiðbeiningar áður en gestirnir koma.

Í stærri veislum er oft illmögulegt að hleypa gestum strax til borðs, til dæmis er til síðs að biða eftir brúðhjónum áður en gengið er til sætis og oft byrjar árshátíð á **fordrykk**. Það er því gott að kynna sér hvernig móttökurými er háttað og hvort það er nægilega stórt fyrir alla gestina, til dæmis ef brúðhjón tefjast í myndatöku. Þar er líka kjörið að hengja upp borðaskipulag svo upplausnarástand skapist ekki þegar gestirnir leita að sætum sínum.

Skemmtiatriði og ræðuhöld eru stór hluti af hverri veislu. Til þess að þau fari vel fram þarf að gera ráð fyrir „sviði“ þar sem flestir gestanna geta séð hvað fer fram og tæknibúnaði eins og **hljóð-**

**nema**, hljóðkerfi, sýningartjaldi, geislaspilara og hugsanlega DVD-spilara. Einnig getur lýsing skipt miklu máli. Ef á að spila á píanó þarf að hugsa fyrir hljóðfæri. Í brúðkaupum er oft gert ráð fyrir að stígnin sé brúðarvals og þá þarf að gera ráð fyrir dansgólfi. Margir salir eru vel tækjum búnir og aðalatriðið er að vita hvað salurinn býður upp á og upphuga aðrar leiðir í tíma.

Ef maturinn er ekki á vegum salarins þarf að skoða **eldhúsaðstöðu** með tilliti til þess hvað þarf að gerast þar. Það þarf að vera borðpláss í eldhúsinu og auðvelt að athafna sig. Einnig er betra að kynna sér í tíma hvort í eldhúsaðstöðunni er ísskápur, eldavél og vaskur.

Það borgar sig almennt að athuga hvernig salurinn er búinn og hvað er innifalið í leigunni. Leggur salurinn til **borðbúnað**, bolla og glösu? Starfsfólk í eldhúsi? Tæknibúnað? Borð og stóla? Þumalfingursreglan er sú að ekkert er sjálfsagt annað en fjórir veggir og þak og sá sem leigir þér salinn ætti alltaf að vera boðinn og búinn að gefa þér allar upplýsingar.

## TILBOÐ

- E510 + 128MB X-d minnskort
- Aðeins kr. 39.900

**FUJIFILM**  
www.ljosmyndavorur.is



Skipholti 31, Reykjavík, s: 568 0450  
Kaupvangsstræti 1, Akureyri, s: 461 2850

**LJÓSMYNDAVÖRUR**



# Kakan mulin yfir höfuð brúðarinnar

**Brúðarvöndurinn og brúðartertann eiga sér langa sögu.**

Hjá Grikkjum og Rómverjum til forna var brúðarvöndurinn þung blanda af hvítlauk og jurtum eða fræjum. Hvítlaukurinn átti að fæla frá illa anda og jurtirnar og fræin áttu að tryggja frjósamt samband milli brúðarinnar og brúðgumans. Í Póllandi til forna héldu menn að ef sykri væri stráð yfir brúðarvöndinn myndi skap brúðarinnar ávallt vera ljúft.

Annað sem hefur spilað stórt hlutverk í brúðkaupum er sjálf brúðartertann. Rómverjar til forna muldu köku yfir höfuð brúðarinn-

ar sem átti að tákna frjósemi og gnægð. Í öðrum menningarheimum var hveitikornum, hveiti eða köku skellt á höfuð brúðarinnar og mylsnan borðuð til að öðlast heppni. Bretar bökuðu fullt af þurru kexi sem hver og einn gestur tók með sér heim eftir brúðkaupið.

Á miðöldum komu gestir með litlar kökur í veisluna og settu þær á borð. Brúðurin og brúðguminn reyndu síðan að kyssast yfir kökunni. Að lokum ákvað ungur bakari að setja allar þessar kökuhefðir saman í eina stóra með kremi og þannig varð brúðkaupstertan til.



Brúðartertann í dag eru ansi ólíkar þeim sem tíðkuðust hér áður fyrr.



Fljótlega verður hægt að skoða kortin á vefsíðunni smidjan.is en hér getur að líta nokkur sýnishorn.

FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL

## Textinn alltaf persónulegur

**Stafræna prentsmiðjan hannar og prentar boðskortin fyrir stóra daginn.**

„Fólk vill gjarnan sjá eitthvað til að styðjast við og gefa sér tíma til að skoða áður en það tekur ákvörðun með boðskortin,“ segir Þorsteinn Yngvason hjá Stafrænu prentsmiðjunni í Hafnarfirði. Strákarnir í prentsmiðjunni hafa hannað mikið af boðskortum og tekið saman í bók sem viðskiptavinir þeirra geta fengið með sér heim til að skoða. „Kortin eru stöðluð og þarf stundum engu að breyta nema texta, en textinn er alltaf persónulegur,“ segir Þorsteinn.

Hann segir að auðvitað sé alltaf best að gefa sér tíma í þetta, en hans reynsla er sú að fólk sé yfirleitt alltaf á síðustu stundu. „Ef fólk er búíð að ákveða kortið

og ekki er löng biðröð í prentvélarnar er yfirleitt hægt að afgreiða kortin með tveggja daga fyrirvara,“ segir Þorsteinn.

„Fólki finnst þægilegt að geta gengið að hugmyndum að kortum og flestir styðjast við stöðluðu kortin. Auðvitað vilja sumir gera eitthvað öðruvísi,“ segir Þorsteinn.



Þorsteinn Yngvason hjá Stafrænu hugmyndasmíðjunni segir að fólki þyki þægilegt að hafa önnur boðskort til að styðjast við.

**Allt sem þú þarft fyrir flotta förðun**

Nº7




Varagloss 5 spennandi litir

Á næsta útsölustað núna

[www.bmagnusson.is](http://www.bmagnusson.is)

**GERRY WEBER**  
Glæsilegur sparifatnaður



**BERNHARD LAXDAL**  
Laugavegi 63 • Sími: 5514422

» FASTUR  
**birta**  
» PUNKTUR

## Veislan þín



**Brúðkaup**



**Skírn**



**Brúðkaup**



**Förming**

Glæsilegar skreytingar til sölu eða leigu í veisluna þína.



**VÖLUSTEINN**  
fyrir fima fingur

Mörkinni 1 / Sími 588 9505 / [www.volusteinn.is](http://www.volusteinn.is)

## Fissler

Finndu muninn!



Profi-line skafpottur 1.5 L, 16 cm



Profi-line panna 28 cm



Profi-line panna 32 cm



Profi-line pottur 4.0 L, 24 cm



Profi-line pottur 4.0 L, 20 cm

## búsáhöld

KRINGLUNNI

Sími: 568 6440  
[busahold@busahold.is](mailto:busahold@busahold.is)

# allt - sem þig vantar

[ ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

**SMÁUGLÝSINGA-SÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22**

**TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 15**

**SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**  
smaar@frettabladid.is / visir.is

**AFGREIÐSLAN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA KL. 8-19**

**AFGREIÐSLAN ER OPIN UM HELGAR KL. 9-17**

## BÍLAR & FARARTÆKI

**Bílalíf.is**  
Bílasala Matthíasar



LÍTIÐ EKINN ÞESSI... MMC COLT GLXÍ, árg.1997, ek. aðeins 62þ. km. Sjálfskiptur, Álfelgur, Spoiler, ofl. V:550 þ. Billinn er til sýnis og sölu hjá Bílalíf, Kletthálsi 11, (á nýja gríðarstóra bílasölusvæðinu) S:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

**Bílalíf**  
Kletthálsi 11, 110 Reykjavík  
Sími: 562 1717  
www.bilalif.is

**LITLA** www.litla.is  
Bílasalan S. 587 7777



Toyota Avensis 1.8 vti wagon 2001, ssk., ek. 70 þ. km, grár. Bílalán 740 þús. Verð 1490.



Toyota Landcruiser 100 Vx diesel turbo 8/2000, ssk., leður, grár. Verð 4650 þús.



Landrover Discovery 2.5 Tdi 1998, ssk., ek. 188 þ. km. Lán 1,0, verð 1390 þús.

**Litla bílasalan**  
Funahöfða 1, 112 Rvk.  
Sími: 587 7777  
www.litla.is



Nýr M. Benz C180 Elegance. Sjálfsk. Leður, rafm. í stólum, Fjarlægðar-skyrnjarar, álfelgur, Til sýnis í sýningarsal okkar. Listaverð: 5.500 þús. Okkar verð: 3960 þús.

**Sparibíll ehf**  
Skúlagötu 17, 101 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
www.sparibill.is

**HEIMSBÍLAR**  
www.heimsbilar.is



VW Passat 1.6 Basicline, nýskr. 03/00, ek. 51 þ. km., beinsk., vínrauður, vind-skeið, húddhlíf o.fl. Glæsilegur bill! Verð 1.120.000.



### Ert þú að selja bíl?

Komdu þá strax í dag, sýndu okkur hann og skráðu hann hjá okkur. Þá er páskaegg nr. 5 frá Nóa Síríus þitt! Heimsbilar er traust bílasala með reynslumikið og duglegt starfsfólk.

**Staðsett á nýju, stóru og sérhönnuðu bílasölusvæði við Klettháls. Næg bílastæði svo hver bill hjá okkur fái hámarks athygli!**

**Heimsbilar**  
Kletthálsi 11a, 110 Reykjavík  
Sími: 567 4000  
www.heimsbilar.is

## MAGNÚSSON EHF

**Innflutningur á notuðum og nýjum bifreiðum frá Þýskalandi. www.bilasolur.is/magnusson**



Nýr 2005 Ford Mustang GT Premium 4.0 V6 210 Hö, sjálfsk., ABS, hemlar, álfelgur, hraðastillir, leður, hljómgræjur með 6 diska magasini í mælaborði + MP3 spilara, ofl. Afhendingartími um 5 til 6 vikur. Fleiri litir fáanlegir. Verð 2.950.000 Ágúst sími 862 2000 e-mail magnusson@internet.is



Nýir og lítið notaðir Grand Cherokee. Getum útvegað allar gerðir af nýjum og lítið eignum Grand Cherokee, vel bún-um. Verð á nýjum 4,7 Limited kr. 4.590.000. Hemí 5,7 verð 4.790.000. Ágúst sími 862 2000 E-mail magnusson@internet.is



Range Rover 4.4i. Árg. 09/02, ek. 58 þ. km. Fyrra skráningarland Þýskaland, ABS, ASR spólvörn, 19" álfelgur, dr. kúla, ESP, filmur, CD magasin, glerþopp-lúga, GPS og TV, hiti í sætum, hleðslu-jafnari, hraðastillir, leður, líknarbelgir, loftkæling, þjónustubók. Billinn heitir HSE en er með öllu því sama og Vogue tipan. Verð 8.200.000 Ágúst sími 862 2000 magnusson@internet.is



Getum útvegað allar gerðir af BMW frá Þýskalandi 520 e60 og 525, vel búnum. Ágúst sími 862 2000 E-mail magnusson@internet.is



BMW 520 ia '99. Ekinn 95 þús., stept-ronic. Verð 1690 þús. S. 862 2000, magnusson@internet.is. Er til sýnis á Bílasölu Íslands, Skógarhlíð 26 í s. 510 4900.

**Magnússon ehf.**  
Sími: 862 2000



LMC - Hjólhýsi. Mikið úrval Glæsileg Þýsk hjólhýsi. Nánari upplýsingar gefur Víkurverk Tangarhöfða 1 sími 557 7720

**Víkurverk**  
Tangarhöfði 1, 110 Reykjavík  
Sími: 567 2357  
www.vikurverk.is



Suzuki Grand Vitara 2,5 V6, árg. 06, '98, sjálfsk., dr.beisli, topplúga. Verð 1190 þús. Opið frá kl. 13 til 18 í mars.

**12 Volt**  
Malarhöfða 2, 110 Reykjavík  
Sími: 565 2500

## Bílar til sölu



Til sölu BMW X 5 sport. Árg. 2004. Ek. 7 þús. Nýskráður 11/2004. Næsta skoðun 2006. Verð 6,4 millj. Skipti ekki. Bensín knúinn. Skráður 5 manna. Sjálf-skiptur, 3000cc slagrymi. 5 dyra. 4 sum-ardekk. Uppl. í s. 699 5008.



Toppurinn í flotanum, til afhendingar strax. Ford Mustang Premium árg. 2005 m. aukahl. Einnig Ford King Range F350 árg 2005. Uppl. Gilli s. 899 5707.



Ford F 150 XLT 2004, ek. 17 þ. Toppeintak. Verð 3.170 þ. stgr. engin skipti. S. 863 3060.



VW Polo árg. '04, ek. 19 þús. km. Beinsk., 1,2, CD. Topp bill. Bílalán 850 þús. Verð 1250 þús. S. 892 7852.



Toyota Yaris mobil, árg. '02, ek. 42 þús. km. Beinsk., spoiler, filmur í rúðum, samlitir stuðar, CD, ný neldg vetrar-dekk, sumardekk fylgja. Listaverð 900 þús. Bílalán 650 þús. S. 892 7852.

### Athugið get útvegað

Allar gerðir af bílum frá Ameríku þar á meðal Dodge (benz) Sprinter, árgerðir 2005 bæði vörubílum og fólksbílum. Uppl. í s. 899 3004.

VW Golf 1400 árg. '94 til sölu. Í toppstandi. 2 eigendur frá upphafi. Verð 180 þús. stgr. Uppl. í síma 849 1235.

Mercedes Benz 500 SE árg "85" ekin 319.000 Topplúga, leðursæti, cd spilar, benz felgur. Lakkið er í þokkalegu ástandi en billinn þarfnast viðgerðar. Sími 869-2440, Siggí

Toyota Yaris árg. '01 til sölu, ekinn 74 þús. Tilboð óskast. S. 848 8868.

## 0-250 þús.



**Toppverð**  
Til sölu Ford Mercury Sable árg. '90, 8 manna, ek. 118 þús., vél öll yfirtekin Uppl. í s. 659 3567.



Til sölu MMC Colt árg. '91, ek. 170 þús. Nýsk., mjög gott eintak, CD. Uppl. í síma 897 3667.



Algjör gullmóli!!! vw golf '94.ekinn 155þ. bíll í toppstandi. verð 230þ. s.6916318



Til sölu Ski Doo Grand Touring 470 árg. 1995. Topp eintak. Kerra fylgir, allt klárt í ferðina! Verð 260.000. Upplýsingar í síma 894 9994.



VW Passat '93, 1,8 beinsk, sk. '06. Verð 165 stgr. Uppl. í s. 846 1065.

Hyundai Pony '94. Ekinn 152 þús. Verð 120 þús. Uppl. í s. 695 2266.

Ódýr Oldsmobile, árg. '86. sjálfskipt. þarfnast lagfær. S: 694-8886.

Til sölu MMC Lancer '89, ek. 124 þús, ssk. Verðhugmynd 60 þús. Uppl. í s. 695 9149.

Mazda 323, árg '89, ek. 145 þús. Góður bill. Verð 50 þús. Uppl. í s. 695 5161.

Ford Escord árg. '92, ek. 125 þús., sk. '06. Verð 85 þús. Sími 847 0408.

Einstakt tækifæri! Aðeins 75.000 kr. Volvo 740GL 1988 ekinn 230 þ. með skoðun '05. Uppl. í s. 661 8722.

VW Polo '91. 2ja sæta sendibíll. Sk. '06. Nýr startari, ný kúp. og pressa, ný smurður. Ek. 136 þús. V.55 þús. Uppl. í s. 894 0166 & 553 3572.

Ódýrir-góðir-nýsk!! Toyota Carina '91 og '90 ssk., sedan. Corolla sedan '89, v. 55 þ. S. 844 6609 & 552 3404.

Bens 190e, árg '86, til sölu, ek. 180 þús. Litur vel út, ónýtt heddþakning. Uppl. í s. 869 3804 Sigurður

### Til Sölu

Toyota Corolla Touring árg. '91 Sk. '06. Verð 130 þ. Upplýsingar í síma 863 5378.

Toyota Carina II árg. '91 ek. 160 þús 2000 vél, sjálfskiptur, góður bill. Verð 170 þús. stgr. Uppl. í s. 864 9333 & 587 4942 Gylfi.

Tveir ódýrir Galant og Pony Hyundai Pony '94. V. 65 þ. MMC Galant '91. V. 85 þús. Bæði skoðaðir. S. 661 3548.

Hyundai Accent '96, 150 þ. km. 4ra dyra, ssk. V 240 þ. Renault Clio '95, 99 þ. km, 5 dyra, ssk., 1 eigandi. V. 260 þ. S. 899 1217.

Toyota Corolla sj, árg. '94, falletgur og góður bill. V. 290 þ. Uppl. í s. 659 9696.

Fjárfestar tala gjarnan um mikilvægi þess að setja ekki öll egginn í sömu körfuna. Ein karfa sem er vaxandi á heimsvísu er sorphirða og endurvinnsla. Sorpa er byggðasamlag sem sér um sorpeyðingu fyrir sveitarfélög á höfðuborgarsvæðinu. Hagnaður Sorpu tvöfaldaðist á milli ára og var 54 milljóna króna hagnaður af starfseminni. Rekstrarhagnaður Sorpu batnaði einnig, en eins og á fleiri bæjum voru gengisliðir hagstæðir vegna styrkingar krónunnar. Afkoman er svo sem ekki til þess að laða að fjárfesta með himinháar arðsemiskröfur, en vöxtur er í starfseminni og engin ástæða til að vera í rusli yfir afkomunni.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

Í gær var skráð hækkun hlutfjár í Íslandsbanka í kjölfar útgreiðslu arðs sem hluthafar gátu tekið út í formi hlutfjár.

Á aðalfundi Kögunar í gær var samþykkt að greiða þrjátíu prósent arð. Engar breytingar urðu á stjórn félagsins.

**Nikkei** hlutabréfavisitalan í Japan lækkaði um 0,25 prósent í gær. **FTSE** í Lundúnum hækkaði um 0,51 prósent og **DAX** í Þýskalandi hækkaði um 0,47 prósent.

**Verslunaráð** heldur í dag fund á Grand Hótel þar sem rætt verður um hvort hagkerfið á Íslandi sé að offhitna. Fundurinn hefst kl. 08.30. Framsögumenn eru **Vilhjálmur Egilsson**, **Sigurjón P. Arnason** og **Arnór Sighvatsson**.

## Landsbankinn selur hlut í Og Vodafone

Fimmtán prósent eignarhlutur Landsbankans og tengdra fyrirtækja var seldur í gær. Kaupandi er Runnur félag í eigu nokkurra fjárfesta.

Landsbankinn og Burðarás hafa selt hlut sinn í Og fjarskiptum, eiganda Og Vodafone og 365 fjölmiðlanna. Landsbankinn hefur átt langa samleið með fyrirtækinu frá kaupum í Íslandssíma fyrir um fimm árum síðan.

Landsbankamenn telja að vel hafi tekist til með þetta umbreytingarverkefni. Ekki hafi staðið til að vera langtímaeigandi í fyrirtækinu. Arðsemin af fjárfestingunni sé ásættanleg.

Kaupendur fimmtán prósent hlutar í Og fjarskiptum er eignarhaldsfélagið Runnur, en að því standa Saxhóll, eignarhaldsfélag Nóatúnsfjölskyldunnar, Bygg sem er í eigu verktakanna Gunnars og Gylfa og fjárfestingarfélagið Primus sem er í eigu Hannesar Smárásonar, stjórnarformanns Flugleiða. Þessir aðilar eru stærstu eigendur Runns og eigendur með Baugi í Húsasmíðunni. Auk þeirra eru eigendur Runns, félagið Mogs sem er í eigu ungra athafnamanna, þeirra Magnúsar Ármanns og Sigurðar Bollasonar, sem seldu tiskukæðu Baugs Karen Millen búðirnar og Vífilfell, framleiðandi Coca Cola á Íslandi. Magnús er varamaður í stjórn Og fjarskipta.

- hh

## Tillögur á næstu dögum

Fjárfestar bíða í startholunum eftir niðurstöðu um hvernig Síminn mun verða seldur.

Einkavæðingarnefnd vill ekki gefa upp hvenær endanleg tillögun einkavæðingar Símans verður tilkynnt en Jón Sveinsson, formaður nefndarinnar, segir að það sé spurning um daga fremur en vikur hvenær endanlegar tillögur munu liggja fyrir.

Jón vildi ekki staðfesta hvort að ráðgjafafyrirtækið Morgan Stanley hefði skilað endanlegum tillögum sínum. „Við erum að kasta á milli okkar ákveðnum hugmyndum,“ segir Jón.

Heimildir herma að til umræða sé að meta tilbodsgröfu út frá þremur þáttum. Í fyrsta lagi því verði sem í boði er. Í öðru lagi

verði litið til framtíðarsýnar tilvonandi eigenda og þá sérstaklega hvaða augum þeir líta starfsemi fyrirtækisins á landsbyggðinni. Þriðji þátturinn sem sagður er koma til álita er hvort tilbodsgröfjafar hafi innanborðs aðila með reynslu og þekkingu á slíkum rekstri.

Mjög hefur verið rætt um að fjárfestingarfélagið Meidur undirbúi kaup á Símanum en vitað er að margir aðrir eru í startholunum og tilbúnir að leggja út í vinnu við tilbodsgerð um leið og endanleg niðurstaða ríkisstjórnarinnar um tillögun sölunnar liggur fyrir.

Hlutabréf í Símanum hækkuðu í verði í Kauphöll Íslands í dag og er fyrirtækið nú metið á ríflega 73 milljarða króna á markaði. Þess ber hins vegar að geta að einungis mjög lítill hluti hlutfjárins er á markaði.

- þk



**UNNIÐ AÐ SÖLU SÍMANS** Jón Sveinsson segir að tillögur um einkavæðingu Símans muni liggja fyrir á næstu dögum.



Nú getur þú sent SMS

SMS heimasími

Léttkaupsútborgun:

**980** kr.

og 750 kr. á mán. í 12 mán.

Panasonic KX-TCD300

Tibodsverð: 9.980 kr.

**25% afsláttur**  
úr heimasíma  
í 6 númer

Skráðu þig á siminn.is

Hægt er að senda og taka á móti SMS. Númerabirting fyrir allt að 30 númer. Símaskrá fyrir 200 símanúmer og nöfn. Innbyggður hátalari fyrir handfrjálsa notkun. Dagsetning og tími og raddstýring á 20 númerum.





**SEGIR ÚTLITÐ ERFITT** Valdimar Halldórsson hjá greiningardeild Íslandsbanka segir rekstur sjávarútvegsfyrirtækja verða erfiðan í ár.

PHOT: JACOB/PHARI

# Útlit fyrir mjög erfitt ár

**Sjávarútvegsfyrirtækin eiga erfitt ár fyrir höndum. Gengi krónunnar heldur áfram að styrkjast.**

Útlit er fyrir að rekstur sjávarútvegsfyrirtækja verði mjög erfiður í ár, meðal annars sökum sterks gengis íslensku krónunnar. Gengi krónunnar hélt áfram að styrkjast í gær.

Fram kom í Hálf-fimm fréttum KB banka í gær að raungengi gagnvart Bandaríkjadal hafi ekki verið lægra í þrettán ár og aðrir gjaldmiðlar hafa einnig lækkað hratt gagnvart krónunni.

Valdimar Halldórsson hjá greiningardeild Íslandsbanka segir að árið í ár verði erfitt vegna þess hve sterk krónan er nú. Hann segir að útlit sé fyrir að gengið verði áfram sterkt út árið. Í fyrra var afkoma sjávarútvegsfyrirtækja bærileg en þar réð miklu bókhaldslegur hagnaður sökum lækkunar erlendra skulda vegna jákvæðs gengismunar.

Valdimar segir ólíklegt að slíkt

verði upp á teningnum í ár og því muni reyna á reksturinn. „Þetta verður erfitt ár en það hjálpar sjávarútvegsfyrirtækjunum að verða sjávarafurðum er hátt. Það vinnur á móti því hversu sterk krónan er,“ segir hann.

Valdimar hefur tekið saman rekstrarniðurstöður sjávarútvegsfyrirtækja í fyrra og þar kemur fram að samanlagður hagnaður þeirra sjávarútvegsfyrirtækja sem skráð eru á markaði var 4,4 milljarðar króna. Stór hluti þessa hagnaðar er hins vegar vegna jákvæðs gengismunar.

Í samantekt Valdimars kemur einnig fram að framlegð hjá Vinnslustöðinni var töluvert hærrí en hjá öðrum skráðum sjávarútvegsfyrirtækjum í fyrra. Að sögn Valdimars verður þó að taka tillit til ólíkrar starfsemi fyrirtækjanna.

- þk

## HVERS VEGNA TÖLVU-ÖKUSKÍRTEINI?

Tölvu-ökuskrírteini
PC-áskrift
Europeiska Databankkortet
Tiðtöskírteini sammið Euronormatinn ykkarstjórn
European Computer Driving Licence

### TÖK NÁMSKEIÐ

TÖK er skammstöfun á alþjóðlegu prófskrírteini sem vottar tölvukunnáttu þína og vottar að þú sért tölvulæs.

Það þýðir að þú kunnir að nýta þér flesta möguleika tölvunnar og þeirra forrita sem hvað mest eru notuð við vinnu og daglegt líf.

TÖK-skírteini er mikill styrkur á vinnumarkaðinum jafnt héraendis sem erlendis.

Hlíðasmára 9 - Kópavogi

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS

**TÖK** er skammstöfun á alþjóðlegu prófskrírteini sem vottar tölvukunnáttu þína og vottar að þú sért tölvulæs.

Það þýðir að þú kunnir að nýta þér flesta möguleika tölvunnar og þeirra forrita sem hvað mest eru notuð við vinnu og daglegt líf.

TÖK-skírteini er mikill styrkur á vinnumarkaðinum jafnt héraendis sem erlendis.

**Námsgreinar:**  
**Upplýsingatækni - Windows - Word - Excel Access - PowerPoint - Póstur - Internetið**

**Næsta kvöldnámskeið:**  
 Byrjar 30. mars og lýkur 23. maí.  
 Kennst á mán. og mið. frá 18 til 22 og annan hvern laugardag kl. 13-17.

# úr heimasíma

Stundum er betra að senda SMS!

Ekki þarf að greiða fyrir SMS sendingar úr heimasíma til 1. apríl 2005

800 7000 - siminn.is

JERRY LEWIS (1925 – )  
á afmæli í dag.



„Ég hef náð miklum frama þó ég sé algjör fábjáni.“

Réttu nafni heitir grínarinn heimspektí Joseph Levitch. Hann er frægur fyrir ærslagrin í kvikmyndum, sjónvarpi og skemmtunum, og hefur verið að síðan á fimmta áratugnum. Lewis hefur safnað fé til hjálpar fólki sem þjáist af vöðvavissun, en sjálfur er hann plagður af stöðugum bakverkjum eftir að hafa slasast í ærslafengnu grínatriði á árum áður.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## PETTA GERÐIST

### Aldo Moro var rænt í Róm

Þennan dag árið 1978 námu mannræningjar á brott Aldo Moro, þingmann kristilegra demókrata og fyrrverandi forsætisráðherra Ítalíu. Atburðurinn átti sér stað í býtið í Róm þar sem tólf mannræningjar vopnaðir byssum gripu þingmanninn úr bíl og drápu fimm lögreglumenn sem fylgdu honum. Moro var á leiðinni í þinghúsið. Lögregla setti upp tugi vegatálma og hafði gætur á útgönguleiðum úr borginni. Þyrlur lögreglu sveimdu yfir og sérsveitir lögreglu til höfuðs hryðjuverkamönnum voru sendar á flugvöllinn. Öfgafulllir vinstrisinnar í Rauðu herdeildinni lýstu

ráninu á hendur sér. Eftir ránið réðist lögregla til leitar á fleiri hundruð stöðum í Róm, Milanó, Tórinó og víðar í leit sinni að forsætisráðherranum fyrrverandi. Í tvo mánuði hélt Rauða herdeildin Moro á leyndum stað í Róm og leyfði honum að senda bréf til fjölskyldu sinnar og til stjórnmalámmanna þar sem hann sárbað yfirvöld um að semja við mannræningjana um lausn hans. Stjórnvöld í Ítalíu á þessum tíma vísuðu á bug öllum beiðum fjölskyldunnar, vana Moros og Páls VI



16. MARS 1978

páfa um að láta að nokkrum kröfum mannræningjanna. Átta vikum eftir ránið fannst svo lík Moros alsett byssukúlum í skotti bíls í Via Caetani í miðborg Rómur. Rauða herdeildin var vinstrisinnar hópur hryðjuverkamanna sem settur var á stofn árið 1970 með það að markmiði að koma kapitalískum stjórnvöldum frá völdum á Ítalíu. Um miðjan níunda áratuginn var búið að handsama og fangelsa flesta leiðtoga hryfingarinnar.

## MERKISATBURÐIR

- 1521 Portúgalski sáfarinn Ferdinand Magellan kemur til Filippseyja, þar sem innfæddir drepa hann nokkrum vikum síðar.
- 1534 England sker á öll tengsl við Páfagarð í Róm.
- 1792 Gústaf II Svíakóngur er skotin til bana á grímuballi í Konunglega óperuhúsinu í Stokkhólmi.
- 1910 Póstskipið Laura strandar við Skagaströnd.
- 1980 Eldgos hefst norðan við Leirhnjúk.
- 1983 Eigendur Viðeyjar og fulltrúar Reykjavíkurborgar undirrita samning um kaup borgarinnar á eyinni.
- 1987 Verkfall Hins íslenska kennarafélags hefst. Kennsla fellur niður í öllum framhaldsskólum og sumum grunnskólum; aflýst 31. mars.

## ANDLÁT

Jón Jens Guðmundsson, frá Munaðarнесi, Strandasýslu, lést miðvikudaginn 9. mars.

Ragnheiður Jónsdóttir Goldstein, frá Flatey á Breiðafirði, Melrose, Massachusetts, Bandaríkjunum, lést fimmtudaginn 10. mars.

Magnússína Guðbjörg Nancy Magnúsdóttir, frá Stapa í Vestmannaeyjum, Kambahrauni 30, Hveragerði, lést föstudaginn 11. mars.

Hjalte Björnsson, Tröllaborgum 23, Reykjavík, lést laugardaginn 12. mars.

Hjalte Þórðarson, frá Reykjum á Skeiðum, Engjavegi 43, Selfossi, lést laugardaginn 12. mars.

Örn J. Jóhannsson, vélvirki, Höfðastíg 8, Bolungarvík, lést laugardaginn 12. mars.

Helga Björg Svansdóttir, músíkþerapisti, Malarási 15, lést sunnudaginn 13. mars.

Stefán Valdimar Jóhannsson, frá Hömrum, Hrísalundi 18, Akureyri, lést mánudaginn 14. mars.

Þorbjörg Hulda Alexandersdóttir, Kópavogsbraut 1b, Kópavogi, lést mánudaginn 14. mars.

## JARÐARFARIR

13.30 Helgi Fannar Helgason, Heiðarbrún 2, Stokkseyri, verður jarðsúnginn frá Selfoskirkju.

Tímamót: Páll Óskar Hjalmtýsson 35 ára

# Ef það kemur logn bý ég til storm

„Mér líður enn þá eins og ég sé sautján ára,“ segir Páll Óskar Hjalmtýsson tónlistarmaður en hann fagnar í dag 35 ára afmæli sínu. „Ég verð bara að segja að mín upplifun af fertugsaldrinum er ekki í takt við þær hugmyndir sem ég hafði gert mér um hann áður. Mér hefur aldrei líðið betur á ævinni og hef aldrei verið forvitnari um lífið og tilveruna. Svo náttúrliga býr maður í yndislegri borg sem heitir Reykjavík. Í henni getur maður fengið hugmynd að morgni og framkvæmt hana að kvöldi, en það er lúxus sem ég sé ekki að geti gerst í nokkurri annarri borg í heiminum.“

Á Páli Óskari er í raun að heyrast að hann sé mesti lukkunnar þamfíll. „Ég held að leyndarmálið á bak við að vera 35 ára og líða eins og 17 sé bara að vinna skemmtilega vinnu, rækta sambandið við sjálfan sig, rækta sambandið við vini og fjölskyldu, borða góðan mat, ná átta tíma svefni á sólarhring og svo stranglega bannað að fara í fýlu. Svo er náttúrliga líka lykilatriði að reykja hvorki né drekka, það er mikilvægt fyrir unga fólkið að hafa það í huga, taka hvorki fyrsta sopann, né smókin.“

Páll Óskar segist þó eiga það til að ganga dálítið á göfug markmið um að rækta sambandið við vini og fjölskyldu vegna þess hve hann



PÁLL ÓSKAR VIÐ SJÁVARSIÐUNA Í VESTURBÆNUM „Það er um að gera að nota veðurblíðuna til að viðra sig aðeins,“ sagði Páll Óskar Hjalmtýsson sem býr í göngufæri við sjóinn í Vesturbænum.

hefur mikið að gera. „En þannig vil ég hafa það þó maður fái svölitið samviskubít yfir að hafa ekki alltaf nægan tíma. Ég vil alltaf vera á fullu í vinnu og þannig hefur það verið lengi. Ef það kemur logn þá bý ég til storm.“

Þessa dagana er Páll Óskar í stúdíói að raða saman plötu, sem hann segir að verði „dansvæn popplata þar sem diskóið er ekki langt undan.“ Hann segir stefnt að því að klára plötuna í haust, en leggur þó ekki of mikið upp úr dagsetningum í þeim efnum. „Hún á bara að koma út þegar hún er orðin góð,“ segir hann og er í

augnablikinu að klára lag á plötuna sem hann vinnur í slagtopi við Trausta Haraldsson, en hann samdi með Páli lagið sem var framlag Íslands árið 1997 í söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. „Með okkur er svo Jón Andri, félagi Trausta úr hljómsveitinni Fantasía. Svo er ég náttúrliga að reyna að raða saman stúdíóvinnu með allri hinni vinnunni. Núna eru árs hátíðir í gangi, Milljónamæringarnir spila mjög mikið og svo erum við Monika [Abendroth hörpuleikari] alltaf að spila hér og þar,“ segir hann, en samstarf Páls og Moniku

hefur haldist allt frá því þau gáfu saman út plötu í árslok 200. Þau halda til að mynda saman tónleika á annan í páskum á Hótel Örk í Hveragerði. „Svo held ég mín eigi partí af og til og næsta stóra er auðvitað Eurovision-partíð mitt á Nasa 21. maí. Það var æðislegt í fyrri og mögnuð upplifun, en í þessum partíum reyni ég að koma saman sem flestum af íslensku stjórnunum sem farið hafa út að keppa fyrir Íslands hönd. Ég verð plötusnúður og hinir troða upp og syngja lögin sín,“ segir Páll Óskar fullur tilhlökkunar, áður en hann rýkur af stað í stúdíói. ■



Elskulegur eiginmaður minn, pabbi okkar, sonur, bróðir og mágur,

**Gylfi Hauksson**

Álfatúni 10, Kópavogi,

lést á heimili sínu mánudaginn 14. mars.

Olga Stefánsdóttir	Stefán Haukur Gylfason
Dagný Gylfadóttir	
Brynhildur Olgeirsdóttir	
Ástríður Hauksdóttir	Georg Tryggvason
Trausti Hauksson	Alda B. Marinósdóttir
Kjartan Hauksson	Ásgerður Jónsdóttir
Ísak Sverrir Hauksson	Guðrún B. Karlsdóttir



Ástkær móðir okkar

**Birna Björnsdóttir**

fv. bankafulltrúi, Hvassaleiti 14, Reykjavík,

lést á Landakotsspítala að kvöldi 14. mars. Jarðarförin auglýst síðar.

Sigurður Pétur Harðarson, Bjarki Harðarson og Dögg Harðardóttir.

## Umhverfisréttur og stjórnarskráin

Umhverfisréttur og stjórnarskráin verður umfjöllunarefni málstofu á vegum Lagastofnunar Háskóla Íslands og Landverndar í stofu 101 í Lögbergi milli klukkan tólf og tvö í dag. Málstofan er opin og öllum heimil þátttaka.

Ole Kristian Fauchald, dósent við Óslórháskóla og sérfræðingur í umhverfisrétti, flytur á ensku erindi um reynslu Norðmanna af umhverfisréttarákvæði norsku stjórnarskrárinnar, sem var tekið upp árið 1992. Að erindinu loknu verða pallborðsumræður þar sem þátt taka Jón Kristjánsson ráðherra og formaður stjórnarskrárnefndar, Sigurður Línal



LÖGBERG Lögberg er að finna skammt sunnan við Aðalbyggingu Háskóla Íslands, en þar verður í dag málþing um stjórnarskrána á vegum Lagastofnunar Háskólans og Landverndar.

professor, Hjörleifur Guttormsson náttúrufræðingur og Aðal-

leiður Jóhannsdóttir, lektor við lagadeild Háskólans.

„Ætla má að sú skoðun sé ríkjandi meðal þjóðarinnar að allir þegar landsins eigi rétt á að lifa í heilnæmu umhverfi sem er laust við hættulega mengun sem spillt getur lífsgæðum þeirra og eyðilagt heilsufar. Jafnframt telja Íslendingar líklega almennt að mikil lífsgæði felist í því að eiga aðgang að óspilltri náttúru til að sækja sér lífsfyllingu og unað,“ segir í tilkynningu og talið nauðsynlegt að ræða hvort ákvæði þessa efnis ættu ekki heima í stjórnarskrá Íslands, nú þegar verið er að endurskoða hana. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AV. MYNDIR/NET

**TÍMAMÓTATILNEFNING** Kvikmyndagerð í Suður-Afríku er í mikilli uppsveiflu um þessar mundir, en hér að ofan má sjá atriði úr bíómyndinni „Yesterday“. Þarna eru suður-afrísku leikkonurnar Leleti Khumalo (vinstra megin), sem leikur Yesterday, og Lihle Mvelase, sem leikur dóttur hennar Beauty. Myndin er sú fyrsta frá Suður-Afríku sem er tilnefnd til Óskarsverðlauna í flokki mynda sem ekki eru á ensku.

## Ný heimasíða kynnt á hátíðarfund

Í tilefni af hundrað ára afmæli Verzlunarskólans á árinu efndi skólanefnd skólans til sérstaks hátíðarfundar í gær sem bæði nemendur og gestir fjölmenntu á. Á dagskrá fundarins var meðal annars umfjöllun um tvo nýja sjóði. Formaður skólanefndar bar upp tillögu um stofnun Aldar-afmælisjóðs, en markmið hans er að „styrkja efnilegt ungt fólk til náms við VÍ og auðga starfsemi skólans.“ Stefnt er að því að stofnfé sjóðsins verði 100 milljónir króna á afmælisárinu og fól skólanefndin Þorvarði Elíassyni skóla-

stjóra að ganga frá stofnun sjóðsins fyrir lok aprílmánaðar. Þá kynnti formaður skólanefndar stofnun Listasjóðs skólans, en honum er ætlað að kaupa myndlist, einkum eftir nemendur skólans, með það fyrir augum að auðga umhverfi nemenda. Keyptum verkum verður svo komið fyrir í kennslustofum og annars staðar þar sem þrýði þykir að. Í sjóðinn rennur fé samkvæmt ákvörðunum skólanefndar og skólastjóra, auk gjafa sem skólanum kunna að berast í því skyni. Skólastjóra Verzlunarskólans var



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**SKÓLANEFND VERZLUNARSKÓLANS** Hátíðarfundur skólanefndar í Bláa sal Verzlunarskólans í gær. Á dagskránni var stofnun tveggja nýrra sjóða; aldarafmælisjóðs og listasjóðs. Þá var opnuð ný og endurbætt heimasíða skólans.

falið að gera drög að stofnskrá sjóðsins, en hún á meðal annars að taka á listrænum kröfum til sjóðs-stjórnarinnar.

Á fundinum var einnig notað tækifærið og opnuð ný heimasíða skólans á slóð hinnar gömlu, www.verslo.is.

### AFMÆLI

**Rannveig Pálsdóttir** lækni er 53 ára í dag.



**Unnur Dís Skaptadóttir** dósent er 46 ára í dag.

### FÆDDUST ÞENNAN DAG



1751 **James Madison**, Bandaríkjaforseti.  
1787 **Georg Simon Ohm**, eðlisfræðingur.  
1839 **Modest Mussorgsky**, tónskáld.



1940 **Bernardo Bertolucci**, leikstjóri.  
1946 **Erik Estrada**, leikari.  
1951 **Kate Nelligan**, leikkona.  
1954 **Jimmy Nail**, söngvari og leikari.  
1955 **Isabelle Huppert**, leikkona.



**VEFUR ÁBURÐARVERKSMÍÐJUNNAR** Á slóðinni [www.aburdur.is](http://www.aburdur.is) er að finna upplýsingar um hönnunarsamkeppni Áburðarverksmiðjunnar, en til hennar efndi verksmiðjan í samvinnu við Ístex og Félag sauðfjárbænda.

## Hönnunarsamkeppni

„Ullin á nýrri öld“ er yfirskrift hönnunarsamkeppni Áburðarverksmiðjunnar, sem efnt hefur verið til í samvinnu við Ístex og Félag sauðfjárbænda. Keppnin snýst um gerð á peysu úr íslenskri ull þar sem „þema peysunnar á að vera hið nýja merki Áburðarverksmiðjunnar“, að því er segir í tilkynningu.

Markmiðið með keppninni er að efla íslenskan þróun og listiðnað, en vinnsluáferðir við gerð peysunnar eru frjálssar. Skila þarf inn peysum í keppnina fyrir klukkan fjögur síðdegis 5. apríl. Peysur skulu merktar með dulnefni, en nafn, heimilisfang og símanúmer á að fylgja í lokuðu umslagi merktu dulnefninu.

Öllum er heimil þátttaka í keppninni en fyrir fyrsta sæti eru 70 þúsund króna verðlaun. Fyrir annað sæti í keppninni eru 40 þúsund í verðlaun og 30 þúsund krónur fyrir þriðja sætið. Þá eru sérstök verðlaun fyrir frumlegustu peysuna, flugmiði fyrir tvo á áætlanarleiðum Iceland Express. Nánari upplýsingar um keppnina og tilhögun hennar er að finna á vefnum [aburdur.is](http://aburdur.is).

Verðlaunaafhending fer svo fram á árs hátíð sauðfjárbænda 8. apríl á Hótel Sögu í Reykjavík, en 7. og 8. apríl verða allar innsendar peysur sýndar í anddyri hótelsins.

# Skrifstofuhúsgögn á frábæru verði!

**Flex-T**  
vinnustöðvar  
**30%**  
kynningarafsláttur



**Flex-T vinnustöðvar** (180x180cm)  
frá **Kr. 46.270**

**Mark 30 skrifstofustólar**  
**Kr. 40.900**



Hæðarstilling á baki —

Pumpa til að stilla stuðning við mjóhrygg

Hæðarstillanlegir armar

Hallastilling á baki

Hæðarstilling á setu og baki

Veltustilling á setu og baki

Mjúk hjól —

Sleði til að færa setu fram og aftur  
Hægt er að stilla stífleika setu og baks eftir þyngd notanda

Flex-T er ný lína vinnustöðva sem Guðrún Margrét Ólafsdóttir og Oddgeir Þórðarson hafa hannað. Vinnustöðvarnar eru með þægilegri handvirkri hæðarstillingu, 0-20 cm en fást einnig með rafknúinni, stíglausri hæðarstillingu þannig að ýmist er hægt að sitja eða standa við vinnu. Nú býðst Flex-T á sérstök kynningartilboði.

Mark er glæsileg lína skrifstofustóla fyrir vinnustaði og heimili. Hönnuður stólanna er Pétur B. Lúthersson. Hægt er að velja um fjölda lita á áklæði. Nú bjóðum við þessa stóla á frábæru verði.

**Á. GUÐMUNDSSON ehf.**

Heildarlausnir í skrifstofuhúsgögnum Bæjarlind 8-10 • Sími 510 7300 • [www.ag.is](http://www.ag.is)





## Aðal leikir dagsins

### Oddaleikir í InterSportdeildinni

Það eru þrjár rosalegir slagir á dagskrá í kvöld þar sem ræðst hvaða þrjú lið fylgja ÍR-ingum í undanúrslit InterSportdeildarinnar. Þar ber suðurnesjaslagur Keflavíkur og Grindavíkur hæst en ekki má búast við síðri spennu í viðureignum Fjölnis og Skallagríms og Snæfells og KR.

# sport

sport@frettabladid.is

## KÁRI ÁRNASON ER NÝLIÐI Í ÍSLENSKA LANDSLIÐINU: SPILAR VIÐ HLIÐ FALLINNAR STJÖRNU

# Bjóst alls ekki við því að vera valinn

„Já það er óhætt að segja það, segir Kári Árnason, eini nýliðinn í íslenska landsliðshópnum í knattspyrnu, aðspurður um hvort það hafi komið honum á óvart að hafa verið valinn í íslenska landsliðið í knattspyrnu í fyrradag. Það var þjálfari hans hjá Djurgarden sem gerði honum kunnugt um valið. „Ég hafði stefnt á að koma mér inn í landsliðshópinn og sérstaklega eftir að ég fór í atvinnumennskuna en ég bjóst engan veginn við því að hljóta hnossíð fyrir jafn stóra leiki og gegn Króatíu og Ítalíu,“ bætir hann við.

Kári er uppalinn hjá Víkingi og stóð lengst af sínum ferli í því að koma þessu gamla stórveldi upp í úrvalsdeild á nýjan leik eftir áralangt basl í 1. deildinni. Markmiðinu var loksins náð á síðasta ári og vakti Kári strax athygli fyrir góða frammistöðu á sínu fyrsta tímabili í efstu deild. Hann segir það vissulega vera mikil viðbrögð að fara frá því að spila eina leiktíð í efstu deild á Íslandi og standa skyndilega frammi fyrir því að kljást við stjörstjörmur frá Króatíu og Ítalíu. „Þetta er stórt stökk en ég tel mig vera tilbúinn til að

veita þessum köllum einhverja mótspyrnu,“ segir Kári sem reyndar hefur ekki farið varhluta af því að umgangast stjörnur, eða kannski væri réttara að segja fallnar stjörnur, því Ibrahim Ba, fyrrverandi leikmaður AC Milan og franska landsliðsins, gekk til liðs við Djurgarden á sama tíma og Kári.

„Við höfum báðir átt fast sæti í liðinu á undirbúningstímabilinu og það er mikill heiður að spila við hliðina á honum,“ segir Kári í kaldhæðnislegum tón. „En ef við tölum í alvöru þá er Ba mjög flinkur leikmaður og gaman að spila með honum. En hann hefur misst mikinn hraða frá þeim tíma sem hann var í franska landsliðinu og er ekki sami leikmaðurinn og hann var þótt góður sé. Eini gallinn á honum er hversu slakur hann er í sænskunni,“ segir Kári og hlær.



## > Við skorum ...

... á fólk til að mæta á einhvern þeirra þriggja oddaleikja sem eru á dagskrá 8-liða úrslita InterSportdeildarinnar í kvöld. Körfuboltaímabilið á Íslandi er að ná hámarki og ef almenn-ingur vill sjá körfubolta eins og hann gerist bestur þá er um að gera að grípa tækifærið sem gefst í kvöld.

> “This is nothing. In Iceland we call this slydda.”

Emil Hallfreðsson atvinnurmaður hjá Tottenham lýsir hugsunum sínum á blogg sínu sinni eftir að æfingaleikur hjá Tottenham hafði verið blásinn af vegna veðurs.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

13 14 15 16 17 18 19

### Miðvikudagur

#### LEIKIR

- 20.00 Fjölnir og Skallagrímur mætast í Grafarvogi í oddaleik í 1. umferð úrslitakeppni InterSportdeildar karla í körfubolta.
- 20.00 Keflavík og Grindavík mætast í Keflavík í oddaleik í 1. umferð úrslitakeppni InterSportdeildar karla í körfubolta.
- 20.15 Snæfell og KR mætast í Stykkishólmi í oddaleik í 1. umferð úrslitakeppni InterSportdeildar karla í körfubolta.
- 07.00 Olíспорт á Sýn.
- 07.30 Olíспорт á Sýn.
- 08.00 Olíспорт á Sýn.
- 08.30 Olíспорт á Sýn.
- 17.45 Olíспорт á Sýn.
- 19.00 Bandaríska mótaröðin í golfi á Sýn.
- 19.50 InterSportdeildin í körfubolta á Sýn. Bein útsending frá leik Fjölnis og Skallagríms í 1. umferð úrslitakeppni InterSportdeildar karla í körfubolta.
- 22.00 Olíспорт á Sýn.
- 22.20 Handboltakvöld á RÚV.
- 22.40 Formúla 1 á RÚV.
- 23.15 World Series of Poker á Sýn.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### Enska úrvalsdeildin

CHELSEA–WBA 1–0  
1–0 Didier Drogba (26.).  
Eiður Smári Guðjónsen var í byrjunarliði Chelsea og lék í stöðu fremsta miðjumanns, fyrir aftan Didier Drogba sem var í fremstu víglínu. Hann fór af velli þegar stundarfjórðungur var eftir. Chelsea hefur nú 11 stiga forystu á toppi ensku deildarinnar þegar níu umferðir eru eftir.

### Enska 1. deildin

SUNDERLAND–PLYMOUTH 4–0  
Bjarni Guðjónsson lék allan leikinn fyrir Plymouth.  
WATFORD–LEICESTER 2–2  
Heiðar Helguson lék allan leikinn fyrir Watford Brynjar Gunnarsson tók út leikbann. Jóhannes Karl Guðjónsson var í byrjunarliði Leicester og uppskar gult spjald áður en hann var tekinn útaf hálfleik.  
ROTHERDAM–READING 1–0  
Ívar Ingimarsson lék allan leikinn fyrir Reading í stöðu miðvarðar.  
GILLINGHAM–STOKE 2–1  
Hvorki Þórður Guðjónsson né Tryggvi Guðmundsson voru í leikmannahópi Stoke.

### Meistaradeild Evrópu

INTER–PORTO 3–1  
1–0 Adriano (5.), 2–0 Adriano (63.), 2–1 Jorge Costa (69.), 3–1 Adriano (87.).  
Inter fer áfram í 8-liða úrslit, vann 4–2 samanlagt

### Danski handboltinn

AARHUS–FREDERICIA 32–37  
Róbert Gunnarsson skoraði 12 mörk fyrir Aarhus og var að venju markahæstur í liðinu en Sturla Ásgerisson komst ekki á blað. Gísli Kristjánsson skoraði 6 mörk fyrir Fredericia.

# Trukkurinn lykill fyrir Grindavík

Fyrstu umferð úrslitakeppni InterSportdeildarinnar í körfuknattleik lýkur í kvöld með þremur oddaleikjum. Fréttablaðið fékk körfuboltaspekinginn Einar Bollason til að spá í spilin fyrir leiki kvöldsins.

**KÖRFUBOLTI** Keflavík vann fyrsta leikinn örugglega, 101-80, en Grindavík náði að knýja fram oddaleik með því að vinna í Grindavík, 87-76. Þar vakti sterk vörn heimamanna athygli og fengu Grindvíkingar byr undir báða vængi fyrir komandi átök.

„Fyrir fólk sem sá leikinn í Keflavík, hvort sem það var á staðnum eða heima í stofu, þá er það alveg með ólíkindum að Grindavík skuli hafa unnið leikinn í Grindavík,“ segir Einar Bollason, fyrrum landsliðsmaður og þjálfari og sérlegur spámaður Fréttablaðsins. „Manni dettur helst í hug að Keflvíkingar hafi haldið að þeir þyrftu ekkert að mæta.“



EINAR BOLLASON

Grindvíkingar hafa átt í töliverðu basli í vetur og tveir erlendir leikmenn þurft frá að hverfa. Þá varð liðið fyrir áfalli þegar Guðlaugur Eyjólfsson ákvað

ad hætta að leika með liðinu í mót-mælaskyni við stefnu stjórnarinnar hvað varðar erlenda leikmenn. „Auðvitað samgledst maður Grindvíkingum af því að þetta er búið að vera mjög erfiður vetur hjá þeim. Það sást vel í leiknum hvað Helgi Jónas Guðfinnsson er mikilvægur liðinu og ef Grindvíkingar bera gæfu til að nota þennan truk sem Taylor er í miðjunni og spara skotin fyrir utan geta þeir gert ýmislegt. Ég sé nú ekki í spil-

unum að Keflavíkurhraðlestin tapi þessum leik. Liðið missti af báðum bikartitlunum, náði að vísu deildarmeistarattitlinum, en ég held að heimamenn vinni,“ segir Einar.

#### Fjölnir fái Val lánaðan

Fjölnir og Skallagrímur mætast í Grafarvogi í kvöld.

„Ég sá Fjölni vinna Skallagrím í Grafarvogi með tveimur stigum,“ segir Einar. „Ég var búinn að segja fyrir þann leik að ef íslensku strákarnir hjá Fjölni færu að láta meira að sér kveða myndi liðið vinna. Langbesti leikmaður Fjölnis í þeim leik var Pálmar Ragnarsson. Það er ekki bara það að hann hafi skorað 18-20 stig eða hvað það var heldur öll hin litlu atriðin sem ég fylgdist með. Hann var að skutla sér eftir boltum út af velli, barðist í fráköstum og var góður í vörninni. Skallagrímur býr yfir meiri reynslu og ég held að hún skili sér í sigri. Svo er liðið með gífurlega öflugan miðherja, George Byrd. Fjölnismenn þyrftu eiginlega að fá Val Ingimundarson lánaðan í svona tvo tíma til að kenna þeim hvernig á að nota sterkan miðherja hjá Skallagrímismenn leita að honum stanslaust. Ef Fjölnismenn ná ekki að stoppa Byrd er þetta vonlaust mál.“

#### Slæmt að missa Steinar

KR sækir Snæfell heim í hreinum úrslitaleik þess einvígis.

„Ég var alltaf mjög taugastrektur fyrir leiknum í KR-heimilinu, enda söng í manni



PÁLMAR RAGNARSSON Einar segir að hann sé lykilmáður hjá Fjölni. Í baksvést Steinar Kaldal sem er úr leik hjá KR.

endurminningin frá því í fyrra þegar maður sat eins og lamaður og horfði á Grindvíkingina kjöl-draga KR-ingana í DHL-höllinni. KR-ingarnir komu reyndar mjög sterkir upp í Grindavík og börðust hetjulega þar, úrslitin réoust bara á síðustu sekúndunum. Ég vonast til að það takist aftur, að KR-ingarnir nái að berja í bumbur og mæta dýrvitlausir til leiks. En ég er hræddur um að það verði ekki nóg. Það er náttúrulega mikið áfall að missa fyrirliðann, Steinar Kaldal. Hann skorar kannski ekki

mikið en hann er þeirra foringinn inni á velli og örugglega einn besti varnarmaður deildarinnar. Það er skarð sem er erfitt að fylla. Ég get lofað mönnum spennandi leik en auðvitað er margt sem mælir með því að Snæfell tapi ekki tveimur heimaleikjum í röð. Ég hallast að því að róðurinn verði erfiður hjá mínum mönnum. Vörnin, sem hefur ekki verið til staðar í vetur, virðist vera mætt til leiks hjá Snæfelli,“ sagði Einar Bollason að lokum.

smari@frettabladid.is

# Að hætta eða ekki hætta



UTÁN VALLAR RÚNAR KRISTINSSON OG ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ

#### ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON ÍPRÓTTAFRÉTTAMAÐUR

Rúnar Kristinsson, leikjahæsti leikmaður íslenska landsliðsins í knattspyrnu frá upphafi, treystir sér ekki til að taka þátt í komandi landsleikjum gegn Króötum og Ítölum vegna veikinda sem hafa hrjáð hann að undanförmu og meiðsla.

Þessa skýringu gaf hann þótt ellefu dagar væru í leikinn gegn Króatíu og nægur tími til að jafna sig á veikindum og meiðslum. Þessa skýringu gaf hann þótt hann hafi spilað heilan leik með Lokeren um helgina gegn Beerschot í belgsku deildinni.

Þetta veltir upp þeirri spurningu hversu mikinn áhuga Rúnar hafi í raun og veru á því að spila með íslenska landsliðinu. Rúnar tilkynnti að hann væri hættur að spila með íslenska landsliðinu eftir lokaleik Íslands gegn Þýskalandi í und-

anleppni EM 2004 í Hamborg 11. október 2003. Eftir mikla pressu frá landsliðsþjálfurum ákvað hann að gefa kost á sér áfram en afþakkaði þó sæti í hópnum fyrir Manchester-mótið í Englandi í byrjun júní á síðasta ári. Hann gaf frá sér tækifæri til að spila gegn Englendingum þar sem hann sagðist þurfa á fríi að halda eftir langt og strangt tímabil með Lokeren. Að vera á sólarströnd með fjölskyldunni heillaði hann meira en að spila gegn enska landsliðinu, sem er án nokkurs vafa draumur hvers leikmanns.

Hann kom mjög sterkur inn í vin-áttulandsleiknum gegn Ítölum en missti síðan af öllum fjórum leikjum íslenska liðsins í undanleppni HM vegna meiðsla. Núna treystir hann sér ekki til að spila gífurlega mikilvæg-an leik gegn Króötum vegna veikinda og meiðsla en þær afsakanir eru hálfhjá-kátlegar miðað við það að hann hefur spilað hvern einasta leik með Lokeren eftir áramót ef undan



er skilinn leikur í síðustu viku þar sem hann kom inn á sem varamaður. Ásgeir Sigurvinsson landsliðsþjálfari heldur því hins vegar fram að Rúnar gefi enn kost á sér en miðað við skýringar Rúnars virðist Ásgeir vera að berja hausnum við stein. Hann neitar að horfast í augu við þá staðreyndina að Rúnar hefur fengið sig fullsaddan af íslenska landsliðinu en getur einhvern veginn ekki talið í sig kjark til að koma fram og víðurkenna það.

Nú er ég ekki að segja að val Rúnars sé á nokkurn hátt sérkennilegt. Hann er 36. aldursári, hefur spilað rúmlega eitt hundrad landsleiki og átt einn glæsilegasta landsliðsferil í íslenskri knattspyrnusögu. Það er eðlilegt að menn á hans aldri vilji frekar eyða sumarfríinu með fjölskyldunni en sautján öðrum knattspyrnumönnum. Hann myndi hins vegar gera öllum greiða með því að koma fram í eitt skipti fyrir öll og segja: „Ég er hættur og hættid að velja mig í landsliðið. Ég er búinn að skila mínu og það er tími til kominn að aðrir taki við.“ Að hætta eða ekki hætta – það er spurningin sem Rúnar þarf að svara. oskar@frettabladid.is

### Körfuboltalið Hauka:

# Manciel kemur aftur

**KÖRFUBOLTI** Bandríkjamaðurinn Michael Manciel, sem lék síðustu ellefu leiki Hauka í InterSportdeildinni á nýafstöðnu tímabili, mun að öllum líkindum spila með liðinu á næsta tímabili í InterSportdeildinni.



MICHAEL MANCIEL

Fréttablaðið í gær og sagði að búið væri að gera munnlegt samkomulag við Manciel, sem skoraði 25,1 stig og tók 12,5 fráköst að meðaltali í leik. Sverrir sagði jafnframt að mikill áhugi væri innan raða Haukana að halda Demetric Shaw en hann kom með ferska vinda inn í leik liðsins á lokaspertinum. „Hann ætla að spila í sumar deild NBA en vonandi kemur hann aftur – áhuginn hjá okkur er í það minnsta til staðar.“

## Á HESTBAKI

JENS EINARSSON FJALLAR UM HESTA OG HESTAMENNSKU

# Að eiga hlut í hesti

Á dögnum var stofnað hlutafélag um hestinn Ramma frá Búlandi í Eyjafirði, sem er undan Keili frá Miðsitju og Lukku frá Búlandi, sem er sammæðra heimsmeistararum og gæðingnum Klakk frá Búlandi. Hlutirnir eru 50 og er fjórðungur þeirra seldur. Rammi er á fjórða vetur og hefur því enn ekki verið sýndur fyrir dómi en sérstök sýning var haldin fyrir hluthafa síðastliðnu helgi. Föllinn kynnti sig mjög vel, rúmur og hágengur á tölti, brokkið efnilegt, viljugur og skapgóður. Var ekki annað að sjá á við-

stöddum en að þeir væru ánægðir með fjárfestinguna. Hesturinn verður að forfallalaus sýndur í vor og ef fer sem horfir þurfa menn ekkert að óttast.

Frá því að fyrsta „einkahlutafélagið“ um stóðhest var stofnað, Ófeigsfélagið (882 frá Flugumýri), fyrir hartnær aldarfjórðungi hafa mörg áþekk fylgt í kjölfarið. Frægast og öflugast er Orrafélagið. Sum félögin lifa góðu lífi en önnur hafa sofnað út af eða eru lítt áberandi vegna þess að viðkomandi stóðhestur hefur ekki staðið



RAMMI Rammi frá Búlandi, knapi Ólafur Örn Þórðarson. Hlutafélag um hestinn var stofnað fyrir skömmu.

undir væntingum. Forverar einkahlutafélaga um stóðhesta voru

hrossaræktarsamböndin, sem voru landshlutaskipt, en stóðhestaæign þeirra heyrir nú nánast sögunni til.

Aðal tilgangurinn með stofnun einkahlutafélaga (eða áþekkra félaga) um stóðhesta hefur verið, eða var alla vega sá að tryggja að eftirsóttir hestar væru ekki seldir úr landi. Eina færa leiðin var að menn sameinuðust um kaupin. Eini maðurinn á Íslandi sem keypti dýra og eftirsóttá stóðhesta var Sigurbjörn Eiríksson á Stóra-Hofi, en hann keypti m.a. þá Náttfara frá Ytra-Dalsgerði og Sörla frá Sauðárkróki á sínum tíma. Síðari ár hefur hugsin á bak við kaup á hlutum í stóðhestum breyst nokkuð og er að

hluta til sú sama og þegar fólk kaupir hlutabréf í fyrirtækjum, þ.e. að fjárfesta, en einnig vilja menn tryggja sér aðgang að stóðhesti ef hann skyldi slá í gegn og ýmsir kaupa hlut í fleiri en einum hesti. Það hlýtur þó að vera umhugsunarvert hvort þetta borgar sig.

Stóðhestatískan er mjög sveiflukennd og góður dómur einn og sér tryggir ekki vinsældir. Hestur sem er „inn“ í dag getur verið „out“ á morgun. Það er ekkert gaman að eiga hluti í stóðhestum ef maður vill ekki nota þá og aðrir ekki heldur. Þá er betra að eiga hundrað þúsund kallana á bókinni sinni og geta valið úr. ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fyrirhugaðri söngleikjamynd um Wales, með Catherine Zeta-Jones í aðalhlutverki, hefur verið frestað vegna lágs gengis dollarans undanfarið. Myndin heitir Coming Out og ætla Zeta einnig að framleiða hana ásamt bróður sínum Lyndon.

Tökulið myndarinnar Four Brothers hefur þurft að beita öllum sínum kröftum til að bægja ágengum ljósmyndurum frá Sophie Vergara, sem fer þar með aðalhlutverkið. Ástæðan er sú að Vergara er sögð eiga í ástarsambandi við stórstjórnuna Tom Cruise og vonast ljósmyndarnir til að ná fyrstu myndunum af þeim saman.

Leikarinn Leonardo DiCaprio leyddi mörgum klukkustundum í að æfa upp tapbrosið fyrir síðustu

Óskarsverðlaunafhendingu. DiCaprio var tilnefndur sem besti leikarinn en tapaði fyrir Jamie Foxx eins og hann hafði búist við. „Það kom mér ekkert á óvart að

Jamie fékk verðlaunin. En ég vissi að myndavélarnar yrðu á mér þegar hann fengi verðlaunin þannig að ég var reiðubúinn. Þeir sem segjast ekki æfa viðbrögð sín eru lygarar,“ sagði hann.

Bandaríska alríkislögreglan, FBI, hefur lokið rannsókn sinni á morðinu á rappstjórninni

Notorious B.I.G. sem var framið 1997. Lengi voru uppi vangaveltur um að lögreglumaður hefði átt þátt í verknadnum en FBI fann engar sannanir þess efnis.

Leik- og söngkonan Juliette Lewis ætlar í tónleikaferð um Bretland í næsta mánuði ásamt hljómsveit sinni Juliette and the Licks. Ný stuttskífa sem nefnist Like a Bolt of Lightning er væntanleg 28. mars frá sveitinni en þann 16. maí kemur síðan stór plata sem heitir You're Speaking My Language. Lewis, sem er best þekkt fyrir hlutverk í myndum á borð við Natural Born Killers og Cape Fear, söng eitt lag á síðustu plötu Prodigy sem hefur notið nokkurra vinsælda.

# Er vorhugur í húsfélaginu?



**Inngönguþilboð!**  
Nýjum húsfélögum býðst ókeypiss mánaðargjald fyrstu sex mánuðina.

## Íslandsbanki býður hagstæð framkvæmdalán

Framkvæmdalán Íslandsbanka eru hagkvæm og einföld leið til að fjármagna framkvæmdir við húseignina. Lánin eru á hagstæðum kjörum og öll umsýsla einföld og þægileg. Það er því auðvelt fyrir alla íbúana að öðlast yfirsýn yfir stöðu sína gagnvart framkvæmdunum.

Húsfélagþjónusta Íslandsbanka er framúrskarandi. Ef ætlunin er að ráðast í framkvæmdir á næstunni, byggja upp framkvæmdasjóð eða einfaldlega að ná heildaryfirsýn yfir fjármál húsfélagsins þá er Íslandsbanki rétti samstarfsaðilinn.

Kynntu þér framkvæmdalánin og húsfélagþjónustuna á [isb.is](http://isb.is) eða í síma 440 4000.

### Húsfélagþjónustan í hnotskurn:

- Sérstakur þjónustufulltrúi heldur utan um málin
- Greiðsluáætlun fyrir hverja íbúð
- Innheimtuþjónusta
- Sérhannaður Félagabanki á [isb.is](http://isb.is)



## Fjölmiðlalandslag A-Evrópu

Fjölmiðlar gegndu lykhillutverki í umskiptum þeim sem fall Járntjaldsins leiddi yfir þjóðfélög austantjaldslandanna fyrirverandi. Hið nýfengna frelsi undan oki ritskoðunar og pólitískrar ofstýringar sovethollra valdhafanna á allri fjölmiðlun ól af sér fjölskrúðuga flóru nýrra miðla. Í mörgum þessara landa fór þó fljótlega svo, að gömlu Flokksmálgögnin – stundum með breyttu nafni – festu sig í sessi sem leiðandi miðlar á hinum nýju tímum, undir breyttu eignarhaldi og nýrri ritstjórnarstefnu. Auðunn Arnórsson blaðamaður ætlar að lýsa þessu nýja fjölmiðlalandslagi Mið- og Austur-Evrópu og þróun þess í erindi sem hann flytur á Félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri, sem haldið verður í stofu L201 á Sólborg við Norðurlóð í hádeginu í dag. Auðunn hefur sjálfur heimsótt ritstjórnir margra þeirra dagblaða sem sagt verður frá. Hann lauk MA-gráðu í sagnfræði og stjórn málafræði frá háskólanum í Freiburg í Breisgau í Þýskalandi 1994 og Master of European Studies-gráðu frá Evrópuháskólanum í Brugge í Belgíu 1996.



### EKKI MISSA AF...

... gamanleikritinu **Vodkákúrnum** í Austurbæ, þar sem **Helga Braga** og **Steinn Ármann** fara á kostum. Síðasta sýning er áætluð á laugardaginn.

... **Öxinni og jörðinni**, sögu Jóns Arasonar biskups í Þjóðleik-húsinu, sem gerð er eftir samnefndri bók **Ólafs Gunnarssonar**. Sýningum er að ljúka.

... tveimur ljósmyndasýningum í Gerðarsafni í Kópavogi, sem lýkur um helgina. Önnur er hin árlega sýning Blaðaljósmyndarafélags Íslands, **Mynd ársins**, en hin er sýning á ljósmyndum **Ragnars Axelssonar**.

# menning

menning@frettabladid.is

**GRJÓTHARÐIR ÖRFÁ SÆTI LAUS LAUGARDAGSKVÖLD!**

**Stóra sviðið kl. 20.00**

**ÖXIN OG JÖRDIN** - Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.  
Fim. 17/3 örfá sæti laus. Síðasta sýning.  
**EDITH PIAF** - Sigurður Pálsson  
Fös. 18/3 uppselt, sun. 20/3 60. sýning uppselt, lau. 2/4 uppselt, fim. 3/4 uppselt, fim. 7/4 örfá sæti laus, fös. 8/4 uppselt, lau. 16/4 örfá sæti laus, lau. 23/4 örfá sæti laus, lau. 30/4, lau. 7/5, fim. 12/5 nokkur sæti laus.  
**MÝRARLJÓS** - Marina Carr  
10. sýn. lau. 19/3 örfá sæti laus, 11. sýn. fim. 31/3 örfá sæti laus, fös. 1/4 nokkur sæti laus, lau. 9/4.  
**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.  
Sun. 20/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 3/4 14:00 örfá sæti laus, sun. 10/4 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 17/4.  
**Smiðaverkstæðið kl. 20.00**

**GRJÓTHARÐIR** - Hávar Sigurjónsson  
Lau. 19/3 örfá sæti laus, fim. 31/3 örfá sæti laus, fös. 1/4 örfá sæti laus, mið. 6/4 uppselt, lau. 9/4 nokkur sæti laus, fim. 14/4 uppselt.  
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Vefang: www.leikhusid.is  
Opíð kl. 12:30-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 12:30-20:00. Simapantanir frá kl. 10:00 virka daga.  
Þjóðleikhúsið sími 551-1200

### TÓNLEIKAR



TRÍÓ SUNNU GUNNLAUGS Hilmar Jónsson, Sunna Gunnlaugsdóttir og Ragnheiður Gröndal flytja angurværa tónlist á Hádegistónleikum í Norræna húsinu.

## Sunna fer rólega af stað

„Þetta er glænýtt band og við ætlum að flytja nýtt efni,“ segir Sunna Gunnlaugsdóttir djasspíanóleikari, sem verður með tónleika í Norræna húsinu í hádeginu í dag ásamt þeim Hilmar Jónssyni gítarleikara og Ragnheiði Gröndal söngkonu.

„Reyndar er eitt lag eftir Hilmar gítarleikara sem er ekki alveg nýtt, en það flytjum við í nýjum búningi. Síðan eru tvö lög eftir Ragnheiði og þrjú eftir mig.“

Þetta verða fyrstu tónleikar Sunnu eftir að hún flutti aftur til Íslands eftir að hafa búið í Bandaríkjunum í meira en áratug. Heimkoma hennar þykir mikill fengur í djassgeiranum, því Sunna hefur um árabíl verið í

fremstu röð íslenskra djassleikara. Hún hefur spilað með eigin kvartett, sem hefur haft aðsetur í New York en farið í tónleikaferðir víða um Bandaríkin og Evrópulönd.

Hún hefur sent frá sér fjórar hljómplötur, að mestu leyti með frumsömdu efni, og hafa þær allar fengið glimrandi dóma hjá gagnrýnendum. Eiginmaður hennar, trommu-leikarinn Scott McLemore, hefur spilað með henni í kvartettinum og hann er að sjálfsögðu einnig fluttur til landsins.

„Kvartettinn verður áfram starfandi, en með hléum,“ segir Sunna. „Við höfum hvort eð er mest verið að spila í Evrópu undanfarið og það heldur áfram.“

Nýja hljómsveitin fer rólega af stað með tónleikum núna í hádeginu, sem verða aðeins hálf-tíma langir.

„Mér fannst gaman að byrja svona, setja saman nýtt band og fara rólega af stað. Þessir tónleikar verða svona í angurværi kantinum. Það verður fínt fyrir fólk að koma í hádeginu til að slappa aðeins af.“

Pau Sunna, Hilmar og Ragnheiður hafa fullan hug á að halda áfram samstarfinu, þótt engu hafi verið slegið föstu enn sem komið er.

„Við höfum bara verið að æfa og prófa okkur áfram með efni. Það er að koma nokkuð góð mynd á þetta.“

**BORGARLEIKHÚSIÐ**  
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

**STÓRA SVIÐ**

**DRAMLEIKUR**  
e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.  
Lau 19/3 kl 20, Su 20/3 kl 20, Lau 9/4 kl 20, Su 10/4 kl 20

**HÍBÝLI VINDANNA**  
leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar  
Fi 17/3 kl 20, Fi 7/4 kl 20,  
Fö 8/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20, Su 17/4 kl 20  
Fi 21/4 kl 20, Fö 22/4 kl 20, Lau 30/4 kl 20

**HÉRI HÉRASON**  
e. Coline Serreau  
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20

**LÍNA LANGSOKKUR**  
e. Astrid Lindgren  
Lau 2/4 kl 14 - Aukasýning  
Su 3/4 kl 14 - Aukasýning  
Lokasýningar

**HOUDINI SNÝR AFTUR**  
Fjölskyldusýning um páskana.  
Mi 23/3 kl 20, Fi 24/3 kl 15, Fi 24/3 kl 20,  
Lau 26/3 kl 15, Lau 26/3 kl 20

**LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA**  
- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI  
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin  
Kl 18:30 Kynniserfð um leikhúsið  
- kynning á verki kvöldsins  
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins  
Kl 20:00 Leikisýning kvöldsins  
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKID Í TÍMA

**NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/PRÍDIA HÆÐIN**

**SEGÐU MÉR ALLT**  
e. Kristínu Ómarsdóttur  
Lau 19/3 kl 20, Su 20/3 kl 20, Fö 1/4 kl 20

**AUSA eftir Lee Hall**  
Í samstarfi við LA.  
Su 20/3 kl 20, Su 3/4 kl 20  
- Ath: Miðaverð kr. 1.500

**AMERICAN DIPLOMACY**  
eftir Þorleif Örn Arnarsson. Í samstarfi við Hið lífandi leikhús.  
Fö 18/3 kl 20, Fi 31/3 kl 20, Fö 1/4 kl 20  
**Síðustu sýningar**

**SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR**  
eftir Agnar Jón Egilsson. Í samstarfi við TÓBIAS.  
Fi 17/3 kl 20 **Síðasta sýning**

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**  
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.  
Fö 18/3 kl 20 - UPPSELT,  
Lau 19/3 kl 20 UPPSELT,  
Su 20/3 kl 21 BREYTTUR SÝNINGARTÍMI!  
Mi 23/3 kl 20, Fi 24/3 kl 20,  
